


skoðun 24

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Bólstrun








# FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
6. september 2012
209. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


# Geysisbændur í fjárfestingar

**Landeigendur í Haukadal stofnuðu í gær félag um uppbygginguna Geysissvæðisins. Miklar framkvæmdir fyrirhugaðar. Gæti skapað sex til tíu heilsárssstörf. Kannanir sýna að ferðamenn eru ekki fráhverfir gjaldtöku.**

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur meirihluta Geysissvæðisins í Haukadal ætla að ráðast í miklar framkvæmdir og fjárfestingar á svæðinu.

Á næstunni stendur til að efna til samkeppni um framtíðarskipulag svæðisins. Þeir hafa auk þess látið gera þjónustukannanir á svæðinu í sumar þar sem fram hefur komið að ferðamenn hafa verið undrandi á því að ekki skuli vera gjaldtaka þar. Starfsemin á að skapa sex til tíu heilsársstörf.

Stofnfundur Landeigendafélags Geysis ehf. var haldinn í gær. Að félaginu standa eigendur 65 prósenta hverasvæðisins í Haukadal sem ákváðu í fyrra að hefja undirbúning að því. Formaður stjórnar er Bjarni Karlsson, barnabarn Bjarna Sigurðssonar frá Geysi.

**75%** Erlendra ferðamanna sem koma til Íslands heimsækja Geysissvæðið, samkvæmt nýlegri rannsókn.

Íslenska ríkið, sem á 35 prósent af landinu, er ekki á meðal eigenda félagsins.

Í minnisblaði sem landeigendurnir, að undanskildu íslenska ríkinu, sendu Drífu Kristjánsdóttur, oddvita Bláskógabyggðar, í lok maí, segir að ljóst sé að hverasvæðið við Geysi í Haukadal hafi látið á sjá í áranna rás. Megintilgangurinn verði að vernda og skipuleggja svæðið með tilliti til „þeirrar miklu aukningar ferðamanna sem koma til landsins allt árið. Nýlegar rannsóknir sýna að 75 prósent erlendra ferðamanna sem koma til Íslands heimsækja svæðið. Skipuleg uppbygging getur því ekki beðið lengur." Því hafi þeir ákveðið að stofna félag um hverasvæðið sem sjái um verndun, uppbyggingu, framkvæmdir og rekstur á svæðinu. Ljóst sé „að um mikla fjárfestingu er að ræða auk viðhalds á komandi áratugum".

Garðar Eiríksson, talsmaður landeigendafélagsins, segir að formanni og varaformanni stjórnar þess hafi verið falið að stíga fyrstu skref í þessa átt fyrir næsta stjórnarfund. „Næsta skref verður síðan að fara í viðræður við ríkið um samstarfssamning vegna þess að þarna þarf uppbyggingu sökum fjölgunar ferðamanna. Ágangurinn er orðinn það mikill, enda heimsækir um hálf milljón manns svæðið árlega."

Spurður hvort til standi að hefja gjaldtöku inn á Geysissvæðið til að standa undir kostnaði við fyrirhugaðar framkvæmdir segir Garðar það verkefni stjórnar félagsins að taka ákvörðun um það þegar fram í sækir. „Við höfum gert þjónustukannanir á svæðinu í sumar. Það má orða það þannig að margur ferðamaðurinn er undrandi yfir því að það skuli ekki vera gjaldtaka á ferðamannasvæðum á Íslandi yfirhöfuð." **- þsj / sjá síðu 10**



## Með víðáttubrjálæði

*Brynja Sóley Plaggenborg sat í fjóra sólarhringa fyrir utan ferðaskrifstofu og hreppti heimsreisu.*

**fólk 62**

## Gríðarlegur ójöfnuður

*Anna Elísabet Ólafsdóttir býr og starfar í Tansaníu.*

**tímamót 38**



## Hver á að skora mörkin?

*Margrét Lára verður ekki með í lokaleikjunum í undankeppni EM.*

**sport 58**

**veðrið í dag**




**KÓLNAR Í VEÐRI** Í dag má víða búast við norðvestan 5-13 m/s en vindur verður hægari allra vestast. Léttir til sunnan- og austantil en fremur skýjað og stöku skúrir norðanlands. Kólnandi, einkum NV-til.

**VEÐUR 4**



**LAGAÐ Í LAUGARDAL** Kristinn V. Jóhannsson, vallarstjóri á Laugardalsvelli, var við störf í gær ásamt starfsmanni, við að búa völlinn undir landsleik Íslands og Noregs annað kvöld. Kristinn sagði völlinn vera í góðu ástandi, en nokkuð blautan. Veðurspá lofaði þó góðu þar sem stytta á upp fyrir leikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólæknandi áhugi á músík:

## Tónelskir læknar stíga á svið

**TÓNLIST „Við komum eiginlega ekki fleirum að. Það voru menn sem komust ekki að núna sem geta fyllt annað kvöld," segir hjartalæknirinn og tónlistarmaðurinn Helgi Júlíus Óskarsson um fyrsta hluta nýju tónleikaraðarinnar Tónelskir læknar taka lagið.**



HELGI JÚLÍUS ÓSKARSSON

**Eins og nafnið bendir til er um að ræða vaskan hóp lækna sem tekur sér frí frá sínum krefjandi læknastörfum til að stíga á svið á Café Rosenberg á mánudagskvöldið. Auk Helga koma meðal annarra fram þeir doktor Haukur Heiðar Hauksson úr Diktu, sem leikur eigin lög, og hjartalæknirinn Ragnar Danielsen, upprunalegur meðlimur Stuðmanna.** **- fb / sjá síðu 62**

Aukin sala mjólkurafurða í ágúst meðal annars rakin til fjölgunar ferðamanna:

# Rjóminn rennur út á bláberin

**VERSLUN** Sala á smjöri jókst um 20 prósent í ágúst miðað við sama tíma í fyrra.

Þá varð almenn aukning á sölu íslenskra mjólkurafurða í nýliðnum mánuði. Þetta kemur fram á vef Landssambands kúabænda.

Sala á rjóma jókst einnig, en í fyrrnefndri frétt segir að vafalaust megi rekja það að hluta til góðrar bláberjasprettu í sumar.

Þá var aukning í sölu á drykkjarmjólk sem er að hluta til rakin til þess að farið var að selja fernur með skrúfutappa. Sigurður Loftsson stjórnarformaður Landssambands kúabænda, er að vonum ánægður með aukninguna í sumar.

„Sumarmánuðirnir hafa gengið vel og fjölgun ferðamanna hér á landi virðist vera að skila sér í aukinni sölu á mjólkurafurðum," segir Sigurður í samtali við Fréttablaðið. **- þj**











## SPURNING DAGSINS



*Sigtryggur, ertu alveg í rusli?*

„Já, ég er alveg í rusli að vera með ónýta hægri öxl og geta ekkert gert nema með vinstri hendinni á þessum ömurlegu pólitísku tímum."

Sigtryggur Helgason, sem kominn er á níræðisaldur og er axlarbrotinn, hefur í sumar lagt mikla vinnu í að halda Hlyngerði og hverfinu í kring snyrtilegu með því að tína rusl og uppræta illgresi.

Fjölskylda sem er föst í Kólumbíu á að fá stuðning, segir Íslensk ættleiðing:

# Gætu liðið mánuðir til viðbótar

**SAMFÉLAGSMÁL** Nokkrir mánuðir til viðbótar gætu liðið þar til íslenskt fólk, sem ættleiddi tvær stúlkur frá Kólumbíu, fær úrlausn sinna mála. Hjónin, Bjarnhildur Hrönn Níelsdóttir og Friðrik Kristinsson, hafa verið föst með stúlkurnar í Kólumbíu síðan í desember í fyrra.

Hörður Svavarsson, formaður Íslenskrar ættleiðingar, segir að hjónin hafi gert allt rétt í málinu og séu í góðu samstarfi við ættleiðingaryfirvöld ytra.

Hjónin hittu dómara í yfirrétti Medellin-borgar um miðjan ágúst, að því er fram kemur á upplýsingasíðu þeirra. „Þetta fer á annað dómsstig sem getur tekið einhverja mánuði. Þau eru bara barna úti og það kostar þau peninga og þetta er náttúrulega alveg ömurlegt," segir Hörður. Félagið hefur reynt að styrkja þau, en er mjög fjársvelt.



HÖRÐUR SVAVARSSON

„Við höfum verið í samræðum við ráðuneytið um að það ætti að leggja þessu fólki til einhvern stuðning. Þar eru allir af vilja gerðir og hafa samúð með þeim í þessum aðstæðum." Hörður segir hins vegar að ekkert hafi verið afgreitt af hálfu ráðuneytisins. „Utanríkisþjónustan hefur nú sýnt það að hún getur lagt Íslendingum lið þegar þeir lenda í erfiðleikum erlendis, eru settir í fangelsi og svona, þá finnst okkur að það eigi líka að styðja þessa samborgara okkar."

- þeb

Reynt að fá Íslending heim:

## Hefur verið tvö ár fangi á Spáni

**DÓMSMÁL Íslendingur um sextugt, sem á við andlega vanheilsu að stríða, hefur setið í fangelsi á Spáni um tveggja ára skeið. Í innanríkisráðuneytinu er nú unnið að því að koma manninum heim til þess að ljúka afplánun hér á landi.**

**Fréttastofa Stöðvar 2 skýrði frá þessu í gær. Jafnframt kom fram að maðurinn var handtekinn sumarið 2010 á flugvellinum í Malaga. Fundust rúm fimm kíló af kókaíni í ferðatösku hans.**

- gb

Harður jarðskjálfti á Kostaríka:

## Olli skelfingu og hús hrundu

**KOSTARÍKA, AP** Öflugur jarðskjálfti, sem mældist 7,6 stig, varð á Kostaríka í gær. Nokkur hús hrundu, umferðarteppur mynduðust og mikil skelfing greip um sig. Að minnsta kosti einn maður lést af völdum hjartaáfalls.

Laura Chinchilla, forseti landsins, sagði engar fréttir hafa borist af meiriháttar tjóni og hvatti fólk til að sýna stillingu.

Gefin var út viðvörun um flóðbylgju á vesturströnd Mið-Ameríku, en sú viðvörun var afturkölluð nokkru síðar.

- gb



**EFTA DÓMSTÓLLINN** Munnlegur málflutningur í Icesave-málinu hefst um miðjan mánuðinn.

Icesave-málið fyrir dómi:

## Munnlegur málflutningur eftir tvær vikur

**ICESAVE Munnlegur málflutningur í Icesave-málinu fyrir EFTA-dómstólnum í Lúxemborg mun hefjast þriðjudaginn átjánda september næstkomandi.**

**Eins og kunnugt er snýst málið um kæru Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) vegna meintra brota á tilskipun um innistæðutryggingar í tengslum við Icesave-reikninga Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.**

**ESA höfðaði mál gegn íslenskum stjórnvöldum í desember í síðasta ári og Ísland hefur lagt fram skriflega málsvörn.**

- þj

# Vilja fá leigubílaskýli í Lækjargötuna aftur

**Leigubílstjórar segja veifandi farþega um allar götur skapa hættu sem minnka mætti með því að setja að nýju upp biðskýli í Lækjargötu. Borgarfulltrúar eru sagðir hafa takmarkaðan skilning á málinu og útskýringar þeirra furðulegar.**

**SAMGÖNGUR** „Fólk getur beðið í þessu skýli í marga sólarhringa án þess að fá leigubíl," segir Jóhann Sigfússon, formaður Bifreiðastjórafélagsins Átaks, um safnskýli fyrir leigubílafarþega í Hafnarstræti.

Haustið 2009 var safnskýlið, sem þá hafði um langt árabil staðið í Lækjargötu, flutt á núverandi stað. Þar á fólk að safnast í röð til að fá leigubíl á nóttunni um helgar. Á árinu 2010 gekk Jóhann ásamt leigubílstjóranum Árna Arnari Óskarssyni á fund fulltrúa borgarinnar til að ræða þessa breytingu sem þeir töldu afar misráðna.

„Þeir sögðust vera búnir að átta sig á að þetta væru mistök en báru við peningaskorti þegar við báðum um að skýlið yrði flutt aftur í Lækjargötu. Borgin virðist enn ekki telja sig hafa efni á að færa skýlið en hefur á sama tíma peninga til að hefja strætisvagnaferðir til Akureyrar," segir Jóhann.

Núverandi staðsetningu skýlisins segja þeir Jóhann og Árni, sem báðir aka hjá BSR, óhentuga vegna aðkomunnar að því. „Við náum aldrei að keyra alla leið um miðbæinn að þessu skýli án þess að taka upp farþega," segir Jóhann og útskýrir þannig hvers vegna fólk geti beðið von úr viti við skýlið í Hafnarstræti án þess að fá leigubíl.

Árni segir „furðulegar" útskýringar og skilningsleysi hafa mætt þeim hjá borginni. „Þeir ætluðust til að við leigubílstjórarnir keyrðum Snorrabrautina, Hverfisgötuna, Lækjargötuna, Geirsgötuna og síðan Tryggvagötuna til að nálgast okkar kúnna í skýlinu í Hafnarstræti. Það er bara aldeilis ekki þannig: Við förum skjótustu og auðveldustu leiðina til að nálgast okkar kúnna; það er að segja Miklubraut, Hringbraut, Sóleyjargötu, Fríkirkjuveg. Þeir sem losna norðan við koma Sæbrautina," segir Árni og kveður hlægilegt að „einhverjir skrifpinnar" sem þekki ekki málavexti haldi sig geta leyst málin.



**FARÞEGARÖÐIN Í LÆKJARGÖTU** Leigubílstjórar segja það bæði tímafrekara og hættumeira að koma næturgestum miðborgarinnar til síns heima eftir að þetta skýli var flutt úr Lækjargötu í Hafnarstræti. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

> Fólk getur beðið í þessu skýli í marga sólarhringa án þess að fá leigubíl.
>
> JÓHANN SIGFÚSSON
> FORMAÐUR ÁTAKS

„Þegar skýlið var við Lækjargötu höfðum við þá reglu að aka ekki um Sóleyjargötu og Fríkirkjuveg með laus-skiltið uppi á nóttunni til þess að fólk væri ekki að reyna að ná bílum þar. Við vorum búnir að ala næstum alla Reykvíkinga upp í því bíða þolinmóðir í skýlinu eftir leigubíl. Þar var skipulag sem virkaði með vörðum sem gættu þess að allt færi fram eins og til var ætlast. Núna er meiri hætta á að fólk rangli beint fyrir bílana hjá okkur til að reyna að stoppa þá," segir Jóhann Sigfússon.

Ekki náðist tal af verkfræðingi hjá umhverfis- og samgöngusviði sem vísað var á vegna málsins hjá borginni í gær.

gar@frettabladid.is

## Lést í Jökulsá í Lóni

Maðurinn sem fannst látinn eftir að hann féll af baki í Jökulsá í Lóni á mánudagskvöld hét Ingólfur Vopni Ingvarsson. Hann var 53 ára, búsettur á Höfn í Hornafirði og lætur eftir sig eiginkonu og þrjú börn.

Ingólfur var í hestaferð ásamt hópi manna þegar slysið varð. Félagar hans lentu í sjálfheldu á eyri í ánni en var bjargað um kvöldið upp í þyrlu Landhelgisgæslunnar.

Björgunarsveitarmenn:

## Sóttu þreytta og blauta göngumenn

**BJÖRGUN** Björgunarsveitarmenn úr Rangárvallasýslu þurftu að sækja þreyttan mann á Laugaveginn í gær.

Maðurinn treysti sér ekki til að ganga lengra og fóru björgunarsveitarmenn á þremur bílum á svæðið til að sækja hann.

Þá drógu björgunarsveitarmenn frá Hvolsvelli bíl upp úr Kirkjufellsósi í nágrenni Landmannalauga. Jafnframt þurfti að flytja blautt göngufólk niður að Skógum.

Slysavarnarfélagið Landsbjörg bendir fólki á að nú fari ört kólnandi á hálendinu og reikna megi með mikilli úrkomu. Fólk þurfi því að búa sig vel og gæta fyllstu varúðar.

- þeb

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Stal 10 milljónum af KPMG**

Tæplega fimmtug kona var í gær dæmd í átta mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að draga sér tæplega tíu milljónir króna frá endurskoðunarfyrirtækinu KPMG.






Flokksþing demókrata í Charlotte í Norður-Karólínu nær hápunkti í kvöld:

# Obama formlega útnefndur

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti mun í kvöld taka við útnefningu sem fulltrúi Demókrataflokksins í komandi forsetakosningum.

Flokksþing demókrata, sem haldið er í Charlotte í Norður-Karólínu, mun ná hámarki með ræðu Obama, en síðustu tvö kvöld hafa Michelle Obama, eiginkona forsetans, og Bill Clinton, fyrrverandi forseti, flutt ræður til stuðnings endurkjörs Obama.

Clinton hafði ekki lokið máli sínu þegar blaðið fór í prentun í gær, en í máli sínu í fyrrakvöld lagði forsetafrúin áherslu á að þau hjónin hafi fyrstu ár hjónabandsins átt í fjárhagserfiðleikum og skilji því aðstæður þeirra samlanda sinna sem berjast nú í bökkum.

Samkvæmt könnunum þykir bandarísku þjóðinni auðveldara að samsama sig Obama heldur en Mitt Romney, frambjóðanda Repúblikanaflokksins, en efnahagsmálin gætu þó orðið forsetanum að falli.

Frambjóðendurnir eru hnífjafnir þegar litið er til heildarfylgis á landsvísu, en þegar litið er til kjörmannafjölda hefur Obama talsvert forskot.

Miðað við fyrri forsetakosningar má gera ráð fyrir því að fylgi við Obama aukist eftir ræðu hans á flokksþinginu.

- þj



**FORSETAFRÚIN** Michelle Obama flutti ræðu á flokksþinginu þar sem hún þótti standa sig vel. Þar lagði hún áherslu á að hún og eiginmaður hennar hefðu upplifað margt sem almenningur gengur í gegnum nú. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

CHEVROLET

## HAGSTÆÐARA GENGI

# VIÐ LÆKKUM VERÐ UM ALLT AÐ 11,8%




Bíll á mynd er CRUZE LTZ 5 DYRA

**CRUZE LTZ**
1,8L, beinskiptur, 4 dyra.
Verð áður kr. ~~3.290.000~~
Nú kr. **2.990.000**

**VERTU MEÐ!**
KYNNTU ÞÉR **LÆGRA VERÐ** Á CHEVROLET BÍLUM!

VEGNA HAGSTÆÐARA GENGIS ÍSLENSKU KRÓNUNNAR getum við nú lækkað verð á Chevrolet bílunum um allt að **11,8%.** Komdu í heimsókn, kíktu inn á **benni.is** og kynntu þér lægra verð á Chevrolet bílum.
Þetta er þitt tækifæri til að eignast draumabílinn þinn frá Chevrolet – ***á lægra verði.***

| VERÐLÆKKUN | VERÐLÆKKUN | VERÐLÆKKUN | **NÝR BÍLL** | VERÐLÆKKUN |
|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |
| **SPARK LS**<br>1,2L, beinskiptur, 5 dyra.<br>Verð áður kr. ~~2.090.000~~<br>**Nú kr. 1.940.000** | **AVEO LTZ**<br>1,6L, sjálfskiptur, 5 dyra.<br>Verð áður kr. ~~3.090.000~~<br>**Nú kr. 2.890.000** | **CAPTIVA LT**<br>7 sæta, sjálfskiptur, disel.<br>Verð áður kr. ~~6.790.000~~<br>**Nú kr. 5.990.000** | **MALIBU LTZ**<br>2,0L, sjálfskiptur, 4 dyra.<br>Dísel, leður og sóllúga<br>**Verð kr. 5.590.000** | **ORLANDO LTZ**<br>2,0L, sjálfsk., 7 sæta, dísel.<br>Verð áður kr. ~~5.290.000~~<br>**Nú kr. 4.990.000** |

Verð áður miðast við verðlista í júlí 2012

**Er ekki kominn tími á nýjan lykil?**

LYKILL
*Nýr valkostur í bílafjármögnun*
www.lykill.is

**Opið laugardag frá kl. 12.00 til 16.00.**

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

Bílabúð Benna - Tangarhöfða 8 - 590 2000 • Njarðarbraut 9 - Reykjanesbæ - 420 3330 • Bílaríki - Glerárgötu 36 - Akureyri - 461 3636 • www.benni.is

## GENGIÐ 05.09.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,78 | 123,36 |
| Sterlingspund | 194,97 | 195,91 |
| Evra | 153,93 | 154,79 |
| Dönsk króna | 20,659 | 20,779 |
| Norsk króna | 21,05 | 21,174 |
| Sænsk króna | 18,197 | 18,303 |
| Japanskt jen | 1,5647 | 1,5739 |
| SDR | 186,64 | 187,76 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
214,9717

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Leiðtogar Tyrklands og Egyptalands gagnrýna Assad Sýrlandsforseta:

# Of seint að tala um umbætur

**SÝRLAND, AP** „Það er of seint að tala um umbætur, nú er tími kominn á breytingar," sagði Mohammed Morsi, forseti Egyptalands, um ástandið í Sýrlandi, þar sem Bashar al Assad forseti reynir enn að berja niður uppreisn. Morsi segir að Assad ætti að draga lærdóm af nýlegri sögu, og vísaði þar til byltinga víða í arabaheiminum.

Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, tók enn dýpra í árinni og sagði Sýrlandsstjórn vera orðna að hryðjuverkastjórn: „Sýrland er að ganga í gegnum mikla mannúðarharmsögu. Eins og venjulega gerir alþjóðasamfélagið því miður ekkert annað en að horfa upp á slátrunina, fjöldamorðin og útrýmingu múslima."



**STJÓRNARHERMENN** Bíða átekta í borginni Aleppo þar sem átök hafa geisað vikum saman. NORDICPHOTOS/AFP

Tyrkneska stjórnin hefur verið meðal hörðustu gagnrýnenda Sýrlandsstjórnar allar götur síðan mótmæli og uppreisn hófust í landinu snemma á síðasta ári.

Pattstaða virðist ríkja í borgarastríðinu í Sýrlandi. Hvorki uppreisnarherinn né stjórnarherinn hafa náð yfirhöndinni, en berjast af hörku í helstu borgum landsins með þeim afleiðingum að átökin hafa kostað vel á þriðja tug þúsunda lífið. - gb

Dýragarðsvörður í Tékklandi:

# Slasaður eftir dvergflóðhest

**TÉKKLAND, AP Dýragarðsvörður í Tékklandi var fluttur á sjúkrahús með þyrlu í gær eftir að hafa orðið fyrir árás dvergflóðhests.**

**Hin slasaða, Jana Myslivec-kova, var afar reynd í starfi en meiddist illa á fæti eftir viðskipti sín við dýrið. Hún hafði misst mikið blóð og var til aðhlynningar á gjörgæslu þar sem reynt var að bjarga fæti hennar.**

**Dvergflóðhestar geta vegið allt að 275 kílóum og eru náttúruleg heimkynni tegundarinnar í vesturhluta Afríku.** - þj



**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Utanríkisráðuneytið úthlutaði áttatíu milljónum til félagasamtaka í þróunarvinnu.

Styrkir til þróunarvinnu:

# 80 milljónir í átta verkefni

**HJÁLPARSTARF** Átta verkefni frá sex félagasamtökum hafa fengið úthlutað ríkisstyrkjum vegna þróunarsamvinnu. Fram kemur á vef utanríkisráðuneytisins að framlög í þessari úthlutun nemi um 80 milljónum króna.

Rauði krossinn fær styrk vegna tveggja verkefna, rúmlega átján milljónir, og SOS Barnaþorp fá sömuleiðis styrki vegna tveggja verkefna í Afríku, samtals tæplega tuttugu milljónir.

Þá fær Barnaheill 12,3 milljónir, samtökin ENZA fá 4,7 milljónir, Íslandsdeild BIZER tæpar þrjár milljónir og Hjálparstarf kirkjunnar fær 22 milljónir til þróunarvinnu í Eþíópíu. - þj

## ÁRÉTTING

Rétt söfnunarnúmer í neyðarsöfnun UNICEF á Íslandi fyrir sýrlensk börn á flótta er 1900. Með því að senda sms með skilaboðunum „unicef" í númerið styrkir fólk hjálparstarfið um 1.500 krónur.

# Íbúar telja breitt yfir neikvæð áhrif spítala

**Íbúasamtök segja að reynt sé að breiða yfir neikvæð áhrif aukinnar umferðar við nýjan Landspítala í umhverfismati. Skipulagsyfirvöld geti ekki samþykkt tillöguna. Þá sé ekki gert ráð fyrir notkun nagladekkja eða bleytu á götum.**

**SKIPULAGSMÁL** Íbúasamtök 3. hverfis, sem nær til Hlíða, Holta og Norðurmýri, segja umhverfismat á deiliskipulagstillögu um nýjan Landspítala við Hringbraut vera meingallað. Reynt sé að breiða yfir neikvæð áhrif aukinnar umferðar.

Samtökin sendu inn athugasemdir vegna tillögunnar, en frestur til þess rann út í gær. Þau benda á að í umhverfismatinu sé talið að áhrif svifryksmengunar vegna aukinnar umferðar séu óveruleg.

Sú niðurstaða fáist með því að láta útreikninga vegna svifryksmengunar eingöngu ná til útblásturs bifreiða en ekki vegslits, sem þó sé um 85 til 90% af uppsprettu svifryksmengunar. Þetta sé tekið fram í matinu.

Samtökin segja skipulagsyfirvöld ekki geta samþykkt tillöguna „þar sem skipulega er litið fram hjá uppsprettu mengunar vegna hennar og reynt er að breiða yfir neikvæð áhrif aukinnar umferðar," eins og segir í athugasemdunum.

Þá segja þau að staðallinn sem studdst sé við í hljóðvistargreiningu vegna umhverfishávaða geri hvorki ráð fyrir að hluti bifreiða aki um á nagladekkjum né þeirri staðreynd að blautt geti verið í veðri. Vitað sé að þetta auki á hávaða. Þau segja ekki hægt að samþykkja tillögu sem notist við gögn sem byggi ekki á raunverulegum aðstæðum.

Íbúasamtökin hafa áhyggjur af því að byggingin muni stórauka umferð um nærliggjandi íbúahverfi, enda sé ljóst að núverandi stofnbrautir valdi ekki aukinni umferð. Endurskoða þurfi staðsetningu spítalans, eða ráðast í gerð stokks austur fyrir Lönguhlíð og Öskjuhlíðarganga.



**LANDSPÍTALI** íbúasamtökin segja að umferð um Miklubraut, austan Bústaðavegar/Snorrabrautar, muni aukast um tæplega 50% eftir 1. áfanga spítalans.
FRÉTTABLAÐIÐ/SAMSETT MYND

Bent er á að byggingarmagn hafi aukist gríðarlega frá því að staðsetningin var samþykkt, úr 120 þúsund fermetrum í 290 þúsund fermetra. Þá hafi ekkert tillit verið tekið til breyttra áherslna í nýju aðalskipulagi.

Íbúasamtökin telja að forsendur staðsetningarinnar „hafi miðað við skipulag með hringakstur í borginni, með Holtsgöngum, Hlíðarfæti og göngum undir Öskjuhlíð og Kringlumýrarbraut."

Af þessu standi aðeins spítalinn eftir. **kolbeinn@frettabladid.is**

## Skipti um skoðun

Steinunn Valdís Óskarsdóttir var áhrifamaður í borgarstjórn Reykjavíkur þegar staðsetningu sjúkrahússins var fagnað, meðal annars með vísan í nálægð við Háskóla Íslands og eflingu miðborgarinnar. Hún hefur nú upplýst að hún telji forsendur breyttar.

„Mér er hins vegar ljúft og skylt að upplýsa að ég hef skipt um skoðun enda forsendur breyttar og fólk á að geta viðurkennt að það hafi á einhverjum tíma haft rangt fyrir sér. Ég skora hér með á þá sem ráða málum nú að hætta við þetta, það er aldrei of seint!"

Mæðgur dregnar fyrir dóm:

# Hnuplákæra á 32 blaðsíðum

**DÓMSMÁL** Mæðgur af víetnömskum uppruna hafa verið ákærðar fyrir að stela fatnaði, skóm og snyrtivörum úr verslunum fyrir um fjórtán milljónir króna á síðasta ári.

Málið er eitt stærsta þjófnaðarmál sem komið hefur upp á Íslandi, að því er sagði í fréttum Stöðvar 2 í gær. Konurnar voru staðnar að verki í Smáralind í október í fyrra og í kjölfarið fannst gríðarlegt magn af þýfi á heimili þeirra.

Ákæran á hendur þeim er 32 blaðsíður og mestmegnis upptalning á þýfinu. Við þingfestinguna í gær tóku þær sér frest til að taka afstöðu til ákærunnar. - sh

Frakkar á leið til Ramallah:

# Arafat verður grafinn upp

**PALESTÍNA, AP Hópur franskra réttarmeinafræðinga heldur á næstu dögum til Ramallah á Vesturbakkanum í því skyni að grafa upp lík Jassers Arafats, sem lengi var helsti leiðtogi Palestínumanna.**



**JASSER ARAFAT**

**Þetta fullyrðir ekkja Arafats og segist vonast til þess að þar með fáist skýring á dauða hans.**

**Banamein Arafats var heilablóðfall, en aldrei fékkst skýring á veikindum þeim sem hrjáðu hann síðustu vikurnar áður en hann dó í nóvember 2004.**

**Í síðasta mánuði sögðu svissneskir vísindamenn að leifar af pólon 210, geislavirku efni, hefði fundist á fötum hans.** - gb






## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**KÓLNANDI** Í dag ríkja NV-áttir víðast hvar en vindátt verður breytileg allra vestast. Það léttir heldur til sunnan- og austanlands en N- og NV-til má búast við skúrum á stöku stað. Á morgun og laugardaginn lítur út fyrir bjart og fínt veður víða S- og SA-lands.



Á MORGUN
10-15 m/s NV-til, annars hægari.

LAUGARDAGUR
6-15 m/s, hvassast SA-til.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 28° |
| Basel | 29° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 16° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 17° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 20° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 30° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 15° |
| París | 23° |
| San Francisco | 20° |
| Stokkhólmur | 15° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# EITT ÞAÐ BESTA FRÁ
# Panasonic




**Panasonic TXL42E5Y**

**159.990**

ÁÐUR **189.990**

## ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR
### Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

IPS LED · BRILLIANT CONTRAST · 150Hz Back Light Scanning · Vreal LIVE · CLEAR PANEL · social networking TV · USB x2 · HDMI x4 · FULL HD 1920x1080
V-Audio Surround · dlna CERTIFIED · Media Player · SMART VIERA · Made for iPhone · WiFi Ready

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

## KJÖRKASSINN



*Fórstu til útlanda í sumar?*

| | |
|---|---|
| Já | 35,9% |
| Nei | 64,1% |

**SPURNING DAGSINS ÍDAG:**

*Hefur þú nokkurn tíma unnið í Lottó eða Víkingalottó?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Vísir

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi ósáttur við stjórn Austurhafnar:

# Fær ekki upplýsingar um Hörpu

**BORGARMÁL** Kjartan Magnússon borgarfulltrúi gagnrýndi á borgarstjórnarfundi vinnubrögð bæði stjórnar Austurhafnar og nokkurra embættismanna Reykjavíkur, sem hann segir hafa neitað sér um rekstrarúttekt KPMG vegna tónlistarhússins Hörpu.

„Jafnvel eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi skýrsluna til fjölmiðla, neitaði stjórnin að afhenda undirrituðum hana,“ segir í bókun Kjartans á fundinum. „Eftir því sem næst verður komist, studdu þrír fulltrúar Reykjavíkurborgar í stjórninni umrædda ákvörðun.“

Kjartan segir það með ólíkindum að stjórn Austurhafnar „skuli kjósa að halda mikilvægum upplýsingum um fjárhag Hörpunnar frá kjörnum borgarfulltrúa. Ekki er síður ámælisvert að stjórnarmenn, skipaðir af Reykjavíkurborg skuli taka fullan þátt í því með þessum hætti að halda umræddum upplýsingum frá kjörnum borgarfulltrúa.“

Á fundinum lagði Kjartan jafnframt fram fimm fyrirspurnir um fjárhag Hörpunnar og þau vinnubrögð sem ástunduð hafa verið í tengslum við húsið. - gb



**HARPA** Kjartan segir vinnubrögð embættismanna ámælisverð.

Kom höfundum ekki á óvart:

# Barstarfsmenn drekka óhóflega

**SVÍÞJÓÐ Starfsmenn veitingahúsa og bara í Svíþjóð eru líklegri til þess að drekka óhóflega mikið en aðrir. Þetta kemur fram í nýrri sænskri rannsókn.**

**Ungar konur á aldrinum 18 til 29 ára eru í mestri hættu, en 82 prósent þeirra drukku „hættulega mikið magn af áfengi“. Í heildina þóttu 63 prósent starfsmanna drekka hættulega mikið.**

**Niðurstöðurnar komu ekki á óvart, sagði Thor Norström, einn höfunda rannsóknarinnar í samtali við AFP fréttastofuna. - þeb**

FRÁBÆRT VERÐ!

DUBLIN

1. - 5. NÓV. - 4 DAGA FERÐ

ÚRVAL-ÚTSÝN



Verð frá:

83.900 kr.

á mann m.v 2 fullorðna í tvíbýli í 4 nætur á Bewleys Ballsbridge með morgunmat inniföldum

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

LÁGMÚLA 4 108 RVK
SÍMI 585 4000
URVALUTSYN.IS





**SKIPTAR SKOÐANIR** Gunnlaugur, til vinstri, mætti í dóminn ásamt lögmönnum sínum, feðginunum Skúla Bjarnasyni og Erlu Skúladóttur. Til hægri sést Teitur ræða við lögmann sinn, Sigríði Rut Júlíusdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Segir blogg Teits hafa lagst þungt á ættina

**Gunnlaugur Sigmundsson segir trúverðugleika sinn hafa beðið hnekki af bloggfærslu Teits Atlasonar. Jón Baldvin Hannibalsson bar fyrir rétti um minnisblað utanríkisráðuneytisins þar sem sagði frá ýmsu „vafasömu“ varðandi Kögun.**

**DÓMSMÁL** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, fékk afhent minnisblað frá starfsmönnum varnarmálaskrifstofu ráðuneytisins mánuði áður en hann lét af embætti árið 1995 þar sem lýst var einu og öðru „vafasömu“ í starfsemi Kögunar.

Meðal þess sem þar sagði var að hlutir í fyrirtækinu væru óðum að færast á hendur Gunnlaugs M. Sigmundssonar og fjölskyldu hans í stað þeirrar dreifðu eignaraðildar sem kveðið var á um í upphaflegum samningum um stofnun Kögunar. Jón Baldvin sagði jafnframt að sér hefði aldrei gefist tími til að óska frekari skýringa á málinu.

Þetta kom fram við aðalmeðferð meiðyrðamáls Gunnlaugs gegn bloggaranum Teiti Atlasyni í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Gunnlaugur stefndi Teiti fyrir bloggfærslu þar sem hann sagði Gunnlaug eiga auð sinn undir pólitískum tengslum og að hann hefði, sem þingmaður, komið sér þannig fyrir að hann hefði öðlast innherjaupplýsingar um Kögun og að endingu sölsað fyrirtækið undir sig.

Gunnlaugur sagði fyrir rétti í gær að hann hefði verið þekktur sem heiðarlegur og góður rekstrarmaður og að ummæli Teits hefðu dregið úr trúverðugleika hans. „Þetta hefur í rauninni tætt sundur líf fólks,“ sagði Gunnlaugur, og kvað málið hafa lagst þungt á konu sína, sem einnig er stefnandi í málinu, móður hennar og sum börn þeirra.

Gunnlaugur og lögmenn hans spurðu jafnframt að því hvernig hann hefði mögulega getað misnotað stöðu sína sem þingmaður á árunum 1995 til 1999 til að komast yfir upplýsingar mörgum árum áður.

Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögmaður Teits, fór fram á að málinu yrði vísað frá dómi á þeim grundvelli að kröfugerðin væri allt of óskýr og víð og ekki væri eðlilegt að leggja það á herðar dómara að sigta meint meiðyrði út úr lengri, samfelldum texta.

Sigríður Rut benti á að Kögunarmálið svokallaða hefði verið til umræðu í samfélaginu í nærfellt tvo áratugi og að mannorð Gunnlaugs hefði ekki beðið meiri hnekki af bloggfærslu Teits en af annarri umræðu um málið, til dæmis blaðagrein í Morgunblaðinu árið 1998 sem var grunnurinn að bloggfærslunni og ekki hefði verið höfðað meiðyrðamál út af.

Þá útskýrði Sigríður Rut að tjáningarfrelsið væri rækilega varið af stjórnarskránni og mannréttindasáttmálum og að knýjandi þörf þyrfti að vera fyrir að takmarka það. Sú þörf væri ekki fyrir hendi í þessu máli. stigur@frettabladid.is



**GAMLIR VINIR** Lögmenn Gunnlaugs bentu oftar en einu sinni á það að vitnisburð Jóns Baldvins Hannibalssonar bæri að skoða í því ljósi að hann væri góður vinur Atla Heimis Sveinssonar, föður Teits, til áratuga.

*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

# Hagnýtt bókhald

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 580 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 17. september (9:00-12:00)
Kvöldnámskeið hefst 27. september (18:30-21:30) Verð aðeins 109.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.500 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is




## Athugasemd frá Fréttablaðinu

Á meðal gagna í málinu er fyrsta fréttin af málsókn Gunnlaugs, sem birtist í Fréttablaðinu 8. júní í fyrra. Teitur og verjandi hans halda því fram að með því að fara óbliðum orðum um Teit í viðtali við Fréttablaðið hafi Gunnlaugur gert sig útsettari en ella fyrir óvæginni umfjöllun af hálfu Teits.

Gunnlaugur sagði fyrir dómi í gær að um óformlegt spjall hans við blaðamann hefði verið að ræða, hann hefði ekki veitt leyfi fyrir því að vitnað yrði til orða hans og að hann hefði í samtalinu sagt að Teitur hefði hegðað sér „eins og galinn maður“, frekar en að hann væri galinn maður.

Af þessu tilefni vill Fréttablaðið taka fram að upptaka er til af samtalinu. Þar kynnir blaðamaður sig sem slíkan og ræðir stuttlega við Gunnlaug um tilefni málshöfðunarinnar, án þess að nokkur fyrirvari sé gerður um að viðtalið skuli ekki sett á prent. Samtalið er nákvæmlega haft eftir í blaðinu og Gunnlaugur hefur aldrei – fyrr en í dómssal í gær – gert athugasemd við fréttina.



Gunnlaugur M. Sigmundsson stefnir bloggaranum Teiti Atlasyni fyrir meiðyrði:

„Eitt allsherjarbull í gölnum manni“

DÓMSMÁL Gunnlaugur M. Sigmundsson, fyrrverandi alþingismaður, hefur stefnt bloggaranum Teiti Atlasyni fyrir meiðyrði. Tilefnið er bloggfærsla sem Teitur skrifaði 16. febrúar síðastliðinn um viðskipti Gunnlaugs á tíunda áratuginum.

„Þetta er eitt allsherjarbull í gölnum manni þannig að það er ekkert annað að gera,“ segir Gunnlaugur um stefnuna.

Bloggfærslan var undir yfirskriftinni „Formaður Framsóknarflokksins og hræðslan“ en henni hefur nú verið breytt og inniheldur einungis þrettán ára gamla umfjöllun úr Morgunblaðinu um málefni fyrirtækisins Kögunar, sem Gunnlaugur fór fyrir.

„Þetta snýst um það að sonur minn segir að ríkisstjórnin sé hrædd og þá snýr hann þessu upp á fjölskyldu Sigmundar, það er að segja mig og konuna mína – að ég hafi notað aðstöðu mína sem þingmaður til þess að komast að innherjaupplýsingum og frétt af stórum samningi við NATO,“ segir Gunnlaugur um bloggfærsluna, en hann er faðir Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, formanns Framsóknarflokksins.

Gunnlaugur segist hafa boðið Teiti sættir en þeim hafi Teitur hafnað. „Hann virðist telja að þar sem ég hafi einu sinni verið opinber persóna þá sé honum heimilt að kasta í mig hvaða skít sem er,“ segir hann. Hann vildi ekki tjá sig frekar um stefnuna og vísaði á lögmann sinn, Erlu Skúladóttur.

Erla staðfesti að málið hefði verið höfðað og það yrði þingfest 28. júní en vildi ekki tjá sig að öðru leyti og kvaðst ekki vilja reka málið í fjölmiðlum.

Hvorki náðist í Teit né lögmann hans í gær. - sh

TEITUR ATLASON

GUNNLAUGUR M. SIGMUNDSSON



# weather report™ VANDAÐAR ÚLPUR

- ✓ Einstaklega hlý úlpa úr vatnsfráhrindandi efni.
- ✓ Tveggja sleða rennilás.
- ✓ Þrenging um snúrugöng í faldi og mitti.
- ✓ Stroff við úlnlið í fóðri.
- ✓ Endurskinsmerki.
- ✓ Sex vasar að framanverðu og fjórir renndir vasar að innanverðu.

TILBOÐ Í DAG
**11.999**
~~14.999~~



**GROUND ZERO KULDAGALLI**
st. 92-122
**9.999**



**WEATHER REPORT SNJÓBUXUR**
st. 80-120
**6.999**



**WEATHER REPORT REGNLÚFFUR MEÐ FLÍSFÓÐRI**
st. 80/90-120/130
**999**



**WEATHER REPORT ÚLPA**
st. 120-160
**11.999**
~~14.999~~



**JEFF ÚLPA**
st. 128-170
**6.999**



**GROUND ZERO ÚLPA**
st. 128-164
**9.999**



**GROUND ZERO ÚLPA**
st. 92-122
**7.999**

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan & Eiðistorg

TILBOÐIÐ GILDIR AÐEINS Í DAG 06.09.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða lið tryggði sér á þriðjudag í fyrsta sinn Íslandsmeistaratitil í knattspyrnu kvenna?*
2. *Hver er nýr þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins?*
3. *Hvað er talið að væntanleg ný útgáfa snjallsíma Apple eigi að heita?*

**SVÖR**

1. *Lið Þórs/KA.* 2. *Illugi Gunnarsson.* 3. *Iphone 5.*

Mannvirkjastofnun gerði úttekt á ástandi rafmagns á sjúkrastofnunum hér á landi:

# Raflögnum og rafbúnaði víða ábótavant

**HEILBRIGÐISMÁL** Raflögnum og rafbúnaði á sjúkrastofnunum hér á landi er víða ábótavant. Þetta kemur fram í úttekt Mannvirkjastofnunar á ástandi raflagna og rafbúnaðar á yfir hundrað sjúkrastofnunum.

Mannvirkjastofnun hefur undanfarin þrjú ár látið skoða raflagnir á sjúkrastofnunum til að fá sem gleggsta mynd af ástandi þessara mála og koma ábendingum á framfæri um það sem betur mætti fara.

Í úttekt stofnunarinnar kemur fram að í 80 prósentum tilvika hafi verið gerðar athugasemdir við merkingu búnaðar í rafmagnstöflum. Þá voru í um 60 prósentum tilvika gerðar athugasemdir við tengla og töfluskápa.

„Úr sumum ágöllum má bæta með betri umgengni en flestar athugasemdirnar kalla á fagþekkingu," segir í tilkynningu stofnunarinnar. Gamall og bilaður rafbúnaður og aðgæsluleysi fólks eru meðal helstu orsaka rafmagnsbruna. „Eigendur og forráðamenn á sjúkrastofnunum bera ábyrgð á ástandi þess rafbúnaðar sem þar er notaður. Því er brýnt að löggiltur rafverktaki yfirfari raflagnir og rafbúnað á fyrrgreindum stöðum svo að öryggi sjúklinga og starfsfólks sé tryggt." **- þeb**



**AF SJÚKRAHÚSI** Merkingar í rafmagnstöflum á sjúkrastofnunum voru í ólagi í 80 prósentum tilvika. NORCIPHOTOS/GETTY

Mikil reykjarlykt í fjölbýlishúsi:

## Sofnaði yfir eggjasuðunni

**LÖGREGLUMÁL Lögreglunni á Suðurnesjum barst í fyrrinótt tilkynning um að mikil reykjarlykt væri í stigagangi fjölbýlishúss. Þegar lögreglumenn komu á staðinn var mikil brunalykt þar og reyndist hana leggja frá potti á eldavél í einni af íbúðunum.**

**Húsráðandi hafði verið að sjóða sér egg seint í gærkvöld og sofnað út frá eldamennskunni. Hann kvaðst sjálfur myndu reykræsta íbúð sína.**





NANO-TECH BÍLABÓN

ALLT SEM ÞÚ ÞARFT

- High-Tech Polyethlen-akrýl efni
- Langtíma yfirborðsvörn
- Einstök UV vörn
- Háglans án póleringar
- Hreinsar og ver í einni umferð

Bílasmiðurinn hf · Bíldshöfða 16
sími: 5672330


# Vangoldnir skattar upp á 12 milljarða

**Aðgerðir ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra hafa leitt til skattahækkana upp á 11,8 milljarða í fyrra og það sem af er þessu ári. Kerfisbundið undanskot á fjármagnstekjuskatti áberandi í skattaskjólsmálum, að sögn ríkisskattstjóra.**

**SKATTUR** Ríkisskattstjóri hækkaði í fyrra skatta um tæpan milljarð króna vegna 21 máls frá skattrannsóknarstjóra. Það sem af er þessu ári hefur ríkisskattstjóri hækkað skatta um 674 milljónir króna vegna mála frá skattrannsóknarstjóra. Gjaldabreytingar á þessu ári voru vegna 43 aðila. Hluti þeirra mála er skattaskjólsmál.

„Heildarskattahækkanirnar vegna aðgerða ríkisskattstjóra og skattrannsóknarstjóra í fyrra og það sem af er þessu ári eru 11,8 milljarðar króna. Lagfæringar og leiðréttingar eru ekki inni í þessari upphæð. Eftirlitsmál eru hins vegar í þessari upphæð en fjöldi þeirra var í fyrra 491," segir Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

Kerfisbundið undanskot á fjármagnstekjuskatti er mest áberandi í svokölluðum skattaskjólsmálum, að sögn Skúla. „Það er óhætt að segja að fjármagnstekjuskattur sé sá skattur sem er einna drýgstur í þessu. Menn hafa ekki staðið skil á honum. Þegar ráðstafanir eru gerðar í gegnum skattaskjól er oftast verið að fela söluhagnað. Fjármagnstekjurnar eru vantaldar í gegnum aflandsfélög."

Árið 2009 skoðaði ríkisskattstjóri notkun á kreditkortum sem gefin voru út erlendis og skuldfærð þar en notuð til úttektar hér á landi. „Við báðum um upplýsingar um notkun yfir ákveðinni upphæð. Þetta var aðferð til að finna stærri undanskot. Út úr þessu komu 60 aðilar sem þannig háttaði til um. Við vissum ekki fyrir fram hverjir þeir væru. Talið var að um kerfisbundið undanskot frá skatti væri að ræða í helmingi tilvikanna og voru þau mál öll send skattrannsóknarstjóra. Rannsókn á þeim er nú að mestu lokið og er búið að leggja á skatt í langflestum þeirra," segir ríkisskattstjóri.

Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknarstjóri greindi frá því í viðtali við Fréttablaðið á þriðjudag að hluti skattaskjólsmálanna hefði komið upp á yfirborðið í kjölfar kreditkortamálsins. Í ljós hefðu komið tengsl á milli sumra þeirra. „Ýmis gögn og upplýsingar varðandi sum málanna hafa leitt okkur inn í önnur." **ibs@frettabladid.is**



**SKATTASKJÓL** Langflest skattaskjólsmálanna tengjast Lúxemborg. Ríkisskattstjóri segir fjármagnstekjur vantaldar í gegnum aflandsfélög.

> Þegar ráðstafanir eru gerðar í gegnum skattaskjól er oftast verið að fela söluhagnað.
>
> **SKÚLI EGGERT ÞÓRÐARSON**
> RÍKISSKATTSTJÓRI



**Á FERÐ UM LANDIÐ** Gistinóttum erlendra ferðamanna hefur fjölgað um fimmtung það sem af er ári miðað við sama tíma í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Tölur frá Hagstofu Íslands:

## Gistinóttum fjölgaði í júlí

**FERÐAMANNAIÐNAÐUR** Gistinóttum á hótelum í júlí fjölgaði um tólf prósent miðað við sama mánuð í fyrra, samkvæmt tölum Hagstofu.

Gistinætur í júlí voru nú 254.900, en um 90 prósent af þeirri tölu eru vegna erlendra ferðamanna. Gistinóttum útlendinga fjölgaði um þrettán prósent, en gistinóttum Íslendinga fjölgaði um um það bil átta prósent.

Sé litið til fyrstu sjö mánaða ársins hefur gistinóttum fjölgað um rúm átján prósent frá síðasta ári. Á því tímabili fjölgaði gistinóttum erlendra gesta um fimmtung en gistinóttum Íslendinga fjölgaði um ellefu prósent. **- þj**

**FÆREYJAR**

### Tíu bjargað af skútu

Áhöfnin á færeyska varðskipinu Brimli bjargaði í fyrrakvöld tíu manna áhöfn pólskrar skútu. Skipstjórinn hafði óskað eftir aðstoð en skútuna rak stjórnlaust í stórsjó vestur af Færeyjum. Skipverjar voru heilir en þrekaðir eftir mikið volk.


www.volkswagen.is




Volkswagen Polo
- fyrir okkur öll

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km*

Polo kostar aðeins frá
2.290.000 kr.

Das Auto.

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA




# STANGVEIÐI-ÚTSALA

**20-50% AFSLÁTTUR**

Vandað úrval af veiðistöngum, veiðihjólum og veiðifatnaði á frábæru verði.



**HARDY** UNIQUA 13 FLUGUSTÖNG
Tvíhenda fyrir línu 8. (Hjól fylgir ekki).
**54.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 112.990 KR.



**HARDY** DEMON 14 FLUGUSTÖNG
Tvíhenda fyrir línu 9. (Hjól fylgir ekki).
**74.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 159.990 KR.



**LOOP** EVOTEC 9' FLUGUSTÖNG
Sexstrent grip. Lína 5.
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 54.990 KR.



**30-50% AFSLÁTTUR AF LOOP FLUGULÍNUM**



**PENN** OVERSEA PRO
Sjóstöng. 20 pund.
**9.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 18.990 KR.



**20% AFSLÁTTUR AF VEIÐIHJÓLUM**



**20% AFSLÁTTUR AF FLUGUM**



**ABU** AMBASSADEUR BG 10.000
Kasthjól.
**29.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



**30% AFSLÁTTUR AF VÖÐLUM**



**50% AFSLÁTTUR AF FATNAÐI FRÁ LOOP**

**30% AFSLÁTTUR AF VÖÐLUSKÓM**



**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122286



BÓKAÐU NÚNA!

Kanarí á kynningarverði! 27. okt.–15. nóv.

Í vetur bjóðum við upp á ferðir til Kanaríeyja á frábæru verði. Skelltu þér með okkur í sólina og slappaðu af á ströndinni, þú hefur gott af því!

LOS SALMONES ** ÍBÚÐAHÓTEL

Verð á mann í tvíbýli í 19 nætur

125.000 KR.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 19 nætur.

KOALA GARDEN SUITES HOTEL ***

Verð á mann í tvíbýli í 19 nætur

157.300 KR.

Innifalið: Flug með sköttum og öðrum greiðslum, gisting í 19 nætur.

FLUG ÁN HÓTELS 27. OKT.–15. NÓV.

69.900 KR.

Flug með sköttum og öðrum greiðslum.

Express ferðir

590 0100 | www.expressferdir.is

# Sanngirnisbætur Innköllun

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skrifleg sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem voru vistaðir á:

**Upptökuheimili ríkisins / Unglingaheimili ríkisins 1971-1994**

**Starfsemi heimilisins fór fram á eftirfarandi stöðum á tímabilinu:**

**að Kópavogsbraut 17 og Kópavogsbraut 9 í Kópavogi, í Sólheimum 7, Sólheimum 17 og Efstasundi 86 í Reykjavík, að Tindum á Kjalarnesi og á meðferðarheimilunum að Smáratúni í Fljótshlíð og Torfastöðum í Biskupstungum.**

Hér með er skorað á alla þá sem voru vistaðir á Upptökuheimili ríkisins eða Unglingaheimili ríkisins einhvern tíma á árabilinu 1971-1994 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 20. desember 2012. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnisbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila. Unnt er að skila umsókn í rafrænu formi. Athugið að heimilið hét Upptökuheimili ríkisins fram til 1978, en Unglingaheimili ríkisins eftir það.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

**Verði kröfu ekki lýst fyrir 20. desember 2012 fellur hún niður.**

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Hverfisgötu 4a-6a, þriðju hæð, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045. Veffang er www.tengilidur.is og netfang er tengilidur@tengilidur.is.

Siglufirði 6. september 2012
**Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður**

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG?

vísir - oft á dag

Meirihluti landeigenda hverasvæðisins í Haukadal stofnar félag:

# Samkeppni um skipulag Geysis

**SKIPULAGSMÁL** Eigendur meirihluta Geysissvæðisins í Haukadal ætla að ráðast í miklar framkvæmdir og fjárfestingar á svæðinu. Þeir stofnuðu Landeigendafélag Geysis ehf. í gær utan um verkefnið.

Í minnisblaði sem landeigendurnir sendu Drífu Kristjánsdóttur, oddvita Bláskógabyggðar, segir að þeir hafi sammælst um að standa myndarlega að uppbyggingu svæðisins þannig að það „geti á eðlilegan hátt tekið á móti þeim fjölda ferðamanna sem heimsækir svæðið á hverju ári“. Því ætla þeir að ráðast í „skipulagða verndun og uppbyggingu á svæðinu í þeim tilgangi að ein helsta perla Bláskógabyggðar haldi sínum sess sem vinsælasti áfangastaður ferðamanna á Íslandi. Ljóst er að um mikla framkvæmd og fjárfestingu er að ræða“.

Á stofnfundinum var ákveðið að boða til samkeppni um framtíðarskipulag svæðisins. Í minnisblaðinu stendur að til standi að útbúa það „þannig að ferðamenn geti farið inn á það allt árið, valið stuttar og langar gönguleiðir innan svæðisins, fræðst um eðli þess og gersemar. Félagið áætlar að starfsemin geti skapað um sex til tíu störf“. **- þsj**



**STROKKUR** Geysissvæðið er einn vinsælasti viðkomustaður erlendra ferðamanna á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SAKBORNINGAR** Þórarinn Már Þorbjörnsson tekur í hönd Gunnars Þ. Andersen við þingfestingu sakamáls á hendur þeim í gærmorgun. Mönnunum tveimur er gefið að sök að hafa brotið gegn þagnarskyldu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gunnar Andersen segist vera saklaus

**Sakamál á hendur Gunnari Andersen, fyrrum forstjóra FME, og ætluðum vitorðsmanni hans var þingfest í gærmorgun. Þeir eru ákærðir fyrir brot á þagnarskyldu. Gunnar vildi skapa umræðu um alþingismann samkvæmt ákæru.**

**DÓMSMÁL** Gunnar Þ. Andersen, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), neitaði í gærmorgun sök þegar sakamál, sem höfðað hefur verið gegn honum fyrir brot á þagnarskyldu, var þingfest. Þórarinn Már Þorbjörnsson, starfsmaður Landsbankans, er einnig ákærður fyrir þagnarskyldubrot í málinu. Hann neitaði einnig sök.

Í ákærunni á hendur Gunnari og Þórarni, sem Fréttablaðið hefur undir höndum, segir að þeir séu ákærðir fyrir „brot gegn þagnarskyldu, framin í Reykjavík 23. febrúar 2012, er ákærði Gunnar Þorvaldur, sem þá var forstjóri Fjármálaeftirlitsins fékk meðákærða Þórarin Má, sem þá var starfsmaður Landsbanka Íslands hf., til að afla gagna úr bókhaldi bankans um viðskipti Bogmannsins ehf. sem hann afhenti Ársæli Valfells, að beiðni meðákærða, en um var að ræða skjal sem sýndi að Landsbanki Íslands hf. greiddi kr. 32.700.000 inn á bankareikning Bogmannsins ehf. 13. júní 2003. Umræddum upplýsingum, sem bundnar voru þagnarskyldu, kom Ársæll síðan, að beiðni ákærða Gunnars Þorvaldar, til fréttastjóra DV sem nýtti upplýsingarnar við ritun fréttar um viðskiptin sem birtust í DV 29. febrúar 2012“.

Bogmaðurinn ehf. er í eigu Ágústu Johnson, eiginkonu Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns. Félagið var áður í jafnri eigu hjónanna. Í fréttinni sem DV skrifaði, og byggði á skjalinu, kom fram að greiðslan hefði verið vegna sölu Guðlaugs Þórs á umboði fyrir tryggingamiðlun svissneska tryggingafélagsins Swiss Life, sem hann seldi til Landsbankans á þessum tíma. Umboðið hafði hann eignast skömmu áður með því að kaupa það af Búnaðarbankanum á ótilgreindu verði.

Í ákæru ríkissaksóknara segir að Gunnar hafi framkvæmt það sem að ofan er lýst „í því skyni að skapa umræðu um viðskipti félagsins og eiganda þess, Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, við Landsbanka Íslands hf., sem hann taldi óeðlileg, og vegna þess að hann taldi Guðlaug Þór hafa í opinberri umræðu reynt að gera hann sem forstjóra Fjármálaeftirlitsins tortryggilegan, sem og stofnunina“.

Í samtali við Fréttablaðið þann 5. mars síðastliðinn sagði Gunnar að það hefði verið „fullyrt í mín eyru, af mönnum sem ég treysti og trúi, að Guðlaugur Þór hafi komið gögnum til Kastljóss sem umfjöllun þáttarins um mig byggði á.“ Þar vísaði Gunnar í umfjöllun Kastljóss um aðkomu hans að aflandsfélögum í eigu Landsbankans þegar hann starfaði fyrir bankann á árum áður. Sú umfjöllun setti af stað atburðarás sem leiddi að lokum til þess að Gunnari var sagt upp störfum hjá FME.

Fyrir brot af því tagi sem Gunnari er gefið að hafa framið liggur allt að þriggja ára fangelsi. Auk þess er heimild í lögum til að þyngja refsingu vegna brota sem framin eru í opinberu starfi um helming. Háttsemi Þórarins er talin varða við lög um fjármálafyrirtæki. Við broti hans liggur allt að tveggja ára fangelsi. Ekki náðist í Gunnar Þ. Andersen við vinnslu fréttarinnar.

thordur@frettabladid.is

## Telja Helga Magnús vanhæfan



Lögmenn hinna ákærðu lögðu fram frávísunarkröfu við þingfestingu málsins í gærmorgun. Ástæða hennar er sú að þeir telja Helga Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknara, sem sækir málið, vera vanhæfan til að fara með það. Spurður hvað það væri sem þeir teldu gera Helga Magnús vanhæfan vildi Guðjón Ólafur Jónsson, lögmaður Gunnars, ekki svara því. „Það er það sem ég ætla að ræða við dóminn.“

Helgi Magnús segist sjálfur ekki hafa hugmynd um hvað það sé sem Gunnar telji að geri sig vanhæfan. „Leiðir okkar hafa vissulega legið saman þegar ég var í efnahagsbrotadeild en það voru lítil samskipti og bar engan skugga á. Þá sótti ég um embætti forstjóra Fjármálaeftirlitsins um leið og Gunnar. Ég sé ekki hvernig nokkuð af þessu ætti að leiða til vanhæfis míns.“

NÁMSKEIÐ Á HAUSTMISSERI

# ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS FÆRIR ÞÉR ERLENDA SÉRFRÆÐINGA



## SÉRFRÆÐINGAR FRÁ HARVARD



### Managing Yourself and Leading Others

*Kennari: Margaret Andrews, associate dean for management programs at Harvard University, Division of Continuing Education*

**Hefst 26. september**



### Negotiations Skills: Strategies for Increased Effectiveness

*Kennari: Diana Buttu is a lawyer specializing in negotiations, international law and international human rights law. Buttu is an instructor at Harvard Extension School*

**Skráningarfrestur til 27. september**



### Enterprise Information Technology: Strategies for Complex System Implementations

*Kennari: Dr. Zoya Kinstler specializes in information technology solutions for strategic and complex business projects. Kinstler is a faculty member at Harvard Extension School*

**Skráningarfrestur til 25. október**

## SÉRFRÆÐINGAR FRÁ OXFORD COGNITIVE THERAPY CENTRE

*í samstarfi við Félag um hugræna atferlismeðferð*



### Obsessive compulsive disorder

*Kennari: David Westbrook, consultant clinical psychologist and Director of the Oxford Cognitive Therapy Centre*

**Hefst 12. október**



### Anxiety and advanced case work

*Kennari: Alison Croft, Consultant Clinical Psychologist*

**Hefst 2. nóvember**



### Depression, advanced case work

*Kennari: Dr. Melanie Fennell Director of the Oxford Diploma/MSc in Advanced Cognitive Therapy Studies*

**Hefst 7. desember**

## SÉRFRÆÐINGUR FRÁ ISTQB NORWAY



### Software Testing Foundations with ISTQB Certification

*Kennari: Hans Schaefer, civil engineer in computer science. Schaefer works in consulting and training and is chairman of ISTQB Norway*

**Hefst 10. september**

## SÉRFRÆÐINGUR FRÁ UNIVERSITY OF SOUTHERN DENMARK

*í samstarfi við Íslandsstofu*



### Expanding your sales in export markets

*Kennari: Svend Hollensen is Ph.D. (Dr.) and Associate Professor of International Marketing at University of Southern Denmark*

**Skráningarfrestur til 19. október**

## SÉRFRÆÐINGUR FRÁ GROVE CONSULTANS



### Starting Test Automation

*Kennari: Mark Fewster, software testing consultant and trainer, author and presenter at national and international software conferences*

**Skráningarfrestur til 14. september**

### Automating Test Execution Successfully

*Kennari: Mark Fewster, software testing consultant and trainer, author and presenter at national and international software conferences*

**Skráningarfrestur til 14. september**

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

sími 525 4444

Nánari upplýsingar og skráning: endurmenntun.is




Fimm flottar á frábæru verði!


Barcelona frá: 20.700 kr.*


París frá: 18.700 kr.*


Berlín frá: 15.700 kr.*


Varsjá frá: 14.950 kr.*


Alicante frá: 20.700 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

FRAMHALDSFLUG ÚT UM ALLA EVRÓPU!
Við aðstoðum þig við að bóka framhaldsflug til fjölda borga í Evrópu. Hafðu samband í síma 5 500 600 eða kynntu þér málið á www.icelandexpress.is!

FÍTON / SÍA

Iceland Express
-lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is


## Fréttaskýring: Strætó er valkostur um mestallt land




# Ódýrast að ferðast um landið með Strætó

**Að taka strætó á milli bæjarfélaga virðist vera ódýrasti ferðamátinn sem völ er á. Vagnarnir munu keyra til meira en fjörutíu bæjarfélaga eftir áramót. Strætó bs. fær 30 milljónir árlega frá sveitarfélögunum fyrir þátt sinn í starfinu.**

Hinar hefðbundnu strætóferðir eru ekki lengur bundnar við styttri vegalengdir innan bæja- eða borgarmarka, eins og landsmönnum ætti að vera orðið kunnugt. Farþegar geta ferðast með vögnunum um allt Suðurland, mestallt Norðurland og eftir áramót til Austurlands. Strætó er farinn að sinna mun víðara þjónustuhlutverki; feðum sem rútur og skipulagðir langferðarbílar gerðu áður, eins og við þekkjum frá nágrannalöndum okkar.

Mikið hefur verið fjallað um þetta breytta fyrirkomulag Strætós í fjölmiðlum, og sýnist sitt hverjum. Sérleyfishafar hafa gagnrýnt fyrirtækið og segja sumir að útboðin hafi ekki verið sanngjörn, jafnvel ósamkeppnishæf.

Verkefnið er samstarf á milli Strætós BS. og landshlutasamtaka sveitarfélaga. Reynir Jónsson, framkvæmdastjóri Strætós, segir það fyrst og fremst til komið vegna hagræðingar í stjórnsýslunni og vilja sveitarfélaganna til að bjóða landsmönnum upp á sem hagkvæmastan ferðamáta.

„Málaflokkurinn fluttist frá ríkinu til landshlutasamtaka sveitarfélaga, ásamt peningunum sem því fylgir," segir Reynir. „Sá peningur er notaður til að bjóða upp á akstur á milli landshluta. Aksturinn er boðinn út, lægsta tilboði tekið og allt er þetta miðað við fjárhaginn sem er í boði."

Reynir segir forskot Strætós vera stórt í þessum efnum, þar sem reynsla, tækni og þekking komi saman til að gera þetta á sem öruggastan og hagkvæmastan hátt. Útboðsverðmæti alls aksturs um Vestur- og Norðurland er 202 milljónir króna og fær Strætó 15 prósent af þeirri þóknun.

„Þessar 30 milljónir eru fyrir okkar umsýslu í málinu," segir Reynir. „Það er fyrir að reka og sjá um upplýsingakerfi, öryggismál, skipulagningu ferða og viðhald ökutækja."



Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is


## Strætó til meira en 40 bæja eftir áramót

**Suðurland**
Hveragerði, Selfoss, Hella, Vík, Kirkjubæjarklaustur, Höfn, Hvolsvöllur, Þorlákshöfn, Eyrarbakki, Stokkseyri, Flúðir, Reykholt, Laugarás.
**Suðurnes**
Keflavík, Njarðvík, Garður, Grindavík, Sandgerði, Reykjanesbær
**Vesturland**
Akranes, Borgarnes, Bifröst, Stykkishólmur, Hvanneyri, Reykholt, Varmaland, Grundarfjörður*, Ólafsvík*, Hellissandur*
**Norðurland / Austurland**
Staðarskáli, Hvammstangi, Skagaströnd, Blönduós, Varmahlíð, Akureyri, Siglufjörður, Húsavík, Þórshöfn, Egilsstaðir.
Ekki hefur verið ákveðið frekar um önnur smærri byggðarlög, en verið er að skoða hvort kostur sé að fjölga leiðum enn frekar.

*Önnur farartæki taka við farþegum Strætós á Snæfellsnesi og flytja til viðkomandi bæja.

## Munar 4.100 krónum á Strætó og rútu

Gjaldskrá Strætó miðast við fjölda „gjaldbelta" sem ekin eru og kostar ferð um eitt belti, sem er 22 kílómetrar í loftlínu, 350 krónur. Sé miðað við fullt gjald kostar miðinn með Strætó 7.700 krónur, sem er töluvert ódýrara en með langferðarbílum Sterna, þar sem rútuferðin kostar 11.800. Ökutíminn er svipaður, sex tímar með rútu og sex tímar og korter með Strætó. Til gamans má einnig geta að flug með Flugfélagi Íslands á milli bæjarfélaganna kostar frá 7.900 krónum, ef pantað er nógu snemma, upp í 18.830 krónur. Sú ferð tekur að jafnaði um 45 mínútur. Starfsmenn á vegum ríkisins fá samkvæmt útreikningum Ferðakostnaðarnefndar greiddar tæpar 45 þúsund krónur fyrir að ferðast á eigin bíl á milli bæjarfélaganna, en hafa ber í huga að þar er slit og notkun bílsins tekið inn í kostnaðinn.
Hægt er að reikna út fargjald Strætós á milli bæjarfélaga með því að fara inn á heimasíðu fyrirtækisins og skoða reiknivélina undir „Gjaldskrá".



**KEYRA ÚT Á LAND** Hinir hefðbundu gulu vagnar Strætós munu halda sig við höfuðborgarsvæðið á meðan þessir bláu og gulu keyra út á land.


FRÍHAFNARDAGAR
Dagana 6.- 10. september
afnemum við virðisaukaskatt
af öllum snyrtivörum.
TAX
FREE
SNYRTIVÖRU
DAGAR
*Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# ÚTSALA ÁRSINS

## HEFST Í DAG KL. 9.00



**Matvinnsluvél 600W**
Russel Hobbs, Desire Vnr. 1840066
**Áður 17.390 kr.**
**Nú: 11.900 kr.**



ÞÚ SPARAR 13.000!

**Þvottavél** 1200 snúninga
Electrolux 6 kg. vnr. 1840066
**Áður 98.900 kr.**
**Nú: 85.900 kr.**



RUSSEL HOBBS
BRAUÐRISTAR,
KAFFIVÉLAR,
HRAÐSUÐUKÖNNUR
20%
AFSLÁTTUR



RYKSUGUR
20%
AFSLÁTTUR



ÞÚ SPARAR 10.000!

**Frystikista** 248 ltr.
FrigorTM-300. vnr. 1805487
**Áður 84.900 kr.**
**Nú: 74.900 kr.**



SKJÓLVEGGIR
25-50%
AFSLÁTTUR!

**Skjólveggur** Gyrðir
vnr. 603312
**Áður 13.790 kr.**
**Nú: 6.895 kr.**



BLÖNDUNARTÆKI
20-25%
AFSLÁTTUR!

**Handlaugartæki**
Emmevi. vnr. 7900020
**Áður 13.395 kr.**
**Nú: 9.999 kr.**



SALERNI
20-30%
AFSLÁTTUR!

**Salerni**
Seko. vnr. 7910000
**Áður 18.990 kr.**
**Nú: 14.999 kr.**



BORÐPLÖTUR
Í ÚRVALI
50%
AFSLÁTTUR

# 20-70% AFSLÁTTUR!

AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!




RAFMAGNS-VERKFÆRI 20-25% AFSLÁTTUR



SLÁTTUVÉLAR 25% AFSLÁTTUR

**Sláttuvél** Al-KO Classic
4.6B-A. vnr. 5085147
**Áður 49.995 kr.**
**Nú: 37.496 kr.**



ÚTIVISTAR FATNAÐUR 20-70% AFSLÁTTUR

**FLÍSPEYSUR**
**Frá: 2.000 kr.**

TRUENORTH




ÚTIMÁLNING OG VIÐARVÖRN 20% AFSLÁTTUR



GARÐVERKFÆRI 20-40% AFSLÁTTUR!

ÞÚ SPARAR 6.000!

**Laufblásari** WORX
WG541E 18V. vnr. 5083705
**Áður 14.995 kr.**
**Nú: 8.995 kr.**



GÖNGUSKÓR 30-50% AFSLÁTTUR!



BÚSÁHÖLD 20-50% AFSLÁTTUR!

**Spaði og tertuhnífur**
. vnr. 2001011
**Áður 1.449 kr.**
**Nú: 1.000 kr.**



20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM POTTAPLÖNTUM!

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956



**FÍLAGUÐINN BORINN UM STRÆTI** Í Múmbaí á Indlandi fylgdust íbúar með þegar stórt líkneski af fílaguðinum Ganusha lávarði var borið um göturnar, en hátíð helguð honum hefst síðar í mánuðinum. NORDICPHOTOS/AFP

Fjölmargir hafa sett sig í samband við Stóru systur og þakkað henni fyrir baráttustarfið gegn vændi:

# Stóra systir sallaróleg yfir kæruhótun

**SAMFÉLAGSMÁL** Grasrótarsamtökin Stóra systir sendu út beiðni til almennings í vikunni og kölluðu eftir aðstoð við að uppræta vændi í samfélaginu. Samtökin svöruðu nokkrum spurningum fyrir Fréttablaðið í gegn um tölvupóst. Hafið þið fengið mikil viðbrögð?

„Já. Það er ástæðan fyrir því að við sendum út þessa fréttatilkynningu. Fólk hefur haft samband og vill vita hvernig það geti hjálpað og verið með í baráttunni gegn vændi. Síðastliðna mánuði höfum við fengið margar ábendingar sem hafa hjálpað okkur mikið í rannsóknarstarfi okkar,“ segir í svarinu. Stóra systir segir fjölmarga, bæði karla og konur, hafa sett sig í samband til að þakka okkur fyrir að halda áfram í baráttunni.

Þar á meðal konur sem þekkja vændi af eigin raun sem eru þakklátar fyrir okkar starf. Það þykir okkur mjög vænt um. Það eru ekki síst þessi bréf sem halda okkur við efnið.“

Hafa ykkur borist hótanir? „Já, okkur hefur verið hótað kæru en við bíðum enn þá eftir henni. En við höfum við ekki gert neitt ólöglegt þannig að við erum sallarólegar.“ Þær segja meðvitund fólks um alvarleika og afleiðingar vændis hafa vaxið að undanförnu og þó að lögregla hafi ekki nýtt sér upplýsingar frá samtökunum liggi árangurinn ekki síst í aukinni umræðu.

Stóra systir vill ekki svara því hvort von sé á frekari uppljóstrunum frá þeim í takti við nafnalistann yfir kaupendur sem var afhentur til lögreglunnar. „Það mun koma í ljós,“ segja þær. - sv




**VIÐ ERUM RÉTT AÐ BYRJA** Stóra systir vill ekki upplýsa Fréttablaðið um hvort von sé á fleiri nafnalistum yfir vændiskaupendur frá þeim í bráð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON











**SIGRID GISKEGJERDE SCHJETNE** Fannst látin á mánudagskvöld, mánuði eftir að hún týndist. MYND/NORSKA LÖGREGLAN

# Sjálfboðalið-um þakkað

## Hundruð manna tóku þátt í minningarathöfn um Sigrid Schjetne í Noregi í gær. Lögreglan hefur enn ekki gefið upplýsingar um dánarorsök hennar.

**NOREGUR** Hundruð manna mættu í gær til minningarathafnar um Sigrid Giskegjerde Schjetne, sextán ára stúlku sem fannst látin á mánudagskvöld, mánuði eftir að hún hvarf.

„Þetta er ótrúlegt. Fólk hefur komið langar leiðir. Þetta er engu líkt,“ sagði Geir Strand, talsmaður fjölskyldu stúlkunnar, í viðtali við norska dagblaðið Aftenposten.

Bæði fjölskylda hennar og norska lögreglan þökkuðu þúsundum sjálfboðaliða sem tóku þátt í leitinni að henni, sem stóð yfir í fjórar vikur.

Hún fannst vafin inn í plast í um það bil fimmtán mínútna göngufjarlægð frá staðnum þar sem hún hvarf að kvöldi 4. ágúst. Hún hafði lagt af stað fótgangandi heim til sín frá vinkonu sinni.

Lögreglan telur að tilviljun ein hafi ráðið því að Sigrid varð fyrir barðinu á morðingjunum. Árásin hafi ekki verið skipulögð fyrirfram.

Lögreglan hefur samt enn ekki gefið upplýsingar um dánarorsök stúlkunnar en biður um ábendingar frá almenningi, sem gætu gagnast við rannsókn málsins.

„Við getum ekki sagt neitt meira um það sem gerðist og vinnum í dag út frá nokkrum kenningum,“ segir Hanne Kristin í Rohde hjá norsku rannsóknarlögreglunni.

Tveir menn hafa verið handteknir, grunaðir um að hafa myrt stúlkuna. Annar þeirra er 37 ára en hinn 64 ára. Þeir þekkjast vel, eru sagðir hafa kynnst í gegnum sameiginlegan áhuga á bílum.

Yngri maðurinn hefur langa sögu um geðtruflanir og ofbeldishegðun. Í vor hugðust læknar leggja hann inn á geðdeild, gegn vilja hans, en hann andmælti og var ekki lagður inn.

Samkvæmt norskum fjölmiðlum var það ábending um andlegt ástand hans, sem barst lögreglu frá ættingja hans, sem varð til þess að grunur féll á þessa tvo menn og leiddi til handtöku þeirra.

Báðir neita þeir sök og báðir segjast reyndar hafa fjarvistarsönnun, sem útiloki þá frá því að hafa átt hlut að morðinu á Sigrid. Sá eldri kom til vinnu í prentsmiðju nokkru eftir miðnætti nóttina sem hún hvarf og ók síðan með blöð snemma morguns.

Þá hefur norska ríkisútvarpið rætt við kunningja eldri mannsins. Kunninginn segir að sá hafi síðastliðinn föstudag trúað honum fyrir því, að sig grunaði að vinur hans hafi átt hlut að hvarfi stúlkunnar. Þess vegna telur kunninginn litlar líkur á að eldri maðurinn hafi átt hlut að morðinu.

Mennirnir tveir verða leiddir fyrir dómara í dag og farið fram á gæsluvarðhald yfir þeim báðum.

gudsteinn@frettabladid.is

Notaða Citroën bráðvantar á söluskrá. Nýttu gott tækifæri. Skiptu gamla uppí nýjan.

Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 í dag. Opið kl. 9-17.

CITROËN

## Veldu Citroën C3

# Frelsið er franskt

Nýttu þér frelsi þitt til að velja og hafna á eigin forsendum. Skoðaðu franskan valkost. Komdu í Brimborg Bíldshöfða 8 og prófaðu flottan og sparneytinn Citroën C3 dísil.

Citroën C3 er ekta franskur bíll. Tákngervingur nútímafrelsis og hreyfanleika. Citroën C3 dísil er sparneytinn og visthæfur og $CO_2$-losun er aðeins 93g/km. Citroën C3 fær því frítt í stæði í 90 mínútur í Reykjavík og lækkar bifreiðagjöldin. Stop/Start spartæknin sparar pening á rauðu ljósi. Citroën C3 er sparneytinn og notar aðeins 3,6 lítrar á hundraðið í blönduðum akstri.

***Fallegur.*** Línur og lögun Citroën C3 dísil er einstaklega glæsileg. Sjáðu hvernig aukabúnaður eins og Zenith framrúðan opnar þér nýjan heim, framandi og munúðarfulla veröld að fagurfræði innanrýmisins.

***Þægilegur.*** Citroën C3 dísil er einstaklega lipur bíll í borgarumferð og aksturseiginleikarnir eru framúrskarandi. Í C3 finnur þú þægindi sem aðeins Citroën getur státað af.

***Vel útbúinn.*** Kynntu þér ítarlegan staðalbúnað og forvitnilegan aukabúnað í Citroën hjá ráðgjöfum okkar. Hafðu þinn Citroën sérsniðinn að þínum þörfum.

Græn skref í Reykjavík – P 90 mín. – Visthæfur bíll

*Aðeins 93g $CO_2$. Fáðu frítt í stæði í Reykjavík*



**Citroën C3 Seduction**
5 dyra, 1,6 eHDi 92 hestöfl og 5 gíra
***Kaupverð 2.790.000 kr.***
Mánaðargreiðsla 28.350 kr.*
Hlutfallstala kostnaðar 8,7%



*Tökum allar tegundir notaðra bíla upp í nýjan Citroën*

Citroën er leiðandi í framleiðslu dísilvéla. Kjóstu C3 og um leið fallega hönnun og rekstrarhagkvæmni.




***Sjáðu Citroën. Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.***

Komdu í Brimborg, Bíldshöfða 8 í dag.
Aktu Citroën til móts við nýtt samfélag.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | citroen.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

*Mánaðargreiðsla miðað við 7 ára verðtryggðan grænan bílasamning Ergo.Útborgun kr 1.000.000. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Citroën

# neytendur
*hagur heimilanna*

**67 KRÓNUR** munar á kílóverði haframjöls frá því í fyrra. Þá kostaði kílóið 401 krónu en kostaði undir lok annars ársfjórðungs í ár 468 krónur samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

## Að velja réttu peruna



**Ljós yfir borði í eldhúsi og stofu:** 230 V halogen-pera. Dimmir er kostur.

**Standlampi:** LED-, halogen- og sparperur henta vel.

**Leslampi:** Halogen-pera en LED-pera er góður kostur ef hitinn af halogen-perunni þykir pirrandi.



**Borðlampi:** Sparpera eða LED-pera.

**Skrifborðslampi:** LED-pera eða halogen-pera.



**Vegglampi:** Halogen-pera ef nota á dimmi. Annars er hægt að velja sparperu eða LED-peru. Ef LED-pera er valin þarf að gæta þess að peran lýsi upp allan skerminn.

**Loftljós:** Halogen er besti kosturinn ef dimmir er notaður. Annars er hægt að velja hvaða peru sem er.

**Náttborðslampi:** LED-pera. Mælt er með að prófaðar séu LED-perur frá fleiri framleiðendum en einum ef lýsingin þykir ekki góð.

**Baðljós:** Halogen-pera eða LED-pera.

*LEIÐBEININGAR UM VAL Á ORKUSPARANDI PERUM SEM FAGSTJÓRI NORSKA TÆKNIFÉLAGSINS HEFUR TEKIÐ SAMAN OG BIRT ERU Á VEFSÍÐU NORSKA RÍKISÚTVARPSINS.*

# Huga þarf að fjölda tæknilegra atriða þegar sparpera er keypt

**Það var ekki erfitt að kaupa ljósaperu þegar valið var kannski á milli 40 eða 60 w glóperu. Nú þegar orkusparandi perur eiga að vera allsráðandi á markaðnum er valið orðið flóknara þar sem hafa þarf í huga fjölda tæknilegra atriða.**



## Ekki sparperur þar sem viðvera er lítil

Ekki er skynsamlegt að nota sparperu þar sem menn hafa stutta viðveru, eins og til dæmis í geymslum, stigagöngum eða anddyri. „Sumar smáflúrperur eru mjög lengi að hitna og maður er farinn áður en peran er orðin það heit að maður sjái það sem maður þarf að sjá. En það er hægt að fá smáflúrperur sem eru sneggri að hitna en aðrar. Þær kosta hins vegar meira,“ segir Guðjón L. Sigurðsson, formaður Ljóstæknifélags Íslands.

Guðjón L. Sigurðsson, formaður Ljóstæknifélags Íslands, segir neytendur þurfa að kynna sér vandlega ýmis atriði við kaup á orkusparandi perum. „Þegar glóperurnar voru allsráðandi þurfti maður til dæmis ekkert að vita um litarhitastig sem gefið er upp í kelvingráðum eða litarendurgjöf. Þessi atriði eru meðal þeirra sem neytendur þurfa nú að þekkja því að þau skipta miklu máli við lýsingu.“

Kelvinmagnið segir til um hversu hlý eða köld birtan af perunni er. Gömlu glóperurnar sem eru á leið út af markaðnum voru með 2.700 kelvin-gráður sem er hlý birta. Ef talan er hærri verður birtan kaldari, að því er Guðjón greinir frá.

„Litaendurgjöfin skiptir máli þegar unnið er með liti eða við nákvæmnisvinnu. Glóperan hefur fullkomna litarendurgjöf en flúrperur hafa ekki þann eiginleika að litrófið skili sér alveg til baka. Hægt er að velja flúrperur sem gefa hærri og lægri gildi. Því hærri sem þau eru, þeim mun dýrari er peran.“

Guðjón bendir á að prófanir hafi sýnt að endingartími orkusparandi pera sé alls ekki í öllum tilvikum jafnlangur og framleiðendur gefa upp. „Ég hef líka sjálfur komist að því. Ég hef keypt sparperur frá öllum framleiðendum og prófað þær heima. Enn hef ég ekki dottið niður á peru sem endist miklu lengur en glópera. Endingartíminn hefur alls ekki verið tífaldur á við glóperu eins og margir framleiðendur halda fram.“

Við kaup á orkusparandi perum ætti að kanna hvort ábyrgð er á þeim og þá hversu lengi.

Nú er hugtakið lumen notað í stað vatta. Upplýsingar með samanburðinum er að finna á umbúðum orkusparandi pera. Sparperum má ekki henda með venjulegu sorpi, heldur eiga þær að fara í sérstök ílát á endurvinnslustöðvum. ibs@frettabladid.is




## GÓÐ HÚSRÁÐ Bílaþvottur

*Matarsódi gagnast við bílrúðuþvott*



Með aukinni vætutíð á haustin safnast meiri óhreinindi á bíla landsmanna. Þá kann að vera að yfir sumarið hafi safnast upp óhreinindi framan á þá eftir flugur sem ekið hefur verið á. Þær geta verið eins og límdar á glerið í bílrúðum og á ljósum.

Ein leið til að auðvelda þvottinn án þess að grípa til sterkari efna er að strá matarsóda á rakan svamp, eða leysa upp tvær matskeiðar af sóda (eða svo) í fötu af vatni og nota svo til að þurrka skellur og óhreinindi af ljósabúnaði og rúðum bílsins.

**NEYTANDINN:** ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON JARÐFRÆÐINGUR

## *Klúðraði Grímsvatnagosi og leiðangri í Alpana*



Bestu og verstu kaup Ara Trausta Guðmundssonar jarðfræðings eru bæði tengd fjallaleiðöngrum. Hann er ekki lengi að rifja upp bestu kaupin, sem voru fjallgönguskór sem hann fjárfesti í á menntaskólaárunum. „Þegar ég var að byrja í fjallamennsku var ekki hægt að fá neina gönguskó á Íslandi. En Iðunn, skóverksmiðja á Akureyri, byrjaði svo allt í einu að framleiða skó með svokölluðum Vibramsólum, og þetta var eins og maður hefði himin höndum tekið þegar maður fór í þeim á fjöll,“ segir Ari Trausti. „Þeir opnuðu nýja vídd í fjallamennsku.“

Verstu kaup Ara Trausta er notuð Pentax-myndavél, sem hann keypti í ótilgreindri verslun í Reykjavík upp úr 1990. „Með henni klúðraði ég bæði myndatöku í Grímsvatnagosi og leiðangri í Alpana,“ segir hann. „Svo kom í ljós að hún hafði orðið fyrir höggi áður en ég keypti hana sem gerði fókusinn ónýtan. Þetta reiknast sem sannarlega vond kaup.“

# Ljósanótt

Reykjanesbær 2012










## ÞAKKIR AÐ LOKINNI LJÓSANÓTT 2012

Ljósanótt, fjölskyldu- og menningarhátíð Reykjanesbæjar, var haldin í 13. sinn dagana 30. ágúst - 2. september s.l. Hátíðin var glæsileg og talið er að um 20 þúsund manns hafi tekið þátt í hátíðarhöldunum.

Við viljum þakka ykkur íbúum, styrktar- og samstarfsaðilum og síðast en ekki síst gestum kærlega fyrir ykkar þátt. Ykkar framlag er það sem gerir hátíðina svo einstaka.

**Sjáumst öll að ári.**

Árni Sigfússon bæjarstjóri
og Ljósanæturnefnd.



ljosanott.is

**14,3 MILLJARÐAR KRÓNA** var heildarvelta á millibankamarkaði í ágúst. Þar af námu gjaldeyriskaup Seðlabankans 1,79 milljörðum króna.

Samkeppnishæfni þjóða:

## Íslenska hagkerfið í 30. sæti

Ísland situr sem fastast í 30. sæti á lista Alþjóðaefnahagsráðsins (World Economic Forum) um samkeppnishæfni þjóða.

Í umsögn ráðsins kemur fram að íslenska hagkerfið sé framarlega þegar kemur að stofnunum og innviðum samfélagsins, heilbrigðiskerfi og menntakerfi. Þá telur ráðið að hér á landi sé frjór jarðvegur fyrir nýsköpun auk þess sem vinnumarkaðurinn þykir sveigjanlegur.

Á móti er bent á í skýrslunni að heimamarkaður sé lítill, staða efnahagsmála flókin auk þess sem fjármálamarkaðurinn þykir veikur. - mþl

Haustráðstefna Advania:

## Stór tækniráðstefna á morgun

**Haustráðstefna Advania verður á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu á morgun. Búist er við tæplega eitt þúsund gestum á ráðstefnuna sem er einn stærsti viðburður í upplýsingatæknisamfélaginu á Íslandi.**

**Alls verða fjörutíu fyrirlestrar fluttir á ráðstefnunni sem hefur fjögur þemu; sparnað, hagnýtingu, fróðleik og virkni. Meðal fyrirlesara verða Dan Lyons, tækniritstjóri Newsweek, Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans og Janne Sigurðsson, forstjóri Fjarðaráls. Búist er við um eitt þúsund gestum og verður þeim öllum boðið á landsleik Íslands og Noregs í knattspyrnu um kvöldið.** - mþl

# Helmingur markmiða sem fyrirtæki setja sér týnast

**Jeroen de Flander er sérfræðingur í innleiðingu stefnumótunar fyrirtækja. Hann verður fyrirlesari á ráðstefnu hér á landi síðar í mánuðinum en hann segir flestum fyrirtækjum mistakast við innleiðingu stefnumótunar.**

Algengt vandamál hjá fyrirtækjum er að leggja mikla vinnu í stefnumótun en mistakast svo að hrinda stefnumótuninni í framkvæmd á fullnægjandi hátt. Þetta segir Jereon de Flander, belgískur metsöluhöfundur og sérfræðingur í innleiðingu stefnumótunar.

Fréttablaði ræddi í vikunni við de Flander sem verður aðalfyrirlesari á ráðstefnu Capacent í Hörpu 20. september næstkomandi sem ber yfirskriftina: Frá stefnu til árangurs. Á ráðstefnunni mun de Flander fjalla um hvernig hægt er að taka skrefið frá stefnumörkun til aðgerðaáætlunar og mun hann byggja á rannsóknum sínum og viðamikilli starfsreynslu.

„Fyrir það fyrsta er mikilvægt að hafa í huga að stefnumótun og innleiðing eru tveir ólíkir hlutir. Þú þarft í raun einungis tvo snjalla einstaklinga til að móta góða stefnu. Þú læsir þá inni í herbergi í tólf vikur og þá ættu þeir að koma út aftur með vel heppnaða stefnumótun. Til að innleiða hana almennilega þarf hins vegar alla starfsmenn fyrirtækisins. Það má líkja því við að borða fíl. Það gengur einungis upp ef allir taka lítinn bita,“ segir de Flanders og bætir við að þar að auki taki mun lengri tíma að innleiða stefnumótun í fyrirtæki en að móta stefnuna.

Spurður hvað fyrirtæki þurfi að gera til að forðast að falla í þá gryfju að gleyma vandaðri stefnumótun ofan í skúffu svarar de Flander: „Í fyrsta lagi held ég að fyrirtæki verði að vera meðvituð um þessa hættu. Til að gefa þér hugmynd um hve mikil hún er get ég nefnt að viðskiptatímaritið Harvard Business Review framkvæmdi rannsókn á þessu. Niðurstaðan var sú að um helmingur allra markmiða sem meðalfyrirtækið setur sér við stefnumótun týndust við innleiðingu stefnumótunarinnar. Það er eins og að stefna á Ólympíugull en takast ekki einu sinna að vinna Suðurlandsmótið. Fæstir gera sér grein fyrir þessu og það er því það fyrsta sem fyrirtæki ber að gera; átta sig á vandanum.“

De Flander segir enn fremur að margir stjórnendur geri þau mistök að láta undirmenn sína um innleiðingu stefnumótunar. Það sé óráð því innleiðingin þurfi að eiga sér stað á öllum stigum fyrirtækisins, hún verði með öðrum orðum að verða partur af menningu fyrirtækisins. Allir starfsmenn þurfi að vera með stefnumótunina í huga.

„Að lokum er mikilvægt að innan fyrirtækja sé kunnátta á því hvernig breyta megi hugmyndum og stefnu í verkefni sem starfsmenn geta svo tekið að sér og klárað. Það er einungis á síðustu árum sem sú færni og stefnumótunarinnleiðing í víðara samhengi hefur orðið hluti af náminu í flestum viðskiptaháskólum. Fyrir fáum árum voru bara tveir viðskiptaháskólar í heiminum sem kenndu þetta og því hafa fæstir stjórnendur á vinnumarkaðnum í dag lært formlega um stefnumótunarinnleiðingu. Mín ráðlegging til stjórnenda er því að kynna sér þessi fræði og þjálfa starfsmenn fyrirtækisins upp í þeim.“

magnusl@frettabladid.is




**JEROEN DE FLANDER** De Flander hefur veitt þúsundum stjórnenda í 24 löndum ráðgjöf um innleiðingu stefnumótunar.

**STRATEGY EXECUTION HEROES** De Flander gaf út bókina Strategy Execution Heroes sem hefur komist á metsölulista viðskiptabóka hjá vefbókaverslunninni Amazon í fimm löndum.

Auglýst eftir
IPA-verkefnistillögum

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur auglýst eftir hugmyndum að IPA-verkefnum á Íslandi en markmið þeirra er að undirbúa mögulega þátttöku í uppbyggingarsjóðum ESB komi til aðildar að sambandinu.**

Auglýst er eftir verkefnum á sviði:
- **Atvinnuþróunar og byggðamála**
- **Velferðar- og vinnumarkaðsmála**

Til ráðstöfunar eru u.þ.b. 8,3 milljónir evra. Stefnt er að því að verja þeim til allt að 20 verkefna um allt land á árinu 2013.

Verkefni skulu taka mið af „Ísland 2020“ stefnumörkuninni og vera unnin í samstarfi a.m.k. þriggja aðila. Lágmarksstyrkur til hvers verkefnis er 200 þús. evrur og að hámarki ein milljón evra.

**Kynningarfundir verða haldnir á eftirfarandi stöðum á næstunni:**
Grand hóteli Reykjavík 10. september kl. 13-17.30
Háskólanum á Akureyri 11. september kl. 13-17.30
Hótel Héraði á Egilsstöðum 12. september kl. 13-17.30

Hægt verður að fylgjast með fundinum þann 11. september á vefsíðu Byggðastofnunar.

Fundirnir eru öllum opnir og aðgangur er ókeypis. Tilkynna þarf um þátttöku á netfangið ipa@byggdastofnun.is með a.m.k. sólarhrings fyrirvara.

**Umsóknafrestur er til 30. nóvember 2012**
Frekari upplýsingar um IPA og umsóknargögn eru aðgengileg á slóðinni:
**www.byggdastofnun.is/ipa**

Byggðastofnun Utanríkisráðuneytið rannís



**PENINGASTEFNUNEFNDIN** Sú breyting hefur orðið á nefndinni frá því að þessi mynd var tekin að Anne Sibert prófessor hætti í nefndinni en í stað hennar var skipuð Katrín Ólafsdóttir lektor.

Fundargerð peningastefnunefndar opinberuð:

## Einn nefndarmaður vildi hækka stýrivexti

Einn nefndarmaður í peningastefnunefnd Seðlabankans vildi hækka vexti bankans um 0,25 prósentustig við vaxtaákvörðun bankans í ágúst. Fjórir nefndarmenn studdu hins vegar tillögu seðlabankastjóra um að halda vöxtum óbreyttum sem varð ofan á.

Þetta kemur fram í fundargerð peningastefnunefndarinnar vegna vaxtaákvörðunarinnar í síðasta mánuði. Fundargerðin var gerð opinber í gær en á fundinum í ágúst var vöxtum bankans haldið óbreyttum og eru virkir stýrivextir bankans 5,125%.

Að mati meirihluta nefndarinnar var við hæfi að halda vöxtum óbreyttum í ljósi þess að verðbólga hafði farið lækkandi og raunstýrivextir þar með hækkað. Rétt væri að bíða og sjá hversu varanleg hækkun krónunnar í sumar væri áður en vextir yrðu hækkaðir frekar.

Minnihluti nefndarinnar taldi hins vegar að þar sem langtímaverðbólguvæntingar hefðu lítið breyst þrátt fyrir lækkun verðbólgu væri ástæða til að hækka vexti að þessu sinni.

Fundargerðir af vaxtaákvörðunarfundum peningastefnunefndarinnar skulu samkvæmt lögum birtar opinberlega tveimur vikum eftir hverja vaxtaákvörðun. Í ársskýrslu bankans verður síðan greint frá því hvernig einstakir meðlimir nefndarinnar hafa greitt atkvæði á árinu. - mþl

# Síðustu sætin í haustsólina






## STÖKKTU TIL BENIDORM

### 11. eða 19. september

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 11. September í 8 nætur eða 19. september í 7 nætur til Benidorm. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara.

**Kr. 64.900 – 8 nátta ferð**

Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð. Sértilboð 11. sept.

## FRÁBÆR ELDRIBORGARAFERÐ TIL BENIDORM

### 10. október í 3 vikur

Fjölbreytt dagskrá í boði í fylgd fararstjóra Heimsferða.

Frábært verð

**159.900 kr.**

á mann í tvíbýli með hálfu fæði á Deloix **** hótelinu.




## STÖKKTU TIL COSTA DEL SOL

### 11. eða 19. september

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu sætunum 11. september í 8 nætur eða 19. september í 10 nætur. Þú bókar flugsæti og gistingu og 3 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Fjölbreytt önnur sértilboð jafnframt í boði.

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði – verð getur hækkað án fyrirvara.

**Kr. 64.900 – 8 nátta ferð**

Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð.
Sértilboð 11. september í 8 nætur.

Skráðu þig í netklúbb Heimsferða og fáðu send öll tilboð.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM53418

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

# FULL BÚÐ AF HEILSU

## Settu þig í stellingu sem lætur þreytuna líða úr þér!

# Það er allt að

Charlotte Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færist ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



Aðeins kr. 34.754,- í 12 mánuði*
STÆRÐ 2X90X200
STILLAN-LEGT

SHAPE BY NATURE'S BEDDING

**Tilboðsverð**

**C&J + Shape dýna**

| Stærð cm. | Með still. botni |
|---|---|
| 2x80x200 | 375.800,- |
| 2x90x200 | 399.800,- |
| 2x90x210 | 405.800,- |
| 2x100x200 | 423.800,- |
| 120x200 | 230.900,- |
| 140x200 | 257.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Sabrina sófar



Sabrina 3ja sæta
kr. 57.015,-
TVEIR LITIR

Til í svöru og gráu tauáklæði

## Nature's Shape heilsurúm

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

SHAPE BY NATURE'S BEDDING



Aðeins kr. 14.477,- í 12 mánuði*
STÆRÐ 160X200
HJÓNA-RÚM

**Dorma-verð**

**Shape dýnur**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 80x200 | 59.900,- | 83.900,- |
| 90x200 | 65.900,- | 97.900,- |
| 120x200 | 85.900,- | 121.900,- |
| 140x200 | 99.900,- | 143.900,- |
| 160x200 | 114.900,- | 163.900,- |
| 180x200 | 129.900,- | 181.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Nature's Rest

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar viðarlappir
- 320 gormar pr fm²



Aðeins kr. 8.957,- í 12 mánuði*
STÆRÐ 140X200
FRÁBÆR KAUP

Nature's Bedding

**Dorma-verð**

**Nature's Rest**

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 44.900,- | 76.900,- |
| 100x200 | 46.900,- | 80.900,- |
| 120x200 | 53.900,- | 89.900,- |
| 140x200 | 55.900,- | 99.900,- |
| 160x200 | 65.900,- | 114.900,- |
| 180x200 | 75.900,- | 127.900,- |

* afborgun pr. mán. í 12 mán. Vaxtalaust lán. 3,5% lántökugj.

## Fyrir þá sem vilja dúnmjúka og hlýja alvöru dúnsæng og dúnkodda!

TVENNU 15.900,- TILBOÐ



Stök dúnsæng kr. **13.900**

Stakur dúnkoddi kr. **4.900**



**OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-16.00 • Sunnudaga frá kl. 13.00-16.00**

# DÝNUM OG -KODDUM!

## verða vitlaust!




ja sæta br. 190 cm
ja sæta br. 145 cm

Sabrina 2ja sæta
kr. 43.715,-
FRÁBÆRT VERÐ

## Dorma sængurverin

Vinsælu Dorma sængurverin margir litir



Sængurver
kr. 6.990,-
Margir litir

## Shape-heilsukoddar

Shape heilsukoddarnir gefa þann stuðning og þægindi sem tryggja þér góða næturhvíld.

Shape Classic
kr. 5.900,-
Ótrúlega þægilegur
ÞÉTTUR

Shape Original
kr. 8.900,-
Veitir réttan stuðning
STUÐNINGS LAG



SHAPE
BY NATURE'S BEDDING

Shape Comfort
kr. 4.900,-
Alhliða heilsukoddi
MJÚKUR



## Milano hægindastóll á frábæru verði!

Hægindastóll
kr. 39.900,-
FJÓRIR LITIR



Hvítur

Brúnn

Latte

Svartur

## Komdu núna!

DORMA
– býður góða nótt

Holtagörðum • Pöntunarsími 512 6800 www.dorma.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ísland fetar grískar leiðir:

## Falin skuld er samt skuld

Ísland og Grikkland eru, með réttu eða röngu, holdgervingar alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Ástæður hamfara þeirra eru þó afar ólíkar. Ísland féll vegna þess að ofurskuldsettur einkageiri dró þjóðríkið með sér niður en Grikkland felldi sig sjálft með gegndarlausri ríkisskuldabréfaútgáfu og hömlulausu útgjaldafylleríi.


SKOÐUN



**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is


Í umræðu um Evrópusambandsaðild hérlendis er því oft haldið fram að ástand Grikkja væri ekki jafn slæmt og það er ef þeir væru með drökmu í stað evru. Þá gætu þeir gengisfellt eins og Íslendingar og náð fram risavaxinni eignatilfærslu frá almenningi til útflutningsaðila til að ná jákvæðum vöruskiptajöfnuði. Vandi Grikkja var hins vegar ekki gjaldmiðillinn, þó hann hafi gert þeim kleift að fá meira lánað þegar þeir voru ekki borgunarmenn skulda sinna. Vandinn var feluleikur grískra stjórnvalda og vilji ESB til að líta í hina áttina.

Síðan Grikkland lagði spilin á borðið og sýndi sína réttu fjárhagsstöðu er ljóst að landið blekkti sig í raun inn í evrópska myntsamstarfið. Þegar Grikkir tóku upp evru árið 2001 sögðu opinberar tölur að fjárlagahalli væri nánast enginn, að prósentustig atvinnuleysis væru teljandi á fingrum annarrar handar og að skuldir landsins væri tæpur þriðjungur af þjóðarframleiðslu. Við hrun Grikklands árið 2009 kom hins vegar í ljós að stjórnendur landsins höfðu verið að fikta í neysluvísitölunni til að fela verðbólgu, skráðu atvinnuleysi allt of lágt og fóru í ótrúlegar æfingar við að fela skuldir utan ríkisreiknings. Í dag eru skuldir Grikkja 132,4 prósent af þjóðarframleiðslu, atvinnuleysi 23,1 prósent og fjárlagahallinn tæplega sjö prósent.

Lærdómurinn sem hægt er að draga af aðferðum Grikkja er sá að ríki geta ekki falið eiginlegt ástand til lengdar. Því lengur sem dregið er að takast á við vandann, því erfiðari verður hann viðureignar þegar sá tími kemur. Það sést best á 21,27 prósenta skuldatryggingarálagi á tíu ára skuldabréf sem Grikkland gefur út. Það er langsamlega hæsta álag allra Evrópuþjóða.

Íslensk stjórnvöld virðast þó ekki ætla að draga þann lærdóm. Þvert á móti hefur þeim ríkisábyrgðum og fjárhagslegu skuldbindingum ríkisins sem koma ekki fram í fjár- eða fjáraukalögum fjölgað til muna eftir bankahrun. Þannig er til dæmis neikvæð tryggingafræðileg staða A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) upp á rúma 47 milljarða króna ekki færð til skuldar né bakábyrgð ríkissjóðs á gríðarlegum skuldbindingum B-deildar sama sjóðs. Allsherjarábyrgð á öllum innstæðum fjármálafyrirtækja er það ekki að neinu leyti heldur þrátt fyrir að hún hafi kostað íslenska skattgreiðendur 26 milljarða króna í ár vegna falls SpKef. Þá eru tugmilljarða króna framkvæmdir, sem samþykkt hefur verið að ráðast í, geymdar utan ríkisreiknings. Þar ber helst að nefna Hörpuna, nýtt sjúkrahús, Vaðlaheiðargöng og mögulega nýtt fangelsi á Hólmsheiði. Til viðbótar hangir Icesave-málið, af öllum sínum fjárhagslega þunga, enn yfir þjóðinni og gæti dottið inn á skuldahlið hennar ef illa fer.

Það er ekki nóg að sópa þessum íþyngjandi kostnaðarliðum út af ríkisreikningi. Þeir hverfa ekki þótt þeir sjáist ekki tímabundið. Líkt og Grikkir geta vitnað um þá finnur alltaf einhver skítinn undir teppinu á endanum.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Sjokkerandi sjokkering

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, sagði DV í gær að hún væri frekar sjokkeruð. Tilefnið var að forsvarsmaður fyrirtækis sem var úthlutað lóð í bænum var kosningastjóri Ármanns Kr. Ólafssonar bæjarstjóra. Guðríður hyggst leggjast yfir þessi tengsl, sem komu henni greinilega svo mikið á óvart að hún er sjokkeruð yfir þeim. Þetta vekur upp spurningar um ábyrgð kjörinna fulltrúa. Guðríður sat fund framkvæmdaráðs 4. apríl þar sem dregið var á milli umrædds fyrirtækis og annars umsækjanda og bæjarstjórnar þann 10. apríl þar sem úthlutunin var samþykkt. Hún hefði kannski átt að vera búin að kynna sér umsækjendurna fyrir fram, frekar en að sjokkerast á þeim eftir á.



### Breiðu spjótin

Margt merkilegt hefur komið fram í réttarhöldum vegna ákæru Gunnlaugs M. Sigmundssonar á hendur Teiti Atlasyni vegna meiðyrða. Þau tíðkast þar breiðu spjótin, ekki síst í yfirlýsingum, en í vitnastúku settist í gær Jón Baldvin Hannibalsson fyrrum utanríkisráðherra.



### Óstarfhæfur ráðherra

Eitt í orðum Jóns Baldvins vekur athygli umfram annað, nefnilega það að hann hafi ekki getað brugðist við minnisblaði sem hann fékk sem ráðherra um að ýmislegt væri vafasamt í starfsemi Kögunar. Jón Baldvin var nefnilega upptekinn í kosningabaráttu, en minnisblaðið barst honum mánuði fyrir kosningar árið 1995. Er það svo með fleiri ráðherra að þeir séu óstarfhæfir vikum saman fyrir kosningar, þar sem þeir reyna að ná endurkjöri? **kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Ben Stiller og samkeppnishæfni


Viðskipti



**Þórey Vilhjálmsdóttir**
framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins


Fréttir af Ben Stiller og fylgdarliði hans hafa verið áberandi á síðustu vikum og mánuðum. Það er ekki hægt annað en vera stoltur af athyglinni sem vakin er á landinu okkar með veru hans og annarra kvikmyndastjarna hér. En það er vert að minna sig á það af hverju þau eru hér. Við viljum gjarnan tengja það beint við okkar stórbrotna landslag og fögru náttúru sem að sjálfsögðu eiga þar stóran þátt. En fyrst og fremst komum við til greina sem tökustaður fyrir stórmyndir eins og „The Secret life of Walter Mitty“ vegna laga um endurgreiðslu til kvikmyndagerðar sem sett voru árið 1999. Lögin byggja á því að veita endurgreiðslu á 20% af framleiðslukostnaði kvikmynda sem fellur til á Íslandi. Við setningu þessara laga varð Ísland samkeppnishæft á alþjóðlegum vettvangi sem tökustaður fyrir erlendar stórmyndir.

Það þarf ekki að taka fram hversu mikil og góð áhrif lögin hafa haft á greinina en í dag starfa um 800 manns við kvikmyndagerð á Íslandi og eru þar ótalin öll þau afleiddu störf sem falla til en talið er að þau séu allt að þrisvar sinnum fleiri. Við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að missa fólkið okkar úr landi í þessari grein – miklu frekar höfum við verið að fá fólkið okkar aftur heim sem starfað hefur við kvikmyndagerð erlendis.

> Það gilda nákvæmlega sömu lögmál í ferðaþjónustunni og að markaðssetja Ísland sem tökustað.

Staða kvikmyndaiðnaðarins á Íslandi í dag er staðfesting á því að þegar ríkisvaldið sleppir tökunum, lækkar álögur og leyfir einkaframtakinu að njóta sín þá njóta allir góðs af því. Nú stendur til að hækka álögur á ferðaþjónustu þannig að nánast verður útilokað fyrir fyrirtækin að vera áfram samkeppnishæf alþjóðlega. Það gilda nákvæmlega sömu lögmál í ferðaþjónustunni og að markaðssetja Ísland sem tökustað. Ef skattaumhverfið er ekki samkeppnishæft þá komum við ekki til greina – við erum ekki á listanum. Ef við ætlum að nýta þann meðbyr sem Ben Stiller og félagar hans hafa veitt okkur þá hækkum við ekki álögur á ferðaþjónustu.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lengi hefur Fjallkonan hrópað á hjálp!

Landvernd



Herdís Þorvaldsdóttir
leikkona og fv. formaður Lífs og Lands

Árið 1888, fyrir 124 árum, hélt Jón Bjarnason prestur, fyrst í Álftafirði og svo í Gimli í Nýja Íslandi, erindi um Ísland. Það var flutt í Dakota á 4. ársþingi hins ev.lút. kirkjufélags í Vesturheimi. Erindið fjallar að mestu leyti um hina skelfilegu gróðureyðingu á Íslandi. Síðan að skóginum var eytt sé hún orðin mjög hraðfara, nú liggi jarðvegurinn sem er ekki þegar eyddur opinn fyrir algerri eyðileggingu. Á meðan fjallshlíðarnar, holtin og hæðirnar voru hrísi vaxnar hélst jarðvegurinn kyrr. Það var ekki heyjað nóg fyrir skepnurnar sem settar voru á. Þess í stað var treyst sem mest á vetrarbeit sem var, og er, einhver versta landnýting sem hugsast getur, segir landfræðingurinn Ólafur Arnalds.

Vetrarbeit er nú að mestu hætt í dag en í staðinn hefur fé bænda sem rányrkja landið fjölgað mikið án nokkurrar ábyrgðar þeirra á afleiðingunum. Á seinni hluta síðustu aldar voru um tíma 2.000.000 fjár á sumarbeit. Þá stórjukust skemmdir á gróðurlendi á stuttum tíma. Síðan var reynt að fækka fénu, aðallega vegna óhemju kostnaðar við að borga bændum fyrir að framleiða allt þetta óþarfa fé og svo til að losna við alla offramleiðsluna.

Þetta kostaði okkur tugi milljóna á hverju hausti í áratugi. Bæði í útflutningi sem var niðurgreiddur af okkur skattborgurunum og urðun á afganginum sem losna þurfti við úr frystihúsunum. Þetta er auðvitað þrautpíndur gróður landsins sem við erum að farga með þessum skepnum eða niðurgreiða ofan í aðrar þjóðir. Enn er mikil offramleiðsla. Til hvers? Síðan krónan féll í bankahruninu hefur útflutningurinn nokkurn veginn staðið undir sér. En við skattborgararnir sem höfum borgað bændum rúma 4 milljarða á ári fyrir að framleiða þessar skepnur fáum ekkert og ofbeitin skaðar stöðugt landið. Landgræðslan þarf að elta uppi skemmdirnar, aftur fyrir okkar pening. Fólk er almennt farið að gera sér grein fyrir hvað þessi fornyrkjubúskapur, lausabeit á landinu, kostar okkur.

Bændaforystan berst þó á móti öllum breytingum og vill áfram nýta landið okkar algerlega eftir sínum þörfum og lokar augunum fyrir afleiðingunum. Þeir eru jafnvel svo ósvífnir að hvetja bændur til að stækka fjárstofninn til að hægt sé að auka útflutninginn, á okkar kostnað, um helming. Þá yrðu hátt í tvær milljónir fjár að naga þann gróður sem eftir er og dygði ekki til. Er þetta ekki ósvífin græðgi þar sem búið er að sýna fram á að álagið á landið er þegar allt of mikið? Að auki hefur Landgræðslan varla undan að græða skemmdirnar og rækta upp beitilönd á okkar kostnað fyrir þennan sauðfjárflota bændanna! Virðingarleysið gagnvart okkur skattborgurum og landinu er án allra takmarkana. Nú vilja nokkrir bændur fá að reka aftur fé sitt á afrétt sem búið var að gereyða og þess vegna ekki nýttur í rúman áratug svo ekki þurfti að halda við girðingu sem girti hann frá Þórsmörk. Þessi stóra afrétt var kölluð Almenningar og er farið um hana á kafla á Laugarvegsgöngunni þekktu.

Eitthvað hefur verið þar unnið að uppgræðslu á þessum árum og smá gróðurblettir að myndast og birkikjarr. Hún er samt alls ekki tilbúin til beitar og eyðilegðist þá fljótt árangur friðunarinnar, segir Landgræðslan. Auk þess ætti bitvargurinn þá greiða leið inn í Þórsmörkina sem búið er að friða í sjötíu ár.

Til að koma í veg fyrir að gróðurinn í Þórsmörkinni verði aftur að sauðfjárfóðri verður Landgræðslan (við) að girða aftur þarna á milli. Það kostar Landgræðsluna (okkur) tugi milljóna, einungis vegna sauðkinda nokkurra bænda sem segjast eiga rétt á beitinni því friðunartíminn sé búinn. Það eru mörg fornaldarlög enn í gildi síðan við vorum bara bændasamfélag og eru löngu úrelt. Þeir geta haldið því fram að þetta sé löglegt en siðlaust er það og bætir ekki orðspor bændastéttarinnar að sýna þvílíka eigingirni og tillitsleysi gagnvart okkur hinum og landinu.

> Þegar sauðfjárbændur verða tilbúnir að viðurkenna vandann þá verður einfalt mál að takast á við afleiðingarnar.

Höfum við engan rétt? Verðum við látin borga þessa girðingu? Einungis til að nokkrir bændur geti klárað aftur gróðurinn á afréttinni fyrir ofan? Hvar eru hetjurnar á Alþingi sem eiga að gæta hagsmuna lands og þjóðar? Þessi yfirgangur bændastéttarinnar gagnvart nýtingu á landinu vegna úreltra laga er orðinn óþolandi fyrir okkur hina íbúa þessa lands. Þessu verður að breyta. Ég tek það fram að ég veit að einhverjir bændur eru farnir að átta sig á ástandinu og finnst sjálfsagt að stunda sinn búskap á sínu landi en ekki annarra í þeirra óþökk og bera ábyrgð á sínum skepnum. Þeir eru til sóma og heill sé þeim. Vonandi getum við komið okkur saman um að búa í landinu án þess að rýra stöðugt gæði þess fyrir stundarhagsmuni fárra útvaldra. Þegar sauðfjárbændur verða tilbúnir að viðurkenna vandann þá verður einfalt mál að takast á við afleiðingarnar. Fjallkonan er tilbúin að fara að græða sárin sín og klæðast aftur blómskrúði í skjóli skóga. Bara ef hún fær frið til þess.

**AF NETINU**

### Jafnréttið og peningamálin

Nú síðast tók ÚJ snúning á Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra. ÚJ gerði sitt eigið einfalda mat, sem Ásta Bjarnadóttir bendir á að sé ófullnægjandi frá sjónarmiði jafnréttislaganna. Það er raunar einnig ófullnægjandi ef mið er tekið af auglýsingunni um viðkomandi starf.

Þörf var m.a. á mati huglægra þátta skv. auglýsingunni. Mér skilst að ráðuneytið og ráðherrann hafi framkvæmt slíkt mat, en í endanlegu mati ÚJ er bara stuðst við lýsingar í starfsferilsskrá og menntun.

Þar með tókst að setja annan einlægan jafnréttissinna á sakamannabekk, með kúnstum lögfræðinganna í ÚJ! Það er þó ekki eins og Ögmundur sé sakaður um að hafa verið að hygla flokksbróður, ættingja eða vini og klíkubróður, né að hann hafi haft hag af þessari niðurstöðu. Hann svaraði þó klaufalega fyrir þetta í fyrstu og fékk hörð viðbrögð.

http://blog.pressan.is

**Stefán Ólafsson**




EGF húðvörur eru afrakstur íslenskrar nýsköpunar og vísindarannsókna. Þær innihalda EGF frumuvaka sem er framleiddur í byggi með einstakri erfðatækni. EGF frumuvakinn gegnir lykilhlutverki í líffræði húðarinnar og stuðlar að endurnýjun hennar.

Fylgstu með á Facebook.com/EGFhudvorur

www.sifcosmetics.is

# Er Strætó bs ekki fyrir fatlaða?

Samgöngur

Þorleifur Gunnlaugsson
varaborgarfulltrúi, situr í velferðarráði



Mál sem hefur vakið litla athygli er fyrirhugað útboð á ferðaþjónustu fatlaðra. En er þetta ekki þjónusta sem á heima undir hatti Strætó?

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa undanfarið aukið samstarf sem er af hinu góða. Í þessu skyni hafa samtökin sett á fót ýmsar samstarfsnefndir og ein þeirra skilaði nýverið tillögum til sveitarfélaganna á svæðinu um ferðaþjónustu fatlaða. Tillagan gengur út á það að ferðaþjónusta fyrir fatlaða verði boðin út á starfssvæði samtakanna – en um er að ræða Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Álftanes, Seltjarnarnes, Mosfellsbæ og Kjósarhrepp.

Nú vill svo til að Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu reka einnig byggðasamlagið Strætó. Meginhlutverk þess er að veita þjónustu á sviði almenningssamgangna. „Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna (strætó), ferðaþjónusta fatlaðra og ferðaþjónusta eldri borgara“ eins og segir á heimasíðu samlagsins. Byggðasamlag ofantalinna sveitarfélaga skilgreinir sem sagt ferðaþjónustu fatlaðra og eldri borgara sem hluta af almenningssamgöngum. Í þessu felst væntanlega sú hugsun að almenningssamgöngur séu grunnþjónusta fyrir alla, án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, efnahags, ætternis, heilsufars, fötlunar eða aldurs.

Borgarráð hefur óskað eftir umsögn velferðarráðs Reykjavíkur um tillöguna og meirihluti þess hefur lagt til að fram fari útboð á ferðaþjónustu fatlaðra. Undirritaður er ósammála og bókaði það álit að ferðaþjónusta fatlaðra eigi að tilheyra almenningssamgöngum. Þessi þjónusta á að vera fyrir fatlaða íbúa höfuðborgarsvæðisins jafn sjálfsagður kostur og almenningssamgöngur fyrir aðra. Það liggur í augum uppi að ef Strætó bs. annast þessa þjónustu þá hljóti það að skapa meiri hagræðingu en aðrir kostir gætu gert, þar sem um stærsta almenningsvagnafyrirtæki landsins er að ræða. Strætó bs. er sameign íbúa höfuðborgarsvæðisins og fulltrúar almennings í stjórn byggðasamlagsins gætu tryggt að hagsmuna fatlaðra yrði vel gætt í rekstri þess. Sinni Strætó bs. þjónustu við fatlaða mun hvatinn til að gera almennu vagnana aðgengilega jafnframt verða meiri og vonandi leiða til þess að minna þurfi að bregðast við sérþörfum.

Undirritaður hvetur kjörna fulltrúa, samtök fatlaðra og mannréttindasinna vítt og breitt til að beita sér gegn þessum frjálshyggjuhugmyndum um útvistun á grunnþjónustu. Við segjum nei við samfélagi aðskilnaðar á höfuðborgarsvæðinu.

# Uppbyggingarhrun

Sjávarútvegsmál

Magnús Jónsson
veðurfræðingur



Í makríldeilunni svokölluðu er tekist á um skiptingu afla úr þessum stóra fiskistofni. Margt bendir til þess að stærð hans sé stórlega vanmetin, sagði Guðmundur Óskarsson fiskifræðingur í viðtali í Morgunblaðinu nýlega og magn þeirrar fæðu sem þessi ránfiskur tekur til sín þá einnig. Kannski er hann að éta árlega tugi milljóna tonna úr lífmassa Norður-Atlantshafsins, aðallega ljósátu, rauðátu, svifdýr, sandsíli, trönusíli og jafnvel smáloðnu, síldarseyði og annað fisksmæli. Margir sjómenn líkja þessum fiski við engisprettufár.

Sumir rekja hrun sandsílisstofnsins til stækkunar makrílstofnsins með tilheyrandi keðjuverkun á fugla- og fiskistofnum. Og nú eru menn í óða önn að reyna að byggja alla stofna upp samtímis óháð því hverjir éta hvern! Á t.d. að friða svartfuglinn og kríuna á landi og þorskinn, ýsuna og lúðuna í sjó til þess eins að drepast úr hungri vegna uppbyggingar á makrílstofninum?

Hvenær skyldi koma að því að raunveruleg náttúrufræði verði tekin með í reikninginn þegar sest er við samningaborð um veiðar, nýtingu einstakra stofna og skiptingu þeirra á milli einstakra þjóða? Væri ekki skynsamlegast í stöðunni að veiða eins mikið af makríl og markaður er fyrir áður en hann étur aðra mikilvægari fiskistofna, fuglastofna og jafnvel þjóðina út á gaddinn? Áhrif slíkra makrílveiða á lífríkið yrðu síðan verðugt rannsóknarefni fyrir fiski- og fuglafræðinga.



Allt í myrkri?

Snemma á morgnana og á nóttinni dreifa 450 blaðberar pósti og Fréttablaðinu til lesenda.

Hvernig er aðkoman að póstlúgu á þínu heimili?

Til að tryggja öryggi blaðbera og dreifingu til þín þarf lýsing að vera til staðar. Höfum ávallt kveikt á útiljósum og sjáum til þess að aðgengi að póstlúgu sé viðunandi.

Póstdreifing
Sími: 585 8300 www.postdreifing.is

# Nýtur ríkisstjórnin sannmælis?

Efnahagsmál

Jón Steinsson
dósent í hagfræði við Columbia-háskóla í New York



Núverandi ríkisstjórn er með eindæmum óvinsæl um þessar mundir. Nýjustu kannanir mæla stuðning við stjórnina upp á aðeins 34%. Þetta er einkennilegt í ljósi þess hversu vel hefur gengið að koma hagkerfinu aftur á rétta braut eftir hrunið og einnig í ljósi þess hversu mörgum stórum og mikilvægum málum ríkisstjórninni hefur tekist að koma í gegn á skömmum tíma.

**Lítum yfir farinn veg hjá ríkisstjórninni:**

**1. Stóru bankarnir:** Hún náði samningum við kröfuhafa Glitnis og Kaupþings sem fólu í raun í sér einkavæðingu Íslandsbanka og Arion banka. Ég held að margir eigi til að gleyma því hvað þetta var mikilvægt. Upprunalega hugmyndin var að ríkið myndi eiga alla bankana þrjá. Og þar sem stór hluti fyrirtækja í landinu var í vanskilum hjá bönkunum eftir hrunið hefði ríkið því í raun svo gott sem átt stóran hluta margra fyrirtækja í landinu. Við hefðum verið ansi nálægt fullkomnum sósíalisma þar sem ríkið hefði getið hafist handa við fyrirgreiðslupólitík og miðstýringu af áður óþekktri stærðargráðu. En þess í stað einkavæddi þessi fyrsta vinstristjórn Íslandssögunnar tvo af bönkunum þremur á skömmum tíma án spillingar. Það verður að teljast talsvert afrek.

**2. Ríkisfjármálin:** Hún hefur sannarlega lyft grettistaki í ríkisfjármálum. Fjárlagahallinn þegar hún tók við var 13% af vergri þjóðarframleiðslu og ríkissjóður stefndi hraðbyri í greiðsluþrot. Nú hefur þessum fjárlagahalla að stærstum hluta verið eytt á örfáum árum. Það var gert með blöndu af niðurskurði og skattahækkunum en án þess að velferðarkerfið léti á sjá svo um munaði. Á árunum fyrir hrun var því stíft haldið fram að vinstrimönnum væri ekki treystandi til þess að reka ábyrga efnahagsstefnu. Hið gagnstæða hefur sannast. Vinstrimenn tóku við einum mesta efnahagsvanda sem við Íslendingar höfum upplifað og ráku svo ábyrga efnahagsstefnu að jafnvel Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hampar þeim. Ef ekki fyrir þetta þá værum við í vondum málum í dag.

**3. Landsvirkjun:** Hún skipaði nýjan forstjóra Landsvirkjunar sem hefur gjörbreytt stefnu fyrirtækisins í þá átt að hámarka verðið (og þar með arðinn) sem við fáum fyrir auðlindina. Fyrir tíð þessarar ríkisstjórnar neitaði Landsvirkjun af einhverjum ástæðum að upplýsa almenning um orkuverð til stóriðju. Öll umræða um skynsemi stóriðjuframkvæmda var af þeim sökum út og suður. Þessu var strax breytt eftir að ný forysta tók við. Þá kom í ljós að Landsvirkjun hafði verið að selja orkuna með nokkuð ríflegum afslætti af einhverjum ástæðum. En nýr forstjóri hefur síðan lagt áherslu á að hverfa af þeirri braut. Og nú glittir í það að Landsvirkjun geti farið að greiða eiganda sínum talsverðan arð. Það var mikið!

**4. Seðlabankinn:** Hún rak Davíð Oddsson úr Seðlabankanum. Ég hvet lesendur til þess að reyna að hugsa þá hugsun til enda að Davíð væri enn seðlabankastjóri.

**5. Skuldavandi heimilanna:** Hún hefur staðið sem klettur gegn ævintýralegum þrýstingi um almenna skuldaniðurfellingu. Slík skuldaniðurfelling hefði haft afleitar afleiðingar. Hún hefði verðlaunað þá sem fóru sér að voða fjárhagslega á árunum fyrir hrun á kostnað þeirra sem fóru varlegar. Hún hefði kostað ríkið hundruð milljarða og því í raun þýtt miklu hærri skatta í áratugi (og eru skattar nógu háir fyrir). Hún hefði í mörgum tilfellum falið í sér stórkostlegar niðurgreiðslur til hátekju- og stóreignafólks á kostnað almennra skattgreiðenda. Og hún hefði falið í sér verulega tilfærslu fjár frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins (hún hefði verið einhver stærsti landsbyggðarskattur sögunnar). Í stað almennrar niðurfellingar hefur ríkisstjórnin staðið fyrir aðgerðum sem beinast sérstaklega að þeim sem virkilega þurfa á hjálp að halda (110% leiðin, greiðsluaðlögun, skuldaaðlögun, beina brautin, breytingar á gjaldþrotalögum). Það er súrt að sjá ríkisstjórnina gjalda fyrir það að taka jafn skynsama afstöðu í jafn mikilvægu máli. Og sérstaklega súrt að sjá sjálfskipaða postula eignarréttar og ábyrgrar efnahagsstefnu kasta klæðunum og herja á ríkistjórnina í þessu máli.

**6. Skattkerfið:** Hún hefur gert grundvallarbreytingar á skattkerfinu sem miða að því að skattar leggist frekar á þá sem eru betur í stakk búnir til þess að greiða þá, þ.e. hátekju- og stóreignafólk. Á árunum fyrir hrun voru skattar á háar tekjur og fjármagnstekjur lækkaðir á meðan hækkun persónuafsláttarins hélt ekki í við laun. Fyrir vikið hækkuðu skatthlutföll lág- og millitekjufólks á meðan skatthlutföll hátekjufólks lækkuðu verulega. Á síðustu árum fyrir hrun var skattkerfið orðið þannig að þeir sem mestar tekjur höfðu greiddu lægra hlutfall tekna sinna í skatt en meðaljóninn. Þessu hefur núverandi ríkisstjórn breytt. Fyrir vikið hafa skatthlutföll lækkað hjá stærstum hluta þjóðarinnar.

**7. Veiðigjald:** Hún hefur lagt á veiðigjald sem loksins tryggir að þjóðin njóti sanngjarns hluta þess auðlindaarðs sem verður til í sjávarútvegi. Fram að þessu hefur útgerðin fengið verðmætum aflaheimildum úthlutað frá hinu opinbera nánast án endurgjalds. Þessi ráðstöfun hefur fært eigendum útgerðarfyrirtækja ævintýralegan auð umfram eðlilegan arð af því fé sem þeir hafa lagt til rekstrarins. Á árunum frá hruni hefur þessi umframarður líklega numið um 45 ma.kr. árlega. Markmið ríkisstjórnarinnar er að veiðigjaldið leggist einungis á þennan umframarð. Þetta er framkvæmt með því að reikna fyrst framlegð útgerðarinnar í heild og draga síðan frá eðlilegan arð af því fé sem eigendur útgerðarinnar hafa lagt til rekstrarins (skip, frystihús o.s.frv.). Veiðigjaldið leggst einungis á þá upphæð sem eftir stendur. Vitaskuld er erfitt að meta nákvæmlega hver umframarðurinn í sjávarútvegi er. En þessi aðferð ríkisstjórnarinnar er snjöll og ætti að komast nálægt því að leggja gjald einungis á umframarðinn. Af þessum sökum mun veiðigjaldið tryggja hvort tveggja, að útgerðin búi við blómleg rekstrarskilyrði til frambúðar og að þjóðin fá sanngjarnan hluta auðlindaarðsins.

> Ísland er í ótrúlega góðri stöðu í dag aðeins þremur árum eftir að hafa verið í ótrúlega vondri stöðu.

**8. Breytingar á stjórnarráðinu:** Hún hefur fækkað ráðuneytum úr tólf í átta. Stærsta breytingin er tilkoma atvinnuvegaráðuneytisins. Sú ráðstöfun að hafa sérstök ráðuneyti tileinkuð málefnum landbúnaðar, sjávarútvegs og iðnaðar orkaði tvímælis. Hættan var vitaskuld sú að ráðherrar í þessum ráðuneytum ynnu að hagsmunum „sinna“ atvinnugreina jafnvel þegar þeir sköruðust við almannahagsmuni eða hagsmuni annarra atvinnugreina. Stofnun atvinnuvegaráðuneytis ætti að draga verulega úr þessari hættu.

Vitaskuld er ekki allt gott sem þessi ríkisstjórn hefur gert og hún hefur langt frá því leyst öll erfið vandamál sem við stöndum frammi fyrir. Þar ber hæst gjaldeyrismálin. Lítið hefur miðað í þeim málum. Meðhöndlun Icesave og seinagangur varðandi framkvæmdir (t.d. stækkun vega út úr borginni) eru ámælisverð að mínu mati. Og svo er ég sjálfur ekki sérstaklega áhugasamur um inngöngu í Evrópusambandið, sérstaklega í ljósi þeirrar óvissu sem ríkir um framtíð þess sambands.

En þegar það jákvæða er borið saman við það neikvæða vegur það jákvæða mun þyngra í mínum huga. Ísland er í ótrúlega góðri stöðu í dag aðeins þremur árum eftir að hafa verið í ótrúlega vondri stöðu. Erfiðar ákvarðanir sem þessi ríkisstjórn tók eiga mikinn þátt í þessum viðsnúningi. Ég vona að hún njóti sannmælis hvað það varðar.

## AF NETINU

### Íhaldsstrákarnir óttast Hönnu Birnu

Strákagengið í þingflokki Sjálfstæðisflokksins óttast greinilega Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem gæti ef hún vildi rúllað upp prófkjöri í Reykjavík og tekið fyrsta sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins fyrir komandi alþingiskosningar. Það er hin rökrétta skýring á því að þingflokkurinn kasti duglegri konu sem þingflokksformanni og geri umdeildan fyrrum bankastrák og hrunliða að formanni þingflokks.

Það virðist reyndar vera að myndast óttabandalag innan þingflokks Sjálfstæðisflokksins leitt af Bjarna Benediktssyni, formanni Sjálfstæðisflokksins. Óttabandalag sem hangir saman á óttanum við Hönnu Birnu og sameinar strákana sem fyrrum áttu í átökum.

Það er nefnilega pólitískt lífsspursmál fyrir strákagengið að halda Hönnu Birnu frá leiðtogasætinu í Reykjavík.

Ekki síst er það pólitískt lífsspursmál fyrir Bjarna Benediktsson því það er ljóst að Hanna Birna í leiðtogasæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík mun verða dagleg ógn við leiðtogahlutverk Bjarna Benediktssonar. Hlutverk sem hann leikur reyndar frekar ósannfærandi þessi annars ágæti og geðþekki drengur.

http://blog.pressan.is

**Hallur Magnússon**

### Makríldeilan

Þegar makríldeilan er skoðuð síðustu mánuðina er auðvitað ekki von á góðu, frá viðsemjendum okkar. Þar hefur gengið á með stöðugum viðskiptahótunum, óskammfeilni og röngum fullyrðingu um vísindalegrar staðreyndir af hálfu amk. sumra viðsemjenda okkar.

En við hljótum að standa á rétti okkar, ábyrg fiskveiðiþjóð sem hefur í áranna rás verið boðberi ábyrgra veiða. Tilraun viðsemjenda okkar til þess að ófrægja okkur með ósönnum staðhæfingum um annað mun ekki takast.

http://www.ekg.is/

**Einar K. Guðfinnsson**

Grand Prix BAR BISTRO
Paradiso HEILSU-BOOSTBAR
Fellini RESTAURANT
Bugatti CAFÉ
Pro Shop ÍÞRÓTTAVÖRUR




# VIÐ ÓSKUM KEILUHÖLLINNI TIL HAMINGJU MEÐ GLÆSILEGA 4000 m² AFÞREYINGAR- OG SKEMMTIHÖLL Í EGILSHÖLL Í GRAFARVOGI

Keilusalur með 22 brautum • Fjölskylduvænt veitingahús • Heilsubar • Kaffihús • Sportbar / Bistro • Fundarsalir o.fl.



Íslandsbanki · VÍDD flísar og parket · VSB VERKFRÆÐISTOFA · LUMEX · Ölgerðin Egill Skallagrímsson · Auglýsingastofa Korter · US Bowling Corporation · easybowl Event Center Manager · Reginn fasteignafélag · ARTIS · ALARK arkitektar ehf. · SECURITAS · ETOS ehf · TANDUR · Ísold ehf. · FLEST-VERK · SELÓS · JÁVERK · Heimilistæki · JSÓ Járnsmiðja Óðins ehf. · advania · RAFHOLT · BAKO ÍSBERG

# Það er mikilvægt að eiga val: fermingarfrelsi í aldarfjórðung!

Samfélagsmál

Hope Knútsson

formaður Siðmenntar



Árið 1988 datt mér í hug að efna til borgaralegrar fermingar á Íslandi. Ég þekkti til slíkra ferminga í öðrum löndum sem voru óháðar trú og börnin mín sem voru að nálgast fermingaraldur höfðu áhuga á slíku vegna þess að við erum ekki kristin. Ég skrifaði grein í dagblöðin og sagði að börnin mín myndu verða fyrstu Íslendingarnir til að fermast borgaralega og spurði hvort fleiri vildu vera með. Síminn byrjaði að hringja og hefur ekki stoppað síðan. Það sem ég ætlaði að gera einu sinni hefur orðið að ævistarfi. Fimmtán aðrar fjölskyldur höfðu samband við mig fyrsta árið og við bjuggum til nefnd sem setti saman fermingarnámskeið. Við tókum til fyrirmyndar skipulag Norðmanna sem hafa staðið að borgaralegum fermingum síðan 1951. Við höfum verið að þróa námskeiðið síðan.

Tilgangur borgaralegrar fermingar er að efla heilbrigð og farsæl viðhorf ungmenna til lífsins. Þátttakendur rækta meðal annars með sér jákvæðni og ábyrgðarkennd gagnvart sjálfum sér og samborgurum sínum. Borgaraleg ferming er valkostur fyrir þá sem eru ekki reiðubúnir að strengja trúarheit, þá sem ekki trúa á æðri mátt, eða fyrir þá sem af öðrum ástæðum vilja ekki taka þátt í hefðbundinni kirkjulegri fermingu.

Fjallað er meðal annars um siðfræði, gagnrýna hugsun, að taka erfiðar ákvarðanir, mannleg samskipti, mismunandi lífsskoðanir og lífsstíl, tilfinningar, skaðsemi vímuefna, sjálfsmyndina og samskipti kynjanna, hamingjuna, tilgang lífsins, fordóma og fjölmenningu, að vera unglingur í auglýsinga- og neyslusamfélagi, umhverfismál, lífsferlið, sorg og áföll. Þátttakendur fá mörg tækifæri til þess að mynda sér skoðanir á hinum ýmsu málum og taka þátt í rökræðum. Að námskeiðinu loknu fer fram falleg og virðuleg athöfn og taka þau fermingarbörn sem vilja virkan þátt í henni með ýmsum hætti s.s. tónlistarflutningi, dansi, ljóðalestri og ávörpum. Einnig koma gestir sem flytja ávörp. Í lok athafnar fá þátttakendur viðurkenningarskjal til staðfestingar því að hafa tekið þátt í námskeiðinu.

Í haust förum við af stað í tuttugasta og fimmta skiptið. Frá upphafi hafa um 1.800 íslensk börn verið fermd borgaralega og um 23.000 gestir hafa verið viðstaddir útskriftarathafnirnar. Við höfum verið með börn alls staðar að af landinu og haldið sérstakt helgarnámskeið fyrir landsbyggðarfólk. Nýtt met var slegið sl. vetur með þátttöku 214 fermingarbarna. Þá var Siðmennt með sjö námskeiðshópa, sex í Reykjavík og einn á Akureyri fyrir ungmenni sem búa á Norður- og Austurlandi. Einnig erum við alltaf með nokkur fermingarbörn í fjarnámi sem búa erlendis. Fermingarathafnir voru haldnar í Reykjavík og Kópavogi, og á Selfossi, Akureyri og Fljótsdalshéraði.

Alls konar unglingar velja að fermast borgaralega. Sumir tilheyra trúfélögum, aðrir ekki, sumir eiga við fötlun að stríða og aðrir ekki, sumir eru af erlendum uppruna og sumir hafa ekki náð fullkomnum tökum á íslensku, sumir eru bráðgerir og eiga mjög auðvelt með nám og sumir eiga erfitt með nám. Tekið er á móti hverjum og einum eins og hann er og er fjölbreytt mannlíf álitinn mikill kostur. Trúarbrögð, kyn, uppruni, aldur, fötlun o.s.frv. skipta engu máli. Við eigum það öll sameiginlegt að vera manneskjur hvernig sem við erum og borgaraleg ferming er fyrir alla.

Sumir hafa spurt okkur af hverju orðið ferming er notað. Íslenska orðið „ferming“ er dregið af latneska orðinu „confirmare“ sem þýðir meðal annars „að styðja“ eða „að styrkjast“. Ungmenni sem fermast borgaralega eru að styrkja þá ákvörðun sína að vera ábyrgir borgarar í lýðræðislegu samfélagi.

Árið 1990 var lífsskoðunarfélagið Siðmennt stofnað í kringum borgaralega fermingu, en frá maí 2008 hefur félagið boðið upp á alhliða athafnarstjórnun við allar tímamótaathafnir fjölskyldna (nafngjöf, giftingu og útför) á veraldlegan eða húmanískan máta, stýrt af faglærðum athafnarstjórum félagsins.







Á Íslandi þurfa nokkur börn að takast á við ólæknandi sjúkdóma og erfiðleika sem mörgum hinna fullorðinna væri um megn. Öll fjölskyldan berst og þjáist með og enginn veit hvar illvíga sjúkdóma ber næst niður. En við getum hjálpað þessum ungu hetjum í baráttunni og með því að kaupa ***Á allra vörum*** gloss frá Dior leggur þú þitt lóð á vogarskálarnar!

**Eftirtaldir staðir selja *Á allra vörum* gloss**

- Fríhöfnin, Flugstöð Leifs Eiríkssonar
- Snyrtivöruverslanir Hagkaups um land allt
- Lyf og heilsa um land allt
- Lyfja um land allt
- Hygea, Kringlunni og Smáralind // Sigurboginn // Snyrtivöruverslunin Glæsibæ // Ólöf snyrtistofa, Selfossi // Jara, Akureyri
- Einnig er hægt að kaupa gloss á www.aallravorum.is

Dior vistor MEDOR FITON truenorth

Á ALLRA VÖRUM

www.aallravorum.is


# Leitin að höfundi Njálu

Í Fréttablaðinu 4. september er fróðleg grein um höfund Njálu, sem Einar Kárason rithöfundur fjallar um í bók, sem er að koma út eftir hann. Færir hann þar sem fleiri gild rök fyrir því, að Sturla Þórðarson hafi skrifað Njálu. Ég hef áður efast um þá staðhæfingu, og einkum bent á tvö atriði, sem mæla gegn því áliti. Hef ég ritað grein um það í bók minni Þjóðminjaþættir, sem kom út 2010 og er til sölu í Þjóðminjasafninu.

Þar bendi ég á tvö atriði, sem mæla gegn því að Sturla Þórðarson sé höfundurinn.

Í fyrsta lagi tek ég það fram, að til sé vísa í Eddu Snorra Sturlusonar, sem er eftir Brennu-Njál. Nú var Sturla vel kunnugur öllum skrifum frænda síns Snorra, og má furðu sæta, að hann hefði ekki gert sér mat úr þessu efni í bók sinni Njálu. Hefði hann þá fjallað um æsku Njáls, sjóferðir hans og skáldskapargáfu, eins og kemur fram í þessari vísu Njáls í Snorra Eddu.

Í öðru lagi segir í Njálu frá svæði sem Hrútur Herjólfsson leggur í bú sitt. Er þar talið upp stórt landsvæði í Dölum og fjallað um það af ókunnugleik. Nú var Sturla Þórðarson Dalamaður og hefði honum aldrei orðið þetta á í messunni að rita svona um svæði í sveit sinni.

Það verður fróðlegt að lesa þessa bók Einars, því hann færir mörg góð rök fyrir sínum málstað.

*Sturla Friðriksson*
*náttúrufræðingur*

# Staðan í dag

Kjaramál

Sigrún Birna Björnsdóttir
framhaldsskólakennari



Þann 1. september fékk ég útborgað. Það heyrir ekki til tíðinda hjá launþegum en þessi útborgun gerði mig hugsi. Föstudaginn 31. ágúst sat ég ráðstefnu á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis um innleiðingu sex nýrra grunnþátta í allt skólastarf. Grunnþættirnir auk annarra breytinga sem kveðið er á um í nýjum lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla valda umbyltingu í öllu skólastarfi. Ég fagna breytingunum en innleiðingarferli er ekki til og fjármagn er óskilgreint. Með öðrum orðum; það fjármagn og sú fræðsla sem þarf til að barnið komist til manns er ekki til staðar. Þetta mun auka það mikla álag sem nú þegar hvílir á kennurum og þeir eiga ekkert að fá borgað fyrir ómakið. Mér var kennt að gera alltaf mitt besta og nýta hvert tækifæri vel en hér er það ekki í boði.

Viljum við það?

Staðan

Ég er háskólamenntuð með meistaragráðu.

Ég er framhaldsskólakennari til 15 ára.

Ég er í frábæru starfi sem gefur mikið á meðan álagið er eðlilegt. Undanfarin ár hefur álagið aukist svo mikið að undir lok skólaárs finn ég fyrir einkennum kulnunar sem stafar m.a. af þyngri nemendum (álag vegna sértækra örðugleika og vegna annars móðurmáls nemenda er stórlega vanmetið) og aukinnar yfirferðar verkefna vegna stærri hópa. Að auki mun á komandi vikum og mánuðum bætast við undirbúningur og vinna vegna nýrra áherslna í kennslu og innleiðingar nýrrar aðalnámskrár framhaldsskóla.

Niðurskurður hefur blóðmjólkað framhaldsskólann og nú er komið að þolmörkum. Framleiðni hans er augljós og mikilvæg. Hann býr ungmenni undir þátttöku í þjóðfélaginu. Hann býr til virka þjóðfélagsþegna og kemur börnunum okkar til manns. Kennarinn kemur beint að borðinu. Án framhaldsskólans og kennaranna væri samfélagið annað en það er.

Viljum við það?

Ég skulda námslán og hóflegt íbúðasjóðslán.

Ég á Skoda frá 2003.

Ég bý í 80 fermetra óuppgerðri blokkaríbúð.

Ég á einn dreng og við erum tvö í heimili.

Ég veit nákvæmlega hversu háa upphæð ég þarf til að standa undir veltu heimilisins. Þannig hef ég fulla stjórn á útgjöldum og innkomu.

Ég hef aldrei farið fram á meira en ég þarf, þannig að endar nái saman og ég geti lagt lítilræði fyrir í hverjum mánuði fyrir ófyrirséðum útgjöldum.

Ég þarf 400.000 kr. eftir skatt en ég hef 232.110 kr. í ráðstöfunarfé á mánuði. Rökin fyrir því að leggja fram grunnlaun eftir skatt en ekki heildarlaun er staðreynd málsins. Þetta er handbært fé heimilisins. Vegna mín sjálfrar, fjölskyldu minnar, nemenda og vinnuveitanda á ég rétt á því að 100% starfshlutfall nægi til framfærslu. Framhaldsskólakennari í 100% starfi á að geta lifað mannsæmandi lífi og horft stoltur framan í heiminn. Slík er ekki raunin í dag.

Núna í upphafi mánaðar stend ég á núlli þegar öll útgjöld eru greidd.

Hver á þá að brauðfæða fjölskylduna?

Ef þetta er staða mín þá er þetta staða fjölda annarra í þessu þjóðfélagi.

Viljum við það?

# Fjölföldun er ekki í boði

Samfélagsmál

Kristín Linda Jónsdóttir
ritstjóri Húsfreyjunnar



Í upphafi nýrrar árstíðar, eins og nú þegar haustönn er að ganga í garð, óska ég þess ætíð að ég gæti fjölfaldað sjálfa mig. Vegna þess að það er svo ótrúlega margt skemmtilegt, spennandi og uppbyggjandi í boði, lítið bara yfir síður dagblaðanna. Ótal viðburðir, námskeið og tilboð um þátttöku í öllu sem nöfnum tjáir að nefna, auðvitað er þetta framboð bara dásemdin ein í sjálfu sér og vitnar um kraft og líf samfélagsins okkar.

Staðreyndin er hins vegar sú að ÖLL höfum við sömu 24 klukkustundirnar í sólarhringnum, þar ríkir algjört jafnrétti, enginn fær fleiri klukkustundir en annar, ekki ég heldur. Það er því í raun kjánalegt og sjálfmiðað að kvarta yfir tímaleysi því að við höfum öll sama tímann á meðan við lifum hér á þessari jörð.

Tímaskortur verður til vegna þess að við yfirhlöðum lífsvagninn okkar, viljum engu sleppa, höfum ekki bein í nefinu til að segja nei, hvorki við okkur sjálf né aðra og ekkert svigrúm fyrir það óvænta og ófyrirsjáanlega í lífsdansinum. Nöldur um tímaskort vitnar því aðeins um að við sjálf höfum ekki nógu gott tak á okkar eigin hugsun og hegðun og náum ekki að skipuleggja okkur á raunhæfan og skynsamlegan hátt heldur höldum áfram að bæta í tímapottinn þótt þegar flæði upp úr.

Þess vegna verðum við, ég og þú, að velja markvisst og meðvitað hvernig við ætlum að njóta tímans komandi vikur og mánuði. Í atinu á markaðstorgi nútímans eru gylliboðin ótalmörg og við þurfum að gæta þess að áreiti umhverfisins teymi ekki hugann í aðrar áttir en okkar eigin. Það eru okkar draumar, ekki annarra, sem við ætlum að upplifa. Svo þurfum við líka að passa að eftir verði á hverjum degi tóm í dagskránni til þess bara að vera til, rými til að skapa sjálfum sér og sínum óvæntar og viðeigandi sælustundir í takt við daginn, bara þegar að honum kemur. Múlbinding og vanafesta er vísasti vegurinn til leiða, þreytu og dofa. Gefum okkur opið svæði í eigin dagbók til að njóta þess að stökkva á það nýja sem heillar í núinu, þá, þegar þar að kemur.

CLINIQUE
dagar í Debenhams

Gerðu lífið skemmtilegra



Glæsilegur kaupauki fylgir ef keypar eru vörur frá Clinique fyrir 6.500 kr eða meira.*

- Take The Day Off Makeup Remover Augnfarðahreinsir 50 ml
- 7 Day Scrub Cream Kornamaski 50 ml
- Moisture Surge Rakakrem 15 ml
- Repairwear Laser Focus Wrinkle & UV Damage Corrector 7 ml
- Litapaletta, 2 Augnskuggar og Kinnalitur í boxi
- High Impact Maskari 3,5 ml
- High Impact, Varalitur og Gloss saman.

*meðan birgðir endast

Bætt útlit í dag - bjartari framtíð

BB Cream á sér stóran og sannfærðan aðdáendahóp í Asíulöndum, því fegurðardísirnar þar vita að kremið er leiðin að lýtalausri húð.



„Ég hef oft óskað mér að eiga Photoshop sem væri ekki bara í tölvunni heldur kæmi í túpu. Nú hefur sá draumur ræst og ekki nóg með það því hann vinnur góðverk á húðinni í leiðinni. Hvað getur maður beðið um meira en Photoshop í túpu".
Rikka Sjónvarpskokkur



Opið í dag 11 til 21

DEBENHAMS

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## Hlustaðu á Dísu ljósálf og Alfinn álfakóng á Vísi

Á Vísi er hægt að horfa á myndskreyttan upplestur úr þessum sígildu ævintýrum.




Ævintýrið um Dísu ljósálf kom fyrst út á íslensku árið 1928 í þýðingu Árna Óla og hefur margsinnis verið endurprentað. Dísa ljósálfur er ein klassískra sagna hollenska meistarans G.T. Rotman, sem fylgt hafa íslenskum börnum í tugi ára.

vísir




E! ENTERTAINMENT ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS


# Ríkið tekur til sín stóran hluta lífeyrissjóðsgreiðslna

Lífeyrisþegar


**Sigríður Hanna Ingólfsdóttir**
félagsráðgjafi hjá Öryrkjabandalagi Íslands




Hið opinbera klípur, oft duglega, af greiðslum til lífeyrisþega úr tveimur áttum. Annars vegar í gegnum tekjuskatt og/eða fjármagnstekjuskatt og hins vegar með tekjutengingum, þar sem skattskyldar tekjur fyrir skatt skerða lífeyrisgreiðslur, sem fólk fær úr almannatryggingakerfinu. Veigamest er tekjutengingin á sérstaka uppbót til framfærslu, en hún skerðist krónu á móti krónu (100% skerðing) við skattskyldar tekjur fyrir skatt. Lítum á dæmi:

Örorkulífeyrisþeginn í dæminu fær útborgað á mánuði 18.798 kr. úr lífeyrissjóði en sömu tekjur (30.000 kr. fyrir skatt) skerða örorkulífeyri hans (eftir skatt) frá TR um 10.702 kr. á mánuði. Samanlögð er þá skerðing vegna tekna úr lífeyrissjóði og tekjuskattur af sömu greiðslum 21.904 kr. á mánuði. Því gefa 30.000 kr. á mánuði (fyrir skatt) frá lífeyrissjóði aðeins 8.096 kr. hærri ráðstöfunartekjur. Meginhluta greiðslnanna tekur ríkið til sín í formi tekjuskatts og tekjutenginga.

**30.000 kr. lífeyrissjóðsgreiðslur á mánuði fyrir skatt:**

**8.096 kr.** hærri ráðstöfunartekjur
**21.904 kr.** eða 73% af 30.000 kr. fær ríkið í gegnum tekjuskatt og tekjutengingar

Lögbundin aðild að lífeyrissjóðum, ekki frjálst val.

Öryrkjar með réttindi í lífeyrissjóði hafa greitt iðgjöld oft og tíðum í mörg ár fyrir örorkumat. Samkvæmt lögum er skylda að greiða iðgjald í lífeyrissjóð frá 16 til 70 ára. Aðild að lífeyrissjóði kemur fram í kjarasamningi og því er um lögbundinn skyldusparnað að ræða, en ekki frjálst val. Mörgum örorkulífeyrisþegum sem leitað hafa til ÖBÍ og hafa greitt iðgjald í lífeyrissjóð fyrir orkutap misbýður að fá aðeins lítinn hluta lífeyrissjóðsgreiðslnanna í vasann þar sem meginhluti þeirra gengur til ríkissjóðs.

Ríkið tekur til sín 73% af lágum lífeyrissjóðsgreiðslum.

Dæmið hér að ofan er um örorkulífeyrisþega með lágar aðrar tekjur, eða 30.000 kr. fyrir skatt. Af lágum lífeyrissjóðsgreiðslum tekur ríkissjóður 73% í formi tekjuskatts og tekjutenginga. Dæmið sýnir enn fremur hversu miklar tekjuskerðingar eru í almannatryggingakerfinu og á það sérstaklega við um sérstaka uppbót til framfærslu, sem skerðist krónu á móti krónu. Svipuð útkoma yrði ef 30.000 lífeyrissjóðstekjum yrði skipt út fyrir 30.000 kr. atvinnutekjur á mánuði.

Það gleymist gjarnan þegar rætt er um útgjöld til almannatrygginga hversu stóran hluta ríkið tekur til baka með skerðingum, tekjutengingum og skatti, en skerðingar voru auknar að nýju í júlí 2009.

### Örorkulífeyrisþegi* með 30.000 kr. lífeyrissjóðstekjur á mánuði fyrir skatt.

| | Tekjur frá TR með 30.000 frá lífeyrissjóði | Tekjur frá lífeyrissjóði | Heildartekjur - með 30.00 úr lífeyrissjóði | Til samanburðar: Tekjur frá TR án lífeyrissjóðstekna |
|---|---|---|---|---|
| **Fyrir skatt** | 157.866 | 30.000 | 187.866 | 174.946 |
| **Staðgreiðsla** | 12.415 | 11.202 | 23.617 | 18.793 |
| **Til ráðstöfunar** | **145.451** | **18.798** | **164.249** | **156.153** |

***Fyrsta örorkumat 30 ára – býr með öðrum.**




TRI

Vörur fyrir

# HJÓLREIÐAR - HLAUP - SUND




CUBE | Park Tool USA | 2XU COMPRESSION | ETXEONDO | GIRO | arena

NIKE | BELL | COMPRESSPORT | Rolf PRIMA WHEEL SYSTEMS | Aqua Sphere | CRAFT

BROOKS | SWISS EYE | ZOOT SPORTS | POLARIS BIKEWEAR | Weehoo



TRI

Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

www.tri.is

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

# Fjallahjól / 2012

### CUBE AIM
Stell: 14, 16, 18, 20, 22", Álstell. Suntour XCM lockout 100mm. Shimano Alivio 24 gíra. Shimano V-brake. Þyngd 13,5 kg.



Listaverð: 89.990 kr.
**Tilboð: 67.493 kr.**
**-25%**

### CUBE ANALOG
Stell: 14, 16, 18, 20, 22", Álstell. Suntour XCM lockout 100mm. Shimano Deore 27 gíra. Shimano V-brake. Þyngd 13,3 kg.



Listaverð: 109.990 kr.
**Tilboð: 82.493 kr.**
**-25%**

### CUBE LTD
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Rock Shox Recon TK air 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 12,7 kg.



Listaverð: 225.990 kr.
**Tilboð: 169.492 kr.**
**-25%**

### CUBE LTD PRO
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Rock Shox Reba RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 12,3 kg.



Listaverð: 255.990 kr.
**Tilboð: 191.992 kr.**
**-25%**

### CUBE LTD RACE
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Fox Evolution 32 RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 12,1 kg.



Listaverð: 275.990 kr.
**Tilboð: 206.992 kr.**
**-25%**

### CUBE LTD SL
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Rock Shox Reba RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 11,9 kg.



Listaverð: 299.990 kr.
**Tilboð: 224.992 kr.**
**-25%**

### CUBE REACTION RACE
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Rock shox Reba RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 10,8 kg.



Listaverð: 405.990 kr.
**Tilboð: 284.193 kr.**
**-30%**

### CUBE REACTION SL
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Rock shox SID RL 100mm. Sram XO 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 10,8 kg.



Listaverð: 431.990 kr.
**Tilboð: 302.393 kr.**
**-30%**

### CUBE REACTION SLT
Stell: 16, 18, 20, 22", Álstell. Fox Evolution 32 RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 11,0 kg.



Listaverð: 456.990 kr.
**Tilboð: 319.893 kr.**
**-30%**

### CUBE REACTION GTC PRO
Stell: 16, 18, 20, 22", Carbonstell. Fox Evolution 32 Float RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 11,1 kg.

CARBON



Listaverð: 399.990 kr.
**Tilboð: 299.992 kr.**
**-25%**

### CUBE REACTION GTC RACE
Stell: 16, 18, 20, 22", Carbonstell. Rock shox Reba RL 100mm. Sram XO 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 10,4 kg.

CARBON



Listaverð: 455.990 kr.
**Tilboð: 341.992 kr.**
**-25%**

### CUBE REACTION GTC SL
Stell: 16, 18, 20, 22", Carbonstell. Rock Shox SID RL 100mm. Shimano XT 30 gíra. Vökvadiskabremsur. Þyngd 10,3 kg.

CARBON



Listaverð: 525.990 kr.
**Tilboð: 394.992 kr.**
**-25%**

# Barnahjól

**Það fylgir hjálmur og standari öllum barnahjólum.**

### TEAM KID 160 BOY • 3-5 ára
16" Álhjól
Kenda dekk
Þyngd 10 kg.



**Verð 35.990 kr.**

### TEAM KID TEAMLINE • 5-7 ára
20" Álhjól
Shimano gírbúnaður, 7gíra
Kenda dekk, þyngd 10,5 kg.



**Verð 45.990 kr.**

### TEAM KID TEAMLINE • 7-9 ára
24" Álhjól
Shimano gírbúnaður, 21 gíra
Kenda dekk, þyngd 12,6 kg.



**Verð 54.990 kr.**

### TEAM KID 160 GIRL • 3-5 ára
16" Álhjól
Kenda dekk
þyngd 10 kg.



**Verð 35.990 kr.**

### TEAM KID 200 GIRL • 5-7 ára
20" Álhjól
Shimano gírbúnaður, 7gíra
Kenda dekk, þyngd 10,5 kg.



**Verð 45.990 kr.**

### TEAM KID 240 GIRL • 7-9 ára
24" Álhjól
Shimano gírbúnaður, 21 gíra
Kenda dekk, þyngd 12,6 kg.



**Verð 54.990 kr.**

Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111

www.tri.is

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## GLERAUGU VICTORIU

Victoria Beckham hefur skapað sér nafn sem fatahönnuður á heimsvísu. Nú er hún að setja á markað gleraugna-umgjarðir. Victoria segist þurfa að nota gleraugu en hún finni sjaldnast umgjörð sem henni líki. Þess vegna bjó hún hana til sjálf. Línan á að koma í búðir í október.


GLÆSILEGUR BAÐFATNAÐUR



teg Adelphi - í D,DD,E,F,FF,G,GG skálum á kr. 9.550,- 3 tegundir á buxum fást í stíl.

Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga.
10-14 laugardaga
Vertu vinur



Eirberg

Nuddrúlla
–mýkir upp stífa vöðva
Verð: 5.470 kr.



sissel

Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is





FULL VERSLUN AF NÝJUM BUXUM

Háar í mittið!

Þrjár síddir, stærðir 34-46.

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook




# MIKILL TÍSKUÁHUGI

**TÍSKAN OG UNGA FÓLKIÐ** *Framhaldsskólarnir eru nýbyrjaðir og unga fólkið mætir vel klætt til kennslustunda. Tískuáhugi er þó misjafnlega mikill eftir skólum. Í Fjölbraut í Garðabæ er töluverður áhugi á fallegum fötum.*

Björk Magnúsdóttir, 18 ára, nemandi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ segir að mikill áhugi sé á tísku meðal stúlkna í skólanum. Þær séu yfirleitt vel klæddar og velti mikið fyrir sér tísku og förðun. Björk er sjálf þekkt fyrir að eiga safn af fallegum fötum og segist eiga stóran fataskáp. Það sé þó enginn metingur meðal nemendanna.

„Flestir hafa unnið í sumar og vinna jafnvel með skólanum og safna sér þannig fyrir fatakaupum yfir vetrarmánuðina,“ segir Björk sem er næstyngst fjögurra systkina. Hún segist vera með mestu fatadelluna á heimilinu.

Þegar Björk er spurð um verslunarvenjur segist hún ferðast töluvert með foreldrum sínum til útlanda og fari þá gjarnan í búðir. „Við förum oft til Bandaríkjanna en einnig til Evrópu. Ég fór fyrir stuttu til London og fannst sérstaklega skemmtilegt að versla þar þótt verðlagið sé hagstæðara í Bandaríkjunum. Top Shop og Zara eru í miklu uppáhaldi hjá mér og sömuleiðis H&M og River Island. Ég skoða tískublöð og velti fyrir mér því nýjasta. Hausttískan er mjög að mínum smekk, dökkir litir og mikið um jakka en ég er veik fyrir þeim. Keypti einmitt fallegan jakka í Zöru nýlega sem ég hef notað mikið.“

Björk segist fylgjast með fyrirsætum á erlendum vettvangi í gegnum tískublöð og á netinu. „Ég hef gaman af því að fylgjast með flestu sem varðar tísku og förðun. Mér sýnist að stelpur á mínum aldri séu vel að sér um tískustrauma og fylgist yfirleitt vel með. Ég er alltaf að pæla eitthvað og er líklegast fatafíkill,“ segir Björk og hlær en hún er ákveðin í að fara í nám til útlanda í viðskiptum eftir stúdentspróf þótt fatahönnun heilli hana líka.

Björk segist vera hrifin af hönnun Karls Lagerfeld hjá Chanel. „Haustlína hans er mjög smart, litir að mínum smekk,“ segir hún en bætir við að á sumrin gangi hún þó meira í ljósum fötum. „Ég nota dökku litina á haustin og veturna,“ segir Björk. ■ elin@365.is

**RÍK AF FÖTUM** Björk á mikið af nýtískufötum, enda hefur hún vakið athygli fyrir fallegan fatasmekk. MYND/VILHELM

## VINNA MEÐ SKÓLANUM

„Flestir hafa unnið í sumar og vinna jafnvel með skólanum og safna sér þannig fyrir fatakaupum yfir vetrarmánuðina.“


Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*

NÝTT



BOAS RAFDRIFNIR
Leður hægindasófar
og stólar



Ný sending
af hágæða
sængurverasettum

Svefn & heilsa
www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

# LAGERSALA

## ALLT Á AÐ SELJAST

A WORLD OF INSPIRATION the PIER FOR YOUR HOME

Útlitsgölluð húsgögn, sófar, sumarhúsgögn, púðar, kerti, vasar... ofl. ofl.

# 50-80% AFSLÁTTUR

**EKKI MISSA AF ÞESSU**

**Finndu okkur á Facebook!**

**Á Korputorgi** - gengið inn að aftan!

Opið frá **11-17:30**

Föstudaginn 7. september
og laugardaginn 8. september.

the PIER

SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# FAGURT FLÉTTUFÁR

**ALLTAF VIÐ HÆFI** *Lausar fléttur í anda pönk-rómantíkur, fléttufossar, dregnar fléttur og fléttuhnútar tröllríða nú rauða dreglinum og stærstu íþróttaviðburðum heims. Fléttur passa enda við öll tilefni og allir geta lært að flétta.*

Grunnflétturnar eru átta og út frá þeim er endalaust hægt að tvinna saman og leyfa hugmyndafluginu að njóta sín," segir Agnes Dría Pálsdóttir hársnyrtir og fléttukennari á Hárgreiðslustofunni á Klapparstíg.

Í gærkvöldi kenndi hún aðferðir við að flétta hár og gera skemmtilegar greiðslur á fyrsta handverkskaffi haustsins í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi.

„Þekktust er hefðbundin, þriggja þátta flétta og svo fastar fléttur, réttar og öfugar. Einnig má nefna snúning með tveimur fléttum, fléttufoss og fléttuvafninga sem líkja má við körfugerð og fer eftir færni hversu margar fléttur er hægt að flétta og hnýta saman," útskýrir Agnes.

Hún segir fléttur hæfa öllum tilefnum daglegs lífs. „Á miðöldum voru evrópskar vinnukonur með fléttað hár til að halda því hreinu og frá augum. Á sama tíma báru hefðarfrúr tilkomumiklar greiðslur með mörgum fléttum vöfðum upp í íðilfagra galasnúða."

Agnes segir alla geta lært að flétta en gott sé að fá handleiðslu þar sem réttu handtökin eru sýnd.

„Þegar komin er grunnþekking opnast heimur óendanlegra fléttumöguleika og ómótstæðilegra hárgreiðslna. Áhöldin eru hárbursti, greiða, teygjur og spennur og alltaf traust að nota gott hárlakk til verksins. Það stífir hárið og gefur því festu áður en fléttað er og öruggast að spreyja flétturnar líka að verki loknu, ekki síst lausu flétturnar."

Þess má geta að saumaklúbbar og aðrir hópar geta leitað til Agnesar og notið liðsinnis hennar við að læra að flétta. ■ thordis@365.is



**FLÉTTUÐ GALAGREIÐSLA**
Hér eru fastar fléttur notaðar sem grunnur í galagreiðslu. Gerðar eru tvær fastar fléttur og snúið upp á endana til að búa til rós í hnakkann. Þetta geta þeir auðveldlega sem kunna að flétta fasta fléttu.
MYND/GVA



DREGIN FLÉTTA



**KLIPPTI SIG SJÁLF**
Á uppvaxtarárunum lærði Agnes að flétta sjálfa sig upp á tíu en gat engan veginn fléttað aðra uns hún lærði réttu tökin.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar |** Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal |** Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir |** Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427













# SKREYTTAR NEGLUR

**MYNSTUR OG STEINAR** *Anna Gréta segir naglalökk í dekkri litum verða í tísku í haust og að æ fleiri láti skreyta neglurnar með alls skyns skrauti.*

Anna Gréta Sveinsdóttir, naglaog förðunarfræðingur, segir það alltaf vera að aukast að stelpur og konur fái sér skreyttar neglur. „Fyrir nokkrum árum voru steinar eina skrautið sem var notað en nú er þetta orðið miklu fjölbreyttara þó steinarnir séu enn þá notaðir með. Það er alltaf klassískt að vera með hvítt fremst á nöglunum, svokallað „french“, það verður alltaf í tísku. Nú eru að koma fleiri litir inn í þetta og margar sem velja að hafa litað fremst á nöglunum. Alls kyns mynstur eru líka að aukast en þau eru þá handmáluð,“ segir Anna Gréta.

Hún gerir ótrúlegustu mynstur með naglalakki og segir það ekki vera mikið mál. „Þetta er fyrst og fremst spurning um æfingu. Svo er að sjálfsögðu mikilvægt að hafa fengið góða kennslu. Það þarf að prófa sig áfram og ég nota netið mikið til að fá hugmyndir. Stelpurnar koma svo oft sjálfar með hugmyndir að ákveðnu mynstri og skrauti.“

Anna Gréta segir að gellökkun sé að aukast en þá er öll nöglin lökkuð með föstu lakki. „Þetta er mjög sniðugt fyrir þær sem vilja hafa fallegt lakk en nenna ekki að vera að laga það daglega. Þær velja sér þá frekar náttúrulega liti til að fá ekki leið á þeim. Svo er auðvitað munur á milli einstaklinga, sumar eru frakkar og velja þá sterkari liti og meira skraut.“

„Akrýlneglur eru að verða vinsælli en þær eru sterkari en gelneglurnar og haldast betur. Áður fyrr voru þær taldar verri og fara illa með neglurnar en í dag eru þær jafngóðar og gelneglurnar. Það er meira hægt að leika sér með akrýlinn, það er til dæmis hægt að blanda tveimur litum saman á eina nögl.“

Svokallaðar stiletto-neglur hafa verið að ryðja sér til rúms undanfarna mánuði. Þær eru oddmjóar en hið hefðbundna kassalaga form hefur alltaf verið vinsælt. „Kassalaga formið dettur ekki úr tísku, margar stelpur eru hræddar við að breyta um form en eru frekar til í að breyta um liti og skraut.

Hópurinn sem kemur til mín er mjög breiður, bæði hvað varðar aldur og hvað þær vilja fá. Stærsti hópurinn er á aldrinum 15 til 35 ára. Margar koma mjög reglulega, þær vilja halda nöglunum við og koma á fjögurra til átta vikna fresti. Sumar koma af og til og einhverjar koma í eitt og eitt skipti fyrir sérstök tilefni,“ segir Anna Gréta sem sjálf er alltaf með lakkaðar og skreyttar neglur.

■ lilja.bjork@365.is

**1 GLÆSILEGT** Fallega skreyttar akrýlneglur með hvítu french.

**2 ODDMJÓAR** Svokallaðar stilettoneglur eru í tísku þessa dagana.

**3 DOPPUR** Litríkar akrýlneglur með slaufum.



**FLOTTAR NEGLUR** Anna Gréta er nagla- og förðunarfræðingur sem er óhrædd við að nota liti og mynstur til að skreyta neglur sínar og annarra. MYND/GVA












## KLIPPT Í FÖTIN

**■ SKRÍTIN TÍSKA**
**Í sumar hefur verið mikið um það að búið sé að klippa búta af tískufötum. Algengast er að búið sé að klippa út yfir axlirnar eða yfir rifbeinin. Þetta er ekki aðeins tíska sem fólk hefur verið að prófa heima hjá sér, heldur eru allar helstu fatabúðir og tískuhús byrjuð að selja slíkan fatnað. Hollywood-stjörnurnar hafa skartað klipptum kjólum á rauða dreglinum og kemur það oftast ótrúlega vel út. Sumar flíkur eru djarfari en aðrar og sýna meira en mörgum finnst siðsamlegt. Lítið mál er að prófa þetta heima með því einfaldlega að klippa út yfir aðra öxlina. Mikilvægt er þó að mæla vel svo allt sé jafnt og muna að sauma fyrir endana.**








## STYTTUR AF DAVID BECKHAM

**■ FLOTTUR**
Upp úr miðjum ágúst spruttu upp nokkurra metra háar styttur af David Beckham á nokkrum stöðum í Bandaríkjunum í tilefni þess að önnur undirfatalína hans er komin á markað fyrir tískurisann H&M. Stytturnar eru alls níu talsins og voru þær staðsettar í New York, Los Angeles og San Francisco. Stytturnar eru af Beckham á nærbuxunum einum klæða. Undirfatalínunnar hefur verið beðið með mikilli eftirvæntingu enda hafa kynningarnar og auglýsingarnar fyrir hana verið í heldur óhefðbundnari kantinum. Um daginn var tveimur stórum myndum varpað á Hvítu kletta við Dover í Englandi og er það allt að 107 metra hæð.

## UMDEILD EN FLOTT

**■ OFURFYRIRSÆTA**
Kate Moss er óumdeilanlega ein þekktasta fyrirsæta allra tíma. Hún hefur setið fyrir á fjölmörgum forsíðum tímarita og hefur verið ofarlega á lista yfir ríkustu fyrirsætur heims. Kate vakti heimsathygli fyrir skrautleg ástarsambönd, skemmtanalíf og fíkniefnaneyslu. Kate var uppgötvuð aðeins 14 ára og varð fljótt eftirsótt fyrirsæta. Hún blómstraði á tíunda áratugnum og varð þekkt fyrir að vera algjör andstæða við fyrirsætur á borð við Cindy Crawford, Claudiu Schiffer og Naomi Campbell. Kate er enn í dag að hala inn samninga og myndatökur og hefur aldrei verið flottari. Lífið hefur þó ekki alltaf verið dans á rósum. Árið 2005 vöktu myndir af henni að neyta kókaíns mikla hneykslun. Í kjölfarið riftu öll stærstu tískuhúsin samningum sínum við hana.



# LOBRA ER NÝLIÐI ÁRSINS Í HÖNNUN

Hönnuðurinn Louise Bramstedt vann nýliðaverðlaun á sænsku tískuvikunni í Stokkhólmi í lok ágúst. Hún hannar veski, skó og aukahluti undir vörumerkinu Lobra. Verðlaunin voru um 400 þúsund króna námsstyrkur. Veskin sem Louise hannar eru stórglæsileg og stílhrein. Louise segir kvenmannsveski þurfa að vera skvísuleg en um leið alhliða og íburðarmikil. Skóna segir hún vera fulltrúa sjálfsins og þurfa að falla manni vel í geð og vekja vellíðan. Aukahlutirnir setja svo punktinn yfir i-ið og fullkomna glæsileikann. Ekki skemmir fyrir að Lobra-vörurnar eru á góðu verði og hægt að kaupa þær á netinu á síðunni www.tlcsweden.com.




NUTRILENK
NÁTTÚRULEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN



Ásdís Hjálmsdóttir 26 ára afreks íþróttakona




Eftirfarandi verslanir ætla að fagna góðum árangri
Ásdísar Hjálmsdóttur
spjótkastara og bjóða öllum viðskiptavinum
20%
afslátt af NutriLenk GOLD frá 30 ágúst til 10 september

PRENTUN.IS

Skráðu þig á facebook síðuna
Nutrilenk fyrir liðina
- því getur fylgt heppni!

**Þú færð NutriLenk á eftirtöldum stöðum.**
Heilsuhúsið, Apótekarinn, Lyfja, Lyf og heilsa, Árbæjarapótek, Apótekið, Krónan, Fjarðarkaup, Lyfjaborg, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Lyfjaval, Vöruval Vestmannaeyjum, Apótek Garðabæjar, Siglufjarðar Apótek, Rima Apótek, Urðar Apótek, Akureyrar Apótek, Lifandi Markaður, Skipholtsapótek, Hagkaup, Apótek Hafnarfjarðar, Austurbæjar Apótek, Apótek Ólafsvíkur, Þín verslun Seljabraut, Apótek Vesturlands, Garðsapótek, og Lyfjaval.

**NutriLenk GOLD er sannkallað gull fyrir liðina.**
Þúsundir Íslendinga hafa fengið bætta liðheilsu með þessu frábæra náttúrulega efni.

**Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?**
Við mikið álag og með árunum getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar og hnjáliðum. Þess vegna er allt til vinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður | Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin**
NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.

**Prófið sjálf-upplifið breytinguna!**

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

# Vertu með í kvennaleikfimi!



**Gamla góða leikfimin fyrir allar konur sem vilja auka styrk og vellíðan**

- Þri og fim kl. 10:00
- Hefst 11. september - 4 vikur
- Verð kr. 12.900 kr. eða 9.900 í áskrift
- Þjálfari er Árndís Hulda, íþróttafræðingur

**Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á mottaka@heilsuborg.is**

HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

## Alþjóðleg ferðaráðgjöf

IATA UFTAA Authorised Training Centre

Ferðamálaskóli Íslands er eini skólinn hér á landi sem býður upp á alþjóðlegt nám frá IATA/UFTAA, sem eru alþjóðleg samtök flugfélaga og ferðaskrifstofa, og útskrifar skólinn á hverju ári „ferðaráðgjafa“ til starfa á ferðaskrifstofum, flugfélögum og við aðra ferðaþjónustu. www.menntun.is



Ferðamálaskóli Íslands
The Icelandic School of Travel and Tourism

Bíldshöfða 18 | Sími 567 1466 | Opið frá kl. 8–22

# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

vísir

Félag Fasteignasala



Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

vísir FASTEIGNIR.IS


## TÍSKUBLOGG | ÞÓRUNN ÍVARSDÓTTIR FATAHÖNNUÐUR



# ELSKAR AÐ VERSLA ÓDÝRT

**■ Þórunn Ívarsdóttir býr í Los Angeles þar sem hún vinnur sem fatahönnunarnemi hjá Nasty Gal. Fyrirtækið hefur vakið mikla athygli og fékk töluverða umfjöllun í Los Angeles Times fyrir nokkrum dögum. Þórunn heldur úti afar skemmtilegu tískubloggi www.doublepizzazz.com sem margir lesa.**

**Hvað ertu að gera í Los Angeles og hvað ertu búin að vera lengi?** Ég flutti til Los Angeles árið 2010 til að stunda nám í fatahönnun og útskrifaðist í sumar. Núna er ég að vinna sem fatahönnunarnemi hjá Nasty Gal.

**Hefur þú alltaf haft áhuga á tísku?** Já, ég hef alltaf haft brennandi áhuga á því að skapa fallega hluti, hvort sem það hafa verið föt, húsgögn eða eitthvað annað. Ég hef vitað það frá blautu barnsbeini að ég myndi enda í einhverju hönnunartengdu.

**Hvað leggur þú áherslu á þegar þú bloggar?** Ég legg áherslu á það að bloggin mín séu persónuleg og skemmtileg, ég brosi alltaf fyrir myndavélina. Þetta átti í fyrstu ekki að verða tískublogg en svo þróaðist það óvart út í það.

**Hvað gerir þú í þínum frístundum?** Ég elska að skoða matarmenninguna í Los Angeles því borgin hefur upp á svo margt að bjóða. Ég fer einnig oft í fjallgöngur í Orange County og þess á milli getur þú fundið mig í búðunum.

**Hvernig hefur borgin mótað þig sem tískuáhugakonu?** Mér finnst ég hafa breyst rosalega mikið eftir að ég flutti til Los Angeles, ég er orðin miklu opnari fyrir öllu, klæðist til dæmis orðið litum.

**Áttu þér uppáhaldsverslanir?** Ég fer orðið á margar „sample sales“ eða sýningarfatasölur og það toppar allar búðir. Ég elska að kaupa ódýrt það sem er glænýtt og ekki komið í búðirnar. Seinasta föstudag keypti ég níu flíkur á 35 dollara og næsta föstudag ætla ég á Isabel Marant „sample sale“.

**Hvaða hönnuðir eru í uppáhaldi?** Í dag erum við stelpurnar í Nasty Gal uppáhaldshönnuðirnir mínir. Fyrirtækið var að koma með sína fyrstu hönnunarlínu (collection) og mig langar í hverja einustu flík.

**Er einhver flík sem þú stenst ekki?** Ég elska allar kápurnar með leðurermunum og öll flatbotna stígvélin sem eru í gangi núna, verð að fjárfesta í slíkum fyrir veturinn.





**Einhver skemmtileg tískuupplifun í Englaborginni?** Margir halda að það sé voðalega lítið um tísku í Los Angeles, en borgin er öll stútfull af tísku og flestir frægustu tískubloggararnir eru héðan. ■ elin@365.is



**SMART HÖNNUÐUR**
Þórunn hefur haldið úti skemmtilegu tískubloggi á netinu.

# BÓLSTRUN

FIMMTUDAGUR **6. SEPTEMBER 2012**

**Kynningarblað**
Hönnun
Framleiðsla
Bólstrun
Heimilisprýði
Hreinsun



# Fótum komið undir íslenska húsgagnaframleiðslu

Íslensk húsgagnahönnun og framleiðsla stendur traustum fótum. **Bólstursmiðjan** smíðar öll húsgögn sín hérlendis og þar er horft björtum augum til framtíðar. Húsgögn Bólstursmiðjunnar eru ætluð fyrirtækjum, stofnunum og heimilum.



Íslensk hönnun og framleiðsla á húsgögnum stendur ágætlega að vígi að sögn Sigurjóns Kristensen, framkvæmdastjóra Bólstursmiðjunnar. MYND/GVA





Bólstursmiðjan á framleiðslurétt á húsgögnum sem húsgagnahönnuðurinn Pétur B. Lúthersson teiknar fyrir fyrirtækið. MYND/ÚR EINKASAFNI

Fyrirtækið Bólstursmiðjan var stofnað af Sigurjóni Kristensen fyrir tveimur árum og hefur sérhæft sig í framleiðslu á íslenskum húsgögnum byggðum á íslenskri hönnun. Sjálfur hefur Sigurjón starfað um árabil sem bólstrari og við húsgagnaframleiðslu þar til hann setti eigið fyrirtækið á fót. „Ég var búinn að vinna lengi sjálfstætt og hjá öðrum framleiðendum en kynntist svo framleiðslunni sjálfur af eigin raun fyrir tíu árum síðan. Ég fann mig strax mjög vel þar enda mjög skapandi og spennandi að vinna með íslenskum hönnuðum og arkitektum og búa til eitthvað nýtt. Um leið er spennandi að hjálpa við að koma fótum undir framleiðslu á íslenskri húsgagnahönnun. Sú vinna varð kveikjan að stofnun Bólstursmiðjunnar.“

## Farsæl samvinna

Bólstursmiðjan framleiðir meðal annars húsgögn fyrir hönnunarhúsið Syrusson og á framleiðslurétt á húsgögnum sem húsgagnahönnuðurinn Pétur B. Lúthersson teiknar fyrir fyrirtækið. Syrusson er ungt og framsækið fyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og framleiðslu á húsgögnum, innréttingum og öðru sem viðkemur fyrirtækjum og heimilum. Pétur er einn farsælasti húsgagnahönnuður Íslands. „Samvinna við þessa aðila hefur skilað af sér mörgum skemmtilegum afurðum. Við erum ekki að herma eftir hönnun erlendis frá heldur erum við að skapa okkar eigin stíl. Samvinna Bólstursmiðjunnar við þessa aðila er ólík. Syrusson lætur okkur framleiða meira eftir pöntunum en við Pétur förum nánar yfir hverja hönnun fyrir sig og rýnum betur í teikningarnar. Ef mér finnst til dæmis vanta sófa í móttöku þá teiknar hann einn slíkan og við búum til prótótýpu. Síðan þegar allir aðilar eru ánægðir komum við honum í sölu. Draumurinn er auðvitað að geta framleitt á lager, það er það sem þetta allt snýst um. Það er líka búið að vera mikið ævintýri að vinna með Pétri sem er búinn að vera í þessum bransa í mörg ár. Hann veit hvað hann er að gera og það er mikill heiður að vinna með svona mönnum. Sófi frá okkur er meðal annars til sölu hjá Epal.“ Samfara framleiðslunni sér Bólstursmiðjan líka um hefðbundna bólstrun, að klæða gömul húsgögn og einnig um viðhald húsgagna. „Við höfum einnig tekið að okkur bólstrun og viðhald í öllum vélum Flugfélags Íslands, til dæmis leðurklædd sæti. Að sama skapi sjáum við um bólstrun bílasæta og þyrlusæta svo dæmi séu tekin. Þannig að bólstrun kemur víða við. Hún er alls staðar, hvort sem maður er í bíó eða í bílnum, alls staðar er bólstraður hlutur að horfa á þig.“

## Björt framtíð

Íslensk hönnun og framleiðsla á húsgögnum stendur ágætlega að vígi að sögn Sigurjóns. „Eftir hrun fékk íslensk húsgagnaframleiðsla meðbyr en datt ekki niður eins og sala á innfluttum húsgögnum. Auðvitað vonumst við eftir því að Íslendingar versli íslensk húsgögn séu þeir að versla á annað borð. Þannig höldum við gjaldeyri inni í landinu og sköpum störf innanlands. Við höfum þekkinguna enn þá en það eru ekki margir að læra þessa iðn. Mér finnst líka skipta miklu máli að það verði ákveðin hugarfarsbreyting varðandi kaup á íslenskri framleiðslu því við höfum helling fram að færa. Það má einnig nefna að opinberar stofnanir hérlendis ættu að sjá sóma sinn í því að fjárfesta í íslenskum húsgögnum og versla við íslenska framleiðendur. Víðast hvar erlendis hefur slíkt nánast verið sett í lög. Ég tala nú ekki um þegar kreppir að.“

## Innlend framleiðsla

Öll húsgögnin sem Bólstursmiðjan framleiðir eru framleidd hérlendis. Sigurjón segir húsgögnin þó ekki úr íslenskum efnivið enda ekki mikið framboð hérlendis af honum. „Á bak við eina mublu er fullt af fyrirtækjum sem koma nálægt framleiðslunni. Við erum að tala um viðinn, stálið, svamp og áklæði svo eitthvað sé nefnt. Allt áklæði þarf að flytja inn, til dæmis leður sem er stór hluti framleiðslunnar, en stofnanir og fyrirtæki vilja oft endingarbetri efni.“ Sigurjón segir eingöngu besta hráefnið vera valið í framleiðslu fyrirtækisins, til dæmis dýrustu dýnurnar, fjaðrakerfi sem hafa sannað sig og grindur sem eru smíðaðar til að endast mjög lengi.

Framleiðsla fyrirtækisins er bæði ætluð fyrirtækjum, stofnunum og heimilum. „Mesta salan hingað til hefur verið til fyrirtækja og stofnana en við erum að vinna í því að auka hlutdeild okkar á heimilismarkaðnum. Á næstu vikum koma til dæmis nýir sófar frá Syrussyni og Pétri sem ættu að nást inn fyrir jólamánuðinn.“ Sigurjón horfir björtum augum á framtíðina. Hann segist sannfærður um að íslensk húsgagnaframleiðsla eigi eftir að vaxa á næstu árum. „Við hjá Bólstursmiðjunni hugsum a.m.k. stórt og horfum björtum augum til framtíðarinnar. Framleiðslan á vafalaust eftir að eflast mikið á næstu árum. Við erum að minnsta kosti bjartsýn.“

Bólstur smiðjan
Síðumúla 33 - Reykjavík

WWW.ZENUS.IS

# Sófar eftir þínu máli



## Fjölbreyttar einingar sem þú raðar saman

Íslensk framleiðsla

Sófaeiningarnar frá Zenus er íslensk gæðaframleiðsla þar sem einfaldleikinn og hagnýt sjónarmið eru höfð að leiðarljósi. Með einingum getur þú hannað þinn eigin sófa þar sem sófinn samanstendur af einingum sem er hægt að raða saman eftir þörfum hvers og eins – hvort sem það er í stofuna, sjónvarpshornið eða jafnvel sumarbústaðinn. Boðið er upp á úrval af áklæðum frá viðurkenndum framleiðendum. Grindin er einstaklega sterk og allur frágangur er mjög vandaður til að standast ýtrustu kröfur um góða endingu.

Mosi 3ja sæta



Jökull 3ja sæta



Klaki 3ja sæta



3ja sæta sófi




2ja sæta sófi




Stóll




Horn/tungusófi




Hornsófi




Tungusófi




### Jökull sófaeiningar

Þessar einingar eru staðlaðar en einnig er hægt að fá þær sérsmíðaðar. Möguleikarnir eru nánast óendanlegir hvað varðar stærð, liti og samsetningar.

**Finndu okkur á Facebook:**
www.facebook.com/zenus.is

zenus

Smiðjuvegi 9 • Sími: 554 2450 • zenus.is • zenus@zenus.is



## SANNKÖLLUÐ HEIMILISPRÝÐI

**Hrein og vel meðfarin húsgögn** gefa heimilinu ferskan blæ. Áklæði bólstraðra húsgagna þarf að þrífa eins og annað svo þau líti vel út. Hér eru nokkur dugandi ráð til hreinsunar.

- Ryksugaðu og strjúktu yfir áklæðið einu sinni í viku og oftar ef húsgagnið er í mikilli notkun. Notaðu ryksuguburstann til að fjarlægja ryk úr hornum og fellingum og strjúktu létt yfir fætur og aðra yfirborðsfleti.
- Notaðu ávallt ráðlögð hreinsiefni og fylgdu leiðbeiningum um þrif fyrir ólík áklæði.
- Setjið hreinsiefni aldrei umhugsunarlaust á áberandi stað húsgagnsins. Prófið fyrst lítinn blett á svæði sem er ekki auðséð til að forðast litaskil eða skemmdir á áklæðinu.
- Bannið neyslu matar og drykkjar á viðkvæmu áklæði. Ef slíkt sullast niður er mikilvægt að ráðast strax á vandann, þekja blettinn með hreinu og rakadrægu eldhúsbréfi og gæta þess að nudda ekki blettinn til að forðast víðara smit.
- Færið reglulega til sessur og púða svo að slit á áklæðinu verði jafnt.

# Útsaumurinn fauk fyrir hvítu leðri

Jóhanna Hreiðarsdóttir hefur einstaklega gaman af því að gera heimilið fallegt og fylgist með nýjustu straumum í innanhússhönnun í tímaritum og á netinu.

Fyrir stuttu áskotnaðist Jóhönnu tveir fimmtíu ára gamlir rókokkó-stólar frá ömmu sinni en hún hafði þá nýlega látið bólstra þá upp á nýtt. „Amma ákvað að láta bólstra stólana en þeir voru með gömlum útsaumsmyndum sem voru barns síns tíma. Stólarnir voru fjórir og hún leitaði tilboða hjá bólstrurum. Hún valdi síðan fallegt, hvítt leðuráklæði á stólana og lét pússa grindina upp og lakka. Stólarnir urðu sem nýir eftir þessa meðhöndlun,“ greinir Jóhanna frá.

Þar sem amma hennar hafði einungis pláss fyrir tvo stóla lét hún barnabarnið njóta hinna. „Amma féll fyrir hvíta leðrinu en stólarnir eru í sérstöku uppáhaldi, enda einstaklega fallegir. Sjálfri finnst mér gaman að blanda saman gömlum húsgögnum og nýjum, það myndar hlýlega og skemmtilega stemningu.“

Jóhanna segist hafa orðið vör við mikinn áhuga á gömlum húsgögnum hjá ungu fólki. „Áhugi á gömlum húsgögnum og sígildri hönnun hefur aukist undanfarin ár og það hefur jafnframt aukist að ungt fólk máli gömul húsgögn í fallegum litum,“ segir Jóhanna og viðurkennir að heimilið sé sérstakt áhugamál. „Ég skoða tímarit og hönnunarsíður á netinu. Sérstaklega leita ég eftir sniðugum hugmyndum sem maður getur nýtt sér á ódýran hátt. Ég hef fundið ýmislegt, meðal annars hvernig hægt er að gefa gömlum hlutum nýtt notagildi án þess að það kosti mikið,“ segir Jóhanna sem er stjórnmálafræðingur en stundar um þessar mundir meistaranám í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands.



Jóhanna með gömlu rókokkó-stólana sem nú hafa fengið nýtt útlit. MYND/STEFÁN


ÖLL KOMUM VIÐ Í MISMUNANDI LENGDUM OG BREIDDUM




Það gera sófarnir frá okkur líka

Sérsmíðum eftir þínum óskum, fyrir heimili og fyrirtæki



GÁ 1975 HÚSGÖGN

Ármúla 19 | S: 553-9595 | gahusgogn@gahusgogn.is | www.gahusgogn.is




Starfsmenn GÁ Húsgagna hafa áralanga reynslu í bólstrun húsgagna. MYND/GVA

# Bólstrun er í öllu

Bólstrun er víðara hugtak en fólk gerir sér almennt grein fyrir. **GÁ Húsgögn** hafa gert húsgögn fyrir mörg hótel og veitingahús í gegnum tíðina.

Fyrirtækið GÁ Húsgögn var stofnað árið 1975 og hefur verið með stærri bólsturverkstæðum landsins í mörg ár. „Bólstrun er víðtækara hugtak en fólk gerir sér grein fyrir. Bólstrun er alls staðar, skrifborðsstóllinn sem fólk situr í er bólstraður, sófinn sem það horfir á sjónvarpið í, sætin í strætó eru bólstruð. Bólstrarinn býr í raun og veru til þægindin,“ segir Grétar Árnason, einn eigenda GÁ Húsgagna. Meginstarfsemi fyrirtækisins er bólstrun, framleiðsla húsgagna, endurbólstrun og viðgerðir. „Fólk getur komið hér inn með mál af til dæmis sófa og við sérsmíðum hann að þeirra ósk. Við notum ákveðin grunn en viðskiptavinurinn velur stærð sófans, mýkt púðanna, áklæði og fætur. Við búum sófann til og hann smellur inn í rýmið. Stór hluti framleiðslu okkar er fyrir veitingastaði, kaffihús og hótel. Við gerðum til dæmis flest öll húsgögnin á hinu nýja Hóteli Marina fyrir utan rúmin, einnig húsgögn fyrir Hótel Natura, Hótel Akureyri og fleiri hótel. Við gerðum líka húsgögn fyrir veitingastaðina Laundromat, Lebowski og svona mætti lengi telja.“ GÁ Húsgögn hafa undanfarna mánuði endursmíðað Sindra-stólinn svokallaða sem var fyrst smíðaður árið 1962. „Stóllinn er sígild, íslensk hönnun sem er að slá í gegn á ný. Við sýndum stólinn á HönnunarMars í mars síðastliðnum og höfum haft nóg að gera við að framleiða hann síðan. Stóllinn er hannaður af Ásgeiri Einarssyni og hann er í dag framleiddur í samvinnu við Sóló-húsgögn.“

VEIÐIPORTIÐ.IS
NÝ VEFVERSLUN

ÚT Á GRANDA

# VEIÐIPORTIÐ

ÚT Á GRANDA

Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940 | Opið mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16.



## ÓDÝRASTA VEIÐIBÚÐIN ÚT Á GRANDA ER NÚ MEÐ ÚTSÖLU

# 15–80% AFSLÁTTUR Í 4 DAGA

STRANDVEIÐISTANGIR 7.500 KR
(áður 14.950 kr.)

ALLAR FLUGULÍNUR 30% AFSL.

SPINNSTANGIR 2 .500 KR.

REYKOFNAR 50% AFSL.

SPINNHJÓL 2.500 KR.

ALLIR VÖÐLUJAKKAR 30% AFSL.

KLOFSTÍGVÉL 5.000 KR.

ALLAR FLUGUSTANGIR 30% AFSL.

VÖÐLUR 6.000 KR.

2 FYRIR 1 AF ÖLLUM JAXON OG ELBE SPÚNUM

ALLAR LAXAFLUGUR 250 KR.

BARNA STANGIR 1000 KR.

ALLAR SILUNGAFLUGUR 150 KR.

ALLAR LAXATÚPUR 350 KR.

RAFMAGNSMÓTORAR 30.000 KR.
(áður 47.950 kr.)

SLÖNGUBÁTUR 150.000 KR.
(áður 249.000 kr.)

ÖNDUNARVÖÐLUR 19.900 KR.
(áður 28.900 kr.)

DÖMU ÖNDUNARVÖÐLUR 17.900 KR.
(áður 28.950 kr.)

BRYGGJUSTÖNG 180 GR. 1.980 KR.
(áður 9.900 kr.)

FLÖKUNARHNÍFAR 1500 KR.
(áður 2.990 kr.)

**OPNUNARTÍMAR YFIR ÚTSÖLUNA**
fimmtudag kl. 9 – 18
föstudag kl. 9 – 19
laugardag kl. 9 – 16
sunnudag kl. 10 – 16

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu eða leigu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Facebook/Steinhella 14. S: 660-1060 og 661-6800

**Óska eftir til leigu bílskúr eða atvinnuhúsnæði.**
Regnbogalitir málningarþjónusta óskar eftir að taka á leigu stóran bílskúr eða c.a. 40 til 60 fermetra atvinnuhúsnæði á jarðhæð helst með innkeyrsludyrum. Uppl 891 9890, malarar@simnet.is

**Til leigu.**
Við sund. 20 og 40 fm skrifstofuherbergi. 104 fm við Krókháls með innkeyrsludyrum. leiguval.is simi 894 1022 og 553 9820

## Geymsluhúsnæði

**Húsvagnageymslan Þorlákshöfn.**
Eigum pláss f. húsv., fellih., tjaldv., bíla og fl. Gott verð S. 893 3347 og 866 6610.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 899 7012 , solbakki.311@gmail.com

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía óskar eftir að ráða aðstoðarkokk. Um er að ræða fastar vaktir frá 11-23, einnig er unnið um helgar. Íslensku- eða enskukunnátta skilyrði. Lágmarksaldur 20 ár. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum næstu daga. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

**Kjötsmiðjan ehf.**
**Óskum eftir að ráða fólk í fullt starf í áleggsdeild og kjötvinnslu. Umsóknir sendist á birgir@kjotsmidjan.is eða upplýsingar gefur Birgi í s. 894 4982.**

**Fullt starf - Reykjavík**
**Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa með okkur í bakríinu okkar á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. Um er að ræða vaktir eftir hádegi, ásamt helgarvinnu. Áhugasamir geta sótt um á heimasíðu okkar og er slóðin www.mosfellsbakari.is/umsokn.asp**

**Hlöllabátar**
**Óskað er eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Einungis duglegt áræðanlegt og samviskusamt fólk kemur til greina. Aldurstakmark 20 ár. Umsóknir sendist á lilja@hlollabatar.**

**Smíðavinna**
**Óska eftir smiðum, góð verkefnastaða. Uppl. s. 696 0558.**

**Wilson's pizza leitar af starfsfólki í eftirfarandi stöður.**
**Pizzabakara - Sendla. Um er að ræða hentugan vinnutíma í fullt/hlutastarf. 20 ára og eldri. Góð laun fyrir rétta fólkið. Umsóknir sendist á atvinna@wilsons.is**

Nettó í mjódd óskar eftir starfmanni í fullt starf á dagvakt. Tekið er á móti umsóknum á staðnum milli kl. 12-15 í dag.

Óska eftir gröfumanni til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. gefur Pétur í síma 699-3090 eða tvok@internet.is

Starfsmaður óskast í þrif á vélum og fl. Þarf að vera handlagin, sjálfsstæður, snyrtilegur, tala og skilja íslensku. Vinnutími 8-16. Umsóknir sendist á netfangið villi@gaedabakstur.is fyrir þann 10.9.2012.

Beitingafólk vantar á sunnanverðum Vestfjörðum í haust/ vetur. Nánari uppl. í s. 845 3480.

Óskum eftir starfsmanni í fullt starf í sal. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlsögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999


Barnaheill
Save the Children á Íslandi





## Til sölu

**Gjafavörulager til sölu**

**Óskum eftir staðgreiðslutilboði í vörulager sem samanstendur af gjafavöru, skreytingarefni, kertum, myndarömmum ofl.**

Lagerinn er í hillum og er miðað við að kaupandi sjái um að pakka vörunni og fjarlægja á eigin kostnað. Varan er til sýnis eftir nánara samkomulagi í síma 8941445.
Tilboð berist í síðasta lagi **þriðjudaginn 11. september.**
Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

## Fasteignir

RE/MAX Skráðu fasteignina þína hjá okkur og við seljum hana!





**FYRIRTÆKI TIL SÖLU**

RE/MAX Senter kynnir gott fyrirtæki í fullum rekstri með góða veltu og töluverða vaxtamöguleika. Um er að ræða einkahlutafélag í eigin húsnæði á besta stað í miðborginni. Rekstur félagsins er þjónusta og sala tengt innrömmun og er sérhæfð vinnuaðstaða til staðar með tækjum og góðum lager.

Fyrirtækið er byggt á traustum grunni, viðskiptasambönd tengd stórum og traustum viðskiptavinum og sölu og þjónustu til almennings.

Framundan er árstíðabundinn annatími til viðbótar við góða og staðbundna veltu.

***Allar frekari upplýsingar veitir Þóra s. 777-2882 eða thora@remax.is***



Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
arg@remax.is



Þóra Birgisdóttir
777 2882
thora@remax.is

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is**
**www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Lindarflöt – Garðabæ**

Vel staðsett 309,4 fm. einbýlishús á þremur pöllum með innbyggðum 36,0 fm. bílskúr niður við lækinn. Björt og rúmgóð borðstofa/hol með arni og mjög mikilli lofthæð. Samliggjandi rúmgóðar og bjartar stofur með glæsilegu útsýni út í hraunið. Sólskáli með útgangi á verandir. 5 herbergi auk fataherbergis inn af hjónaherbergi. Falleg ræktuð lóð með góðum veröndum, skjólveggjum og útiarni.
**Frábær staðsetning.**



## Fasteignir

**Skeifan fasteignasala**
Eysteinn Sigurðsson / Löggiltur fasteignasali
FÖST LÁG SÖLUÞÓKNUN

**Álfaland 8 - Fossvogur – 4ra með bílskúr.**




**Opið hús í dag fimmtudag á milli kl. 17. og 18.**

Um er að ræða fallega 140 fm 4ra herbergja neðri sérhæð ásamt 32 fm innbyggðum bílskúr. Samtals 171,9 fm. Fallegar innréttingar. Parket. Innangengt er milli bílskúrs og íbúðar. Eignin hentar mjög vel fyrir fatlaða. Hjólastólagengi er mjög gott og hurðir breiðar. Sérinngangur. Sérhiti. Sérgarður.
**Verð 39,9 millj.**
**Gerið svo vel að líta inn það verður tekið vel á móti ykkur.**

**Skeifan fasteignasala / Suðurlandsbraut 46**
**108 Reykjavík / Sími 568 5556 / skeifan@skeifan.is**

**heimili FASTEIGNASALA**



Bogi Pétursson
lögg. fasteignasali




**Kringlan - Sjóváhúsið**
Til leigu tvær skrifstofuhæðir á 4. og 5. hæð ca. 1100 fm. Í leigunni fylgir aðgangur að mötuneyti og fundarherbergjum á 6. hæð og líkamsrækt á jarðhæð ásamt bílastæðahúsi og bílastæðum utanhúss. Öll umferð um húsið er aðgangsstýrð og uppfyllir m.a. kröfur FME til eftirlistsskyldra aðila. Horft er til langtímasamnings allt að 10 ára eða lengur.

**530 6500** Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is **530 6500**




PIPAR\TBWA • SÍA • 122379

Uppskrift okkar hjá Húsaskjóli er einföld. Þú kemur með eignina og við sjáum um að selja hana, hraðar en þig grunar. Kynntu þér framúrskarandi þjónustu okkar á husaskjol.is og hafðu samband!



Ásdís Ósk Valsdóttir
Löggiltur fasteignasali
Gsm: 863 0402
*asdis@husaskjol*



Ingibjörg Agnes Jónsdóttir
Gsm: 897 6717
*inga@husaskjol.is*



Ásdís Rósa Ásgeirsdóttir
Gsm: 895 7784
*asdisrosa@husaskjol.is*

Húsaskjól fasteignasala
– af því að þín fasteign skiptir máli

Stórhöfða 23, 110 Reykjavík,
sími: 863-0402 www.husaskjol.is,
husaskjol@husaskjol.is

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## Hegranes- einbýlishús á sjávarlóð á sunnanverðu Arnarnesi



Glæsilegt 260 fermetra einbýlishús með 41,5 fm. innbyggðum bílskúr. Húsið er vel staðsett á sunnan verðu Arnarnesi með miklu útsýni til sjávar. Húsið hefur verið mikið endurnýjað og er í góðu ásigkomulagi. 4 svefnherbergi. Mjög auðvelt er að stækka húsið ef vill þar sem lóðin er 1.517 fm. að stærð. **Verð 99,0 millj.**

## Tjaldanes – Garðabæ



Mikið endurnýjað 256,2 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum tvöföldum bílskúr á sunnanverðu Arnarnesi. Stórt hol/arinstofa með útgangi á verönd til suðurs. Stórar samliggjandi bjartar stofur. Eldhús með vönduðum hvítum innréttingum. Hjónaherbergi með fataherbergi innaf, forstofuherbergi og tvö barnaherbergi. Húsið hefur verið mikið endurnýjað að utan sl. ár. Stór eignarlóð sem snýr til suðurs.**Verð 84,9 millj.**

## Haukanes – Garðabæ



Glæsilegt og afar vel staðsett 356,4 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á Arnarnesi. Eignin er byggð árið 1985 og tekin í notkun í kringum 1990. Allar innréttingar eru vandaðar, sérsmíðaðar og massívar eikarinnréttingar. Harðviður er í öllum gluggum og útihurðum. Lóðin er 1.130 fm. eignarlóð, ræktuð og frágengin með fallegri hleðslu úr holtagrjóti. Hluti neðri hæðar er upphaflega teiknaður sem sér 3ja herbergja íbúð, en er í dag nýttur sem hluti af heildareigninni. Tvöfaldur bílskúr. Hús nýlega málað að utan. **Verð 126,0 millj.**

## Haukanes- Garðabæ



Glæsilegt u.þ.b. 330 fm. einbýlishús á tveimur hæðum innst í götu og með frábæru útsýni á Arnarnesinu.Húsið hefur verið þó nokkuð endurnýjað hið innra á undanförnum árum og er í mjög góðu ástandi, bæði innan og utandyra. Stórar og glæsilegar stofur með mikilli lofthæð, miklum gluggum og ofanbirtu. Eldhús með vönduðum sérsmíðuðum innréttingum. Fimm herbergi. Stórar og skjólgóðar verandir til suðurs með skjólveggjum og heitum potti. Stór og ræktuð eignarlóð. **Verð 99,0 millj.**

## Haukanes- einbýlishús á sjávarlóð



Afar vel staðsett um 400 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með aukaíbúð og bátaskýli á stórri sjávarlóð. Frá stofum og af svölum efri hæðar er fallegt útsýni til sjávar, að Snæfellsjökli og víðar. Stórar samliggjandi stofur með arni og útgangi á svalir til vesturs. 5 svefnherbergi auk fataherbergis. Gufubað innafeinu baðherberginu. Lóðin er með stórri verönd og skjólveggjum.**Verð 84,9 millj.**



# LINDARVAÐ 2
## NEÐRI HÆÐ

**OPIÐ HÚS Í DAG MILLI KL 18-18:30**



Glæsileg 127,5 fm 4ra herbergja sérhæð, 3 rúmgóð herbergi stór stofa, eldhús með vönduðum innréttingum.

Stutt í skóla og þjónustur.
**Verð 35,4 millj**

**Kristberg Snjólfsson sölufulltrúi**
**Landmark verður á staðnum.**



Hafðu samband
**KRISTBERG SNJÓLFSSON** Sölufulltrúi
Sími: 892 1931 – kristberg@landmark.is



**MAGNÚS EINARSSON**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**

# TIL LEIGU VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI VIÐ NÓATÚN 17

Um er að ræða annars vegar allt að 480 fm bjart og gott verslunarhúsnæði á jarðhæð hentar vel fyrir ýmsan rekstur t.d verslunar eða veitingarekstur. Hins vegar 340 fm bjart og gott skrifstofuhúsnæði á 3. Hæð auk þessa er möguleiki á að fá rúma 100 fm í risi. Næg bílastæði við húsið.





Hafðu samband
**KRISTBERG SNJÓLFSSON** Sölufulltrúi
Sími: 892 1931 – kristberg@landmark.is



**MAGNÚS EINARSSON**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 512 4900

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
MAGNÚS EINARSSON - Löggiltur fasteignasali
**SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS**



# Skútuvogur
## 104 Reykjavík



Glæsilegt 352 fm skrifstofuhúsnæði
Tveir salir, þrjú fundarherbergi, kaffistofa, tvö baðherbergi, geymsla, ræstigeymsla
Gólfefni, gegnheil eik, marmari á stigagangi, WC og ræstigeymslu, kerfisloft
Margmiðlunarskápur, loftræstikerfi, svæðisskipt hitastýring, brunakerfi
Rafmagnsstýrð sýningartjöld
Eignin var öll endurnýjuð 2007
Næg bifreiðastæði, góð aðkoma
Laus við samning

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**Tilboð óskast**
**- með þér alla leið -**



# TIL LEIGU
## Glæsileg íbúð í Sjálandshverfi Garðabæ









Björt opin og glæsileg 3ja herbergja íbúð á 1.hæð við Norðurbrú í Garðabæ. Íbúðin er 117 fm ásamt bílageymslu í kjallara hússins. Laus til afhendingar í byrjun október.
**Allar nánari upplýsingar í síma 777 3658.**

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | SPORT | UMRÆÐAN | ÚTVARP | LÍFIÐ | SJÓNVARP

STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR

vísir - oft á dag

HJÓLREIÐAR HLAUP SUND



# Racer-götuhjól / 2012

## CUBE PELOTON
Álstell, Carbon gaffall. Shimano Sora 18 gírar.
Þyngd 9,1 kg.



Listaverð: 193.990 kr.
**Tilboð: 145.492 kr.**
**-25%**

## CUBE PELOTON PRO
Álstell, Carbon gaffall. Shimano Tiagra 20 gírar.
Þyngd 9,0 kg.



**Verð: 239.990 kr.**
**UPPSELT**
2013 árgerðin væntanleg

## CUBE AGREE PRO
Ástell, Carbon gaffall. Shimano Ultegra 20 gírar.
Þyngd 8,2 kg.



Listaverð: 399.990 kr.
**Tilboð: 279.993 kr.**
**-30%**

## CUBE AGREE SL
Álstell, Carbon gaffall. Shimano Ultegra 20 gírar.
Þyngd 8,1 kg.
Lítið notuð hjól á tilboði



Listaverð: 499.990 kr.
**Tilboð: 291.850 kr.**
**-35%**

## CUBE AGREE GTC
Carbon stell og gaffall. Shimano 105 20 gíra.
Þyngd 8,4 kg.
**CARBON**



Listaverð: 356.990 kr.
**Tilboð: 285.592 kr.**
**-20%**

## CUBE AGREE GTC PRO
Carbon stell og gaffall. Shimano Ultegra 20 gíra.
Þyng 8,1 kg.
**CARBON**



Listaverð: 449.990 kr.
**Tilboð: 314.300 kr.**
**-30%**

## CUBE AGREE GTC RACE
Carbon stell og gaffall. Shimano Ultegra 20 gíra.
Þyngd 7,8 kg.
**CARBON**



Listaverð: 499.990 kr.
**Tilboð: 374.250 kr.**
**-25%**

## CUBE AGREE GTC SL
Carbon stell og gaffall. Shimano Dura ace 20 gíra.
Þyngd 7,6 kg.
**CARBON**



Listaverð: 624.990 kr.
**Tilboð: 468.742 kr.**
**-25%**

## CUBE LITENING SUPER HPC RACE
Carbon stell og gaffall. SRAM RED 20 gíra.
Þyngd 6,7 kg.
**CARBON**



**Verð: 899.990 kr.**
**UPPSELT**
2013 árgerðin væntanleg

# Hybrid hjól / 2012

## CUBE LTD CLS / dömu og herra
Álstell. Framdempari. Shimano Alivio 24 gíra.
V-bremsur. Þyngd 13,1 kg.



Listaverð: 113.990 kr.
**Tilboð: 91.192 kr.**
**-20%**

## CUBE LTD CLS PRO / dömu og herra
Álstell. Framdempari. Shimano Acera 27 gíra.
Diskabremsur. Þyngd 13,7 kg.



Listaverð: 139.990 kr.
**Tilboð: 111.992 kr.**
**-20%**

## CUBE TOWN
Álstell. Framdempari. Shimano Alivio 24 gíra.
V-bremsur. Þyngd 15,4 kg.



Listaverð: 139.990 kr.
**Tilboð: 97.993 kr.**
**-30%**

## CUBE TOURING
Álstell. Framdempari. Shimano XT 27 gíra. V-bremsur.
Þyngd 15,6 kg.



Listaverð: 199.990 kr.
**Tilboð: 139.993 kr.**
**-30%**

## CUBE DELHI
Álstell. Framdempari. Shimano XT 27 gíra.
Vökvabremsur. Þyngd 14,7 kg.



Listaverð: 255.990 kr.
**Tilboð: 179.193 kr.**
**-30%**

## CUBE NATURE PRO / dömu og herra
Álstell. Framdempari. Shimano XT 30 gíra.
Diskabremsur. Þyngd 12,3 kg.



Listaverð: 199.990 kr.
**Tilboð: 159.992 kr.**
**-20%**

Meðan birgðir endast. Tri áskilur sér rétt til allra breytinga á verði.

Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00



TRI
HJÓLREIÐAR
HLAUP
SUND
NIKE skór og ZOOT skór
-20%
Nike Zoom Elite - Dömu og herra hlaupaskór
Verð: 29.990 kr.
Tilboð: 24.010 kr.
-20%
Nike Free 3.0 - Dömu og herra hlaupaskór
Verð: 24.990 kr.
Tilboð: 19.992 kr.
-20%
Nike Lunar racer - Dömu og herra hlaupaskór
Verð: 29.990 kr.
Tilboð: 24.010 kr.
-50%
Zoot Ultra TT 5.0 - Dömu og herra hlaupaskór
Verð: 25.990 kr.
Tilboð: 12.995 kr.
-50%
Zoot Ultra Race 3.0 - Dömu og herra hlaupaskór
Verð: 28.990 kr.
Tilboð: 14.495 kr.
BROOKS skór
Brooks Cascadia 7 - Dömu og herra utanvegaskór
Verð: 22.990 kr.
PureGrit - Dömu og herra utanvegaskór
Verð: 23.990 kr.
-20%
Brooks T7 - Dömu og herra keppnisskór
Verð: 19.990 kr.
Tilboð: 15.902 kr.
Brooks Ghost 4 - Dömu og herra
Verð: 22.990 kr.
Brooks Pure Flow - Dömu og herra
Verð: 19.490 kr.
Þríþrautafatnaður frá ZOOT
-50%
Skór
Verð: 23.990 kr.
Tilboð: 11.995 kr.
Toppur
Verð: 14.990 kr.
Tilboð: 7.495 kr.
Buxur
Verð: 16.490 kr.
Tilboð: 8.245 kr.
Blautbúningar
-20%
Frábærar sundvörur frá AQUA SPHERE
-20%
Aqua Sphere Ergoflex handspaðar
Verð: 4.790 kr. 3.832 kr.
Aqua Sphere Seal 180°
Verð: 6.200 kr. 4.960 kr.
Aqua Sphere Kayenne Regular fit
Verð: 5.790 kr. 4.693 kr.
Aqua Sphere Alpha blöðkur
Verð: 10.290 kr. 8.232 kr.
Aqua Sphere Zip blöðkur
Verð: 9.900 kr. 7.920 kr.
Aqua Sphere Kayenne Lady Regular fit
Verð: 5.490 kr. 4.392 kr.
Hjólafatnaður frá POLARIS
Hjólabolur
Verð: 12.990 kr.
6.495 kr.
-50%
-30%
Hjólajakki
Verð: 10.990 kr.
7.693 kr.
Hjólabuxur síðar án púða
Verð: 11.990 kr.
8.992 kr.
-25%
-25%
Hjólabuxur stuttar m/púða
Verð: 12.990 kr.
7.693 kr.
-25%
Hjólasokkar lágir 3 stk. í pakka
Verð: 3.990 kr.
2.990 kr.
Hjálmar frá BELL í miklu úrvali.
-40%
BELL
-20%
NIKE
kynningarafsláttur af öllum nýjum NIKE hlaupavörum.
TRI
Tri ehf.
Suðurlandsbraut 32
Sími: 571 8111
Meðan birgðir endast. Tri áskilur sér rétt til allra breytinga á verði.
www.tri.is
Verslunin er opin:
Alla virka daga kl. 09:00-18:00
Laugardaga kl. 10:00-16:00

# Ég sé fyrir mér mennskan heim

Samfélagsmál

**Júlíus Valdimarsson**
í landsráði Húmanistaflokksins



Þegar ég vaknaði einn fallegan morgun í janúar 1996 eða fyrir 16 árum setti ég á blað persónulega yfirlýsingu sem ég nefndi „Ég sé fyrir mér mennskan heim“. Það sem þarna var ritað stóð einhvern veginn ljóslifandi fyrir mér og tiltrú mín hefur ekki minnkað á þá mennsku framtíð sem þar er lýst þrátt fyrir tímabundna erfiðleika sem við göngum nú í gegnum. Ekki síst er tiltrú mín sterk á unga fólkið sem er kraftmikið og skapandi og reiðubúið til þess að leita nýrra leiða eins og kom vel fram í búsáhaldabyltingunni sem ekki hefði átt sér stað án þess.

Hér á eftir fer fyrri hluti þessara skrifa sem mig langar nú að deila með ykkur sem lesa. Seinni hlutann langar mig til að birta síðar en hann gæti heitið „Ísland sem mennskt land“.

„Ég sé fyrir mér mennskan heim, ég vil vera húmanisti og hef ákveðið að helga líf mitt því tilgangsríka verkefni húmanista úti um allan heim að gera hann mennskan.

Ég sé fyrir mér mennskt Ísland sem orðið geti fyrirmynd annarra þjóðfélaga, um betra þjóðfélag fyrir alla.

Ég sé fyrir mér hvernig þetta muni gerast…

Ég sé fyrir mér að í öllum hverfum, alls staðar í öllum götum, hittist fólk heima hvert hjá öðru.

Ég sé fyrir mér fólkið hittast til þess að bera saman líðan sína, sorgir sínar og vonbrigði, vonir sínar og þrá, aðeins eftir hamingjusömu lífi án angistar, misskilnings og þjáningar fyrir sig og fyrir þá sem þeim þykir vænt um.

Ég sé fyrir mér fólk í öllum hverfum, öllum skólum, öllum vinnustöðum, í öllum félögum byrja að bera saman þrá sína eftir þjóðfélagi þar sem fólk er ekki að þeytast út og suður í leit að ómerkilegum hlutum, ómerkilegri uppbót fyrir tilgangslausa og litlausa tilveru.

Ég sé fyrir mér fólk alls staðar úti um allt land byrja að hittast reglulega til að bera saman sameiginlega þrá eftir því að öll þessi þjáning, vegna óréttlætisins, græðginnar og einstaklingshyggjunnar, verði yfirstigin.

Ég sé fyrir mér að fólk uppgötvi, þegar það fer að hittast, fer að ráða ráðum sínum saman, að innsta þrá hvers og eins er hin sama.

Ég sé fyrir mér að fólk í sameiningu uppgötvi sín í milli aðeins að við viljum hamingju fyrir okkur sjálf og fyrir þá sem okkur þykir vænt um.

Ég sé fyrir mér að þegar, alls staðar og úti um allt, þetta fer að gerast muni fólk uppgötva undraverðan kraft, óvænta sameiginlega visku, hamingju og gleði.

Ég sé fyrir mér að fólk muni, með þessu mannlega skipulagi, með mannlegu neti sameiginlegrar ætlunar, auðveldlega ná fullri stjórn á kringumstæðum sínum. Öll þekking býr í hinum mörgu, allt sem búið er til og heimurinn gengur fyrir er gert með þekkingu og framlagi hinna mörgu. Það er aðeins þannig að öll völdin, öll uppspretta græðginnar, allir áhrifamiðlarnir eru í höndum nokkurra fárra, gráðugra og tillitslausra valda- og peningamanna. Það er engin þekking þar, það er ekkert framlag þar og heimurinn gengur sallafínt án þeirra.

Ég sé fyrir mér að fólkið taki auðveldlega, og án ofbeldis og hörmunga, völdin í sínar hendur.

Ég sé fyrir mér að fólkið opni nýja leið, nýja mannkynssögu svo gjörólíka allri sögu mannsins hingað til, ég sé nýja mannveru fæðast…“

# Vilja konur láta nauðga sér?

Samfélagsmál

**Sæunn Kjartansdóttir**
sálgreinir



Töluverð umræða hefur sprottið í kjölfar útgáfu bókar þar sem konur lýsa kynferðislegum fantasíum sínum. Án þess að hafa séð umrædda bók hef ég hnotið um umfjöllun þar sem spurt er hvort skrif af þessu tagi séu til þess fallin að endurvekja mýtuna um að innst inni þrái konur að láta nauðga sér. Þýðir nei kannski ekki nei?

Mér finnst brýnt að árétta að himinn og haf eru á milli fantasíu um að vera þvingaður til kynlífsathafna og raunverulegrar nauðgunar. Í fantasíunni er hugmyndin sköpuð af konunni og henni er stjórnað af konunni. Konan ákveður að hún vilji láta yfirbuga sig. Hún velur hinn aðilann, hún ræður hvar atburðurinn á að gerast, hún ákveður hvað gert verði við hana og hún stjórnar hvenær því lýkur. Í raunverulegri nauðgun er öllum formerkjum umturnað. Konan vill ekki láta nauðga sér, Hún hefur enga stjórn, hvorki á aðstæðum né atburðarás. Þolendur nauðgana finna hvorki fyrir spennu eða nautn heldur sársauka, hræðslu, vanmætti og niðurlægingu og margir óttast um líf sitt.

Hvað er málið með nauðgunarfantasíur kvenna? Það sama á við um þær og aðrar fantasíur, þeim þarf að taka með fyrirvara. Um er að ræða hugarsmíð sem getur endurspeglað aðrar þrár konunnar, til dæmis að einhverjum finnist hún ómótstæðileg. Þær geta líka birt löngun hennar til að einhver sterkari en hún veiti henni óvæntan unað. Hins vegar snúast nauðgunarfantasíur, eins og aðrar kynlífsfantasíur, ekki eingöngu um skiljanlegar þrár og langanir. Kynlífsfantasíur fjalla oft um hið forboðna og eru öðrum þræði knúnar af kenndum sem vekja blygðun. Þess vegna bera fæstir þær á torg. Margar konur hryllir við fantasíum um nauðgun en á aðrar virka þær örvandi. Það þýðir ekki að viðkomandi konur langi í ofbeldi, þær séu undirgefnar karlmönnum eða alltaf til í tuskið. Það þýðir einfaldlega að heimur fantasíunnar lýtur allt öðrum lögmálum en veruleikinn.



**KLASSÍK Í VATNSMÝRINNI** Næsta laugardagskvöld fara fram þriðju tónleikarnir á þessu starfsári í Klassík í Vatnsmýrinni, tónleikaröð Félags íslenskra tónlistarmanna í samvinnu við Norræna húsið. Á tónleikunum flytja færeysku fiðluleikararnir og bræðurnir Rúni og Øssur Bæk fjölbreytta efnisskrá með verkum eftir Béla Bartók, Georg Friedrich Telemann, Sergei Prokofiev, Trónd Bogason og frænda þeirra bræðra, Kára Bæk. Tónleikarnir hefjast klukkan átta.

# DANSNÁMSKEIÐ Í ÞÁGU GÓÐS MÁLEFNIS

**Dansmenning úr fjórum áttum verður kynnt á óvenjulegan hátt á Danshátíð UN Women.**

„Ég hef lengi verið að kenna dans en er nú að vinna fyrir UN Women og datt í hug að það gæti verið gaman að sameina þetta tvennt," segir Álfheiður Anna Pétursdóttir afrókennari og verkefnastýra UN Women. Álfheiður er einn fjögurra danskennara sem kenna munu á fjögurra vikna dansnámskeiði sem UN Women standa fyrir. Í hverri viku námskeiðsins verður nýr dansstíll kynntur til sögunnar.

„Við kennum dansa sem hægt er að tengja við verkefni og lönd sem UN Women styrkja um heim allan, afró, Bollywood, samba og magadans. Hugmyndin var sú að vekja athygli á þörfu málefni, bágri stöðu kvenna víða um heim, með jákvæðum hætti."

Álfheiður kennir sjálf afródans en auk hennar eru kennarar á námskeiðinu þær Margrét Erla Maack sem kennir Bollywood-dans, Kristín Bergsdóttir sem kennir sambadans og Þórdís Nadia Semichat sem kennir magadans en allar hafa þær kennt dans til margra ára. „Við gefum allar vinnu okkar og þá hefur Baðhúsið veitt okkur aðgang að húsnæði sínu endurgjaldslaust."

Dansnámskeiðið er hryggjarstykki Danshátíðar UN Women sem hefst á sunnudag með kynningarkvöldi á Café Haiti þar sem fjallað verður um dansstílana fjóra og skoðuð verkefni sem UN Women hefur styrkt í þeim löndum og svæðum sem dansarnir eru frá. „Afró er afrískur dans, Bollywood er upprunninn á Indlandi, magadans í Mið-Austurlöndum og samba í Brasilíu. Á öllum þessum slóðum hefur UN Women stutt við bakið á konum," segir Álfheiður og bætir við að þegar námskeiðinu ljúki verði haldin heljarinnar dansveisla. „Ég hvet áhugasama til að hafa samband við UN Women og skrá sig, svo við vitum hvað við eigum von á mörgum," segir hún að lokum.

sigridur@frettabladid.is



**DANSA FYRIR UN WOMEN** Þær Álfheiður Anna Pétursdóttir, Kristín Bergsdóttir og Margrét Erla Maack kenna á námskeiðinu auk Þórdísar Nadiu Semichat sem átti ekki heimangengt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## SAMEIGINLEGAR RÆTUR DANSSTÍLA ÚR ÓLÍKUM ÁTTUM

Danstegundirnar fjórar sem kynntar eru á dansnámskeiði UN Women, afródans, Bollywood, samba og magadans, eiga að mörgu leyti sameiginlegar rætur. Álfheiður segir að bent verði á þær rætur í tímunum en fyrst og fremst verði áherslan á skemmtilega tíma.
Hún bætir við að íslenskar konur rétt eins og konur á Vesturlöndum njóti þess í auknum mæli hve dansmenning úr öllum heimsins hornum sé farin að breiðast út. Á sama tíma búi fjöldi kvenna um heim allan við bág kjör, misrétti og ofbeldi. Þessu vilji UN Women breyta og danshátíðin sé kjörið tækifæri til að styðja við baráttuna gegn bágum kjörum kvenna víða um heim um leið og menningarlegri fjölbreytni er fagnað.
Námskeiðið hefst næsta þriðjudag en kennt verður þriðju- og fimmtudaga klukkan 19.45.
Námskeiðsgjald rennur óskipt til góðgerðarstarfa en verð á námskeiðið eru 18.900 krónur fyrir aðra en námsmenn sem fá 20% afslátt eins og viðskiptavinir Baðhússins.
Byrjað verður á afródansi, þá verður Bollywood tekið fyrir, svo sambadans og loks magadans.




# Matarhönnun í Hönnunarsafninu

Rætt verður um matarhönnun og samstarf sem getur skapast á milli ólíkra starfsgreina næsta sunnudag í Hönnunarsafni Íslands klukkan tvö. Harpa Þórsdóttir, forstöðumaður safnsins, mun stýra samræðum en þátttakendur auk hennar eru hönnuðirnir Brynhildur Pálsdóttir og Auður Ösp Guðmundsdóttir auk súkkulaðimeistarans Hafliða Ragnarssonar. Spjallið tengist yfirstandandi sýningu, sem ber heitið Saga til næsta bæjar en þau Brynhildur og Hafliði unnu saman við gerð súkkulaðifjalla og Auður vann að búbótarís ásamt fleirum.

Spjallið mun eflaust fá fólk til að fá vatn í munninn, en þau matarverkefni sem hafa verið unnin á síðustu árum að frumkvæði hönnuða hafa þótt forvitnileg og áhugaverð og orðið til þess að fleiri tækifæri hafa opnast á þessum vettvangi. Matgæðingar eru hvattir til að mæta og taka þátt. - sbt



**MATARHÖNNUN** Brynhildur Pálsdóttir hönnuður og Hafliði Ragnarsson súkkulaðimeistari unnu saman að gerð fjalla úr súkkulaði.



SKEMMTIÞÁTTURINN TÝNDA KYNSLÓÐIN SNÝR AFTUR EFTIR SUMARFRÍ OG FRAMUNDAN ERU FRÁBÆR FÖSTUDAGSKVÖLD Á STÖÐ 2

# Ferskasti nammibarinn

## FYLLTU POKANN

Veldu uppáhalds eplin þín í eplapokann og borgaðu aðeins

**499**




FUJI EPLI
RAUÐ EPLI
GUL EPLI
GRÆN EPLI
JONAGOLD EPLI
GALA EPLI
PINK LADY
JAZZ EPLI

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**77 ERLA STEFÁNSDÓTTIR** álfasérfræðingur á afmæli í dag.
*„Einlægni, áreiðanleiki, gleði og hjartahlýja eru mikilvægustu kostir hverrar manneskju.“*

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, amma og langamma,

**ÞÓRHILDUR ÞORLEIFSDÓTTIR**

andaðist á gjörgæsludeild sjúkrahússins í Torrevieja á Spáni þann 31. ágúst. Útför auglýst síðar.

**Gunnar Á Mýrdal**
**Sigurður Þór Mýrdal** **Þórdís Ingibjartsdóttir**
**Ása Mýrdal**
**Jón Gunnar Mýrdal** **Steinunn Björg Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og systir,

**ANNA LILJA STEFÁNSDÓTTIR**

lést þriðjudaginn 14. ágúst. Útför fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðmundur Ólafsson**
**Ólafur Stefán Guðmundson**
**Jóhanna B Guðmundsdóttir** **Jón Björnsson**
**Soffía Rut Guðmundsdóttir**
**Helga Steinunn Guðmundsdóttir** **Brynjar Magnússon**
**og barnabörn.**

---

†



**HINRIK HINRIKSSON**
**húsgagnabólstrari,**
**áður til heimilis að Aðalstræti 6, Akureyri,**

lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 25. ágúst. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Innilegar þakkir til starfsfólksins á dvalarheimilinu Hlíð fyrir góða umönnun. Einnig þakkir til þeirra sem sýnt hafa okkur samúð og hlýhug.

**Þorbergur Hinriksson** **Bryndís Friðriksdóttir**
**Sigurlaug Hinriksdóttir**
**Rannveig Ágústsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

†



Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN VIGFÚSSON**
**áður til heimilis að Dalatanga 6, Mosfellsbæ,**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 2. september sl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Stefán Már Jónsson** **Hrefna Lind Borgþórsdóttir**
**Kolbrún Jónsdóttir** **Bæring Sigurbjörnsson**
**Edda Melax** **Günter Willi Schmid**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**HÖRÐUR G. HELGASON**
**rafvirkjameistari,**
**Staðarhrauni 15, Grindavík,**

sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans miðvikudaginn 29. ágúst, verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju föstudaginn 7. september kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Þorbjörn í Grindavík.

**Sigurbjörg Ásgeirsdóttir**
**Helgi Einar Harðarson**
**Ármann Ásgeir Harðarson** **Ólafía Helga Arnardóttir**
**Sigurbjörg Brynja Helgadóttir**
**Katrín Lilja Ármannsdóttir**
**Ásgeir Bjarni Ármannsson**

---


**GL GRANÍT OG LEGSTEINAR**

*Mikið úrval*



*Allir legsteinar á kr. 75.000,-*

Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is


---

## ANNA ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR: ER NÝBAKAÐUR DOKTOR Í TANSANÍU

# Ójöfnuðurinn er gríðarlegur



**Í HEIMSÓKN** Aðstæður fólks í Tansaníu eru víða frumstæðar.

Anna Elísabet Ólafsdóttir, fyrrverandi forstjóri Lýðheilsustöðvar, varði fyrir skemmstu doktorsritgerð sína í lýðheilsuvísindum við Brunel-háskóla í London. Ritgerðin fjallar um áhrif stjórnunarhátta á gæði og afköst heilbrigðiskerfa.

Anna Elísabet býr í borginni Dar Es Salaam í Tansaníu og starfar þar sem ráðgjafi hjá rannsóknarstofnun í heilbrigðisvísindum. „Verkefnin mín í Tansaníu lúta að fjármögnun heilbrigðiskerfa og hversu heppilegt sé að árangurstengja laun heilbrigðisstarfsmanna og rekstartekjur heilbrigðisstofnana,“ útskýrir hún. En af hverju í Tansaníu?

Ég fór fyrst til Tansaníu sem ferðamaður árið 2005 og hreifst svo af landi og þjóð að ég fór strax að skipuleggja næstu ferð. Nú er svo komið að maðurinn minn, Viðar Viðarsson, og ég rekum bændagistingu með ferðaþjónustu í þorpinu Bashay, í samvinnu við heimamenn, innan um aðra smábændur sem rækta sinn eigin mat.

Á sveitabænum Bashay Village segir Anna Elísabet gott fólk sjá um reksturinn og hún fari þangað reglulega en geti hvorki verið þar oft né lengi vegna verkefna sinna í Dar Es Salaam. Húsakynnin á bænum eru einföld og hrein. „Við höfum hreint, rennandi vatn úr okkar eigin borholu og rafmagn sem við framleiðum með sólarorku. Við eldum á gasi en getum líka eldað á kolum fyrir utan og það gerum við oft, sérstaklega þegar verið er að elda eitthvað sem þarf langa suðu eins og baunir,“ lýsir hún og segir gestina koma víðs vegar frá, svo sem frá Íslandi, Noregi, Austurríki, Þýskalandi og Kanada.

Anna Elísabet kveðst ekki vita til að aðrir Íslendingar búi í landinu en segir sjálfboðaliða stundum koma þangað í hjálparstörf. „Við Viðar eigum þrjá stráka en þeir eru allir á Íslandi. Sá yngsti er í Verslunarskólanum á þriðja ári. Þeir hafa aldrei verið í skóla í Tansaníu en við skoðuðum þann möguleika fyrir nokkrum árum. Viðar hefur vinnu á Íslandi þannig að það er fyrst og fremst ég sem er að reka þetta áfram hér í Tansaníu.“

Hvernig skyldi svo lífið í Tansaníu koma Önnu Elísabetu fyrir sjónir?

„Það er mjög breytilegt eftir því hvar fólk býr. Stéttaskipting er mikil og ég man að þegar ég kom fyrst til borgarinnar Dar Es Salaam frá þorpinu okkar spurði ég sjálfa mig hvort þetta væri sama landið.

Lífið í þorpum úti á landi er mjög erfitt og fátæktin gríðarleg, fólk hefur hvorki rafmagn, hreint vatn né almennilega hreinlætisaðstöðu. Ég veit ekki hvort Íslendingar nútímans geti ímyndað sér hvernig það er að fara svangur að sofa í leirkofa með moldargólfi, þurfa að fara út á kamar í svartamyrkri um niðdimma nótt og geta svo ekki þvegið sér á eftir. En í borgunum, ekki síst í Dar Es Salaam, eru hins vegar stór og flott hús,“ segir Anna Elísabet og verst allra frétta um það hversu lengi hún verði í Tansaníu. „Ég veit ekki hvað ég verð hér lengi, tíminn leiðir það í ljós.“

gun@frettabladid.is

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, systir og amma,

**HANNA JÓNSDÓTTIR**
**Hrísateig 26, Reykjavík,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 3. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Júlíus Óskar Sigurbjörnsson**
**Margrét Gróa Júlíusdóttir**
**Jón Júlíusson** **Ragna Ingimundardóttir**
**Sigurður Tryggvi Júlíusson** **Sirigorn Inthaphot**
**Kristín Ósk Júlíusdóttir**
**systkini og barnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar,

**KRISTÍN ÓSKARSDÓTTIR (DÍDÍ)**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 22. ágúst. Jarðsungið verður frá Laugarneskirkju fimmtudaginn 6. september kl. 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Ingibjörg Ármannsdóttir**
**Björgvin Ármannsson**
**Hlynur Þór Ingólfsson**
**Óskar Ármannsson**
**Bjarnfreður Ármannsson**
**Ægir Örn Ármannsson**
**Anna Jóna Ármannsdóttir**
**Guðný Björk Ármannsdóttir**
**Þórleif Ármannsdóttir**
**Erla Dögg Ármannsdóttir**
**Sigurbergur Ármannsson**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**JÓHANNA THORLACIUS**

lést sunnudaginn 2. september á Droplaugarstöðum.

**Margrét Oddný Hannesdóttir Borg** **Curt Erik Borg**
**Guðmundur Hannesson** **Ása Jónsdóttir**
**Þorsteinn Hannesson** **Karólína Eiríksdóttir**
**Sigmundur Hannesson** **Hildur Einarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSLAUG HULDA MAGNÚSDÓTTIR**

lést á heimili sínu miðvikudaginn 5. september.

**Haukur Guðjónsson**
**Margrét Hauksdóttir** **Haraldur Olgeirsson**
**Sigurlaug Hauksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar,

**HULDA KRISTÍN EMILSDÓTTIR,**
**áður til heimilis í**
**Austurbrún 29, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk föstudaginn 31. ágúst. Útför Huldu verður gerð frá Áskirkju mánudaginn 10. september og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Rúnar Valdimarsson**
**Emil Breki Hreggviðsson**

**HIN ÓTRÚLEGA PÍLAGRÍMSGANGA HAROLDS FRY** EFTIR **RACHEL JOYCE**

# VIÐ HÖLDUM MEÐ ÞÉR, HAROLD!*

★★★★

„Óvenjuleg saga með öllum réttu hráefnunum í góða bók í réttum hlutföllum. Yndislestur.“
– FRIÐRIKA BENÓNÝS, FRÉTTABLAÐIÐ

„Þrátt fyrir grafalvarlegan undirtón er verkið bráðfyndið ... Hin besta skemmtun.“
–FRÍÐA BJÖRK INGVARSDÓTTIR, RÁS 1

★★★★
„Þýðing Ingunnar Snædal er til fáséðrar fyrirmyndar. Vönduð og vel unnin á góðri íslensku sem unun er að lesa. Vel gert.“
–FRIÐRIKA BENÓNÝS, FRÉTTABLAÐIÐ




★★★★
TILNEFND TIL BOOKER-VERÐLAUNANNA
2012

BJARTUR

* Sjá tilvitnun neðst á síðunni.

„Þetta er einkar vel og létt leikandi skrifuð saga með aðalpersónu sem lesandinn heldur með og óskar alls hins besta. (...) skilaboðin eru þau að það sé hægt að hefja nýja byrjun og snúa ástleysi upp í ást.“
–KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

DYNAMO REYKJAVIK

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** grasþökur, **6.** frá, **8.** matjurt, **9.** rá, **11.** dreifa, **12.** goðmögn, **14.** bor, **16.** fyrirtæki, **17.** frjó, **18.** keyra, **20.** tónlistarmaður, **21.** rétt.

**LÓÐRÉTT**
**1.** jurtatrefjar, **3.** klafi, **4.**ræsimark, **5.** hamfletta, **7.** kjánaskapur, **10.** beita, **13.** bókstafur, **15.** hirðing, **16.** blaður, **19.** ólæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. torf, 6. af, 8. kál, 9. slá, 11. sá, 12. tótem, 14. nafar, 16. ms, 17. fræ, 18. aka, 20. kk, 21. satt.
**LÓÐRÉTT:** 1. bast, 3. ok, 4. rásmark, 5. flá, 7. flónska, 10. áta, 13. eff, 15. rækt, 16. mas, 19. at.




# Hausthamingjan yfir mér

**BAKÞANKAR**
**Friðriku Benónýs**



Bezt eru vorin, ekkert elska ég heitar," orti Hannes Pétursson í Söngvum til jarðarinnar og eflaust taka margir sólþyrstir Íslendingar undir með skáldinu. Ég er ekki í þeim hópi. Haustið hefur alltaf verið minn tími og ég stend mig að því að bíða í ofvæni eftir byrjun september á hverju ári. Hauströkkrið sem annað skáld, Snorri Hjartarson, orti svo fallega um fyllir mig vellíðan og bjartsýni, haustlitirnir eru endalaus uppspretta andkafa og hrifningarandvarpa og hvert kvöldið af öðru líður við skoðun á bæklingum leikhúsanna, leit að spennandi námskeiðum á vefsíðum skólanna, kertaljós og kakóbolla undir teppi.

**HUGURINN** fyllist af góðum áformum og alltaf er ég jafnspennt yfir öllu því skemmtilega sem í vændum er og jafnsannfærð um að þessi vetur verði sá allra besti. Að í ár muni ég drífa mig á ítölskunámskeiðið margumtalaða, vera dugleg að sækja jógatíma, muni sjá nánast allar sýningar leikhúsanna, sækja tónleika í gríð og erg og bjóða fólki í hvert matarboðið öðru glæsilegra. Skítt með það þótt reynslan kenni að hin góðu áform haustkvöldanna eiga álíka langa lífdaga fyrir höndum og mjólkurfernan í ísskápnum.

**ÞAÐ** albesta við haustið er þó biðin eftir jólabókaflóðinu. Spennan eftir að opinberað verði hvaða uppáhaldsskáld sendi frá sér bók þetta árið, hvaða nýju upprennandi uppáhaldsskáldum maður fái að kynnast og hver þeirra komi manni mest á óvart. Ekkert jafnast á við að fá í hendur brakandi nýja bók, velta henni á milli handanna, anda að sér bókailminum, koma sér þægilega fyrir, draga andann djúpt og byrja að lesa. Bækur opna heima sem ekkert annað listform er fært um að skapa og eins og fram kom í viðtali við sálfræðinginn Keith Oatley hér í blaðinu í gær jafnast lestur góðs skáldskapar næstum á við meistaranám í sálfræði og félagsfræði, dýpkar skilning á því hvernig annað fólk funkerar og hvað knýr það áfram og sýnir lesanda inn í sálarlíf alls kyns einstaklinga sem hann annars ætti aldrei kost á að kynnast. Og það án þess að hann þurfi einu sinni að standa upp úr sófanum.

**RIGNINGIN,** rokið, myrkrið og sólarleysið draga ekkert úr eftirvæntingu haustsins, auka hana ef eitthvað er. Bráðum, bráðum fyllist sófaborðið af ólesnum bókum, nýjum ævintýrum og spennandi karakterum sem unun er að kynnast. Hversdagsleikinn hverfur í skuggann af öllum þessum heimum sem bíða þess að verða kannaðir, upplifaðir, meltir og krufnir. Eftirvæntingin ber mig ofurliði. Er kannski hægt að hraðspóla fram í október?

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






**10. sept – 8. okt**

# MÆTTU Í HOT YOGA Á HVERJUM DEGI Í 4 VIKUR

## OG ÁRANGURINN FÆR ÞIG TIL AÐ BROSA

**NÝTT!** **Fræðslustund 16. september kl. 14 - 16 þar sem farið verður betur yfir Hot Yoga æfingarnar og hvað þær gera fyrir þig. Frítt fyrir Hot Yoga meðlimi!**



**VERÐSKRÁ**

| Tími | Verð |
|---|---|
| 4 vikur | 14.900 kr. |
| 10 tíma klippikort | 12.000 kr. / 8.500 kr. fyrir meðlimi |
| 6 mán áskrift | 11.900 kr. á mán |
| 12 mán áskrift + kaupauki | 7.900 kr. á mán |

**TÍMATAFLA**

| mán. | þri. | mið. | fim. | fös. |
|---|---|---|---|---|
| 6:15 (60 mín) | | 6:15 (60 mín) | | 6:15 (60 mín) |
| 9:00 (60 mín) | | 9:00 (60 mín) | | 9:00 (90 mín) |
| | 12:00 (60 mín) | | 12:00 (60 mín) | |
| 17:30 (90 mín) | | 17:30 (90 mín) | | 17:30 (75 mín) |
| | 18:15 (90 mín) | | 18:15 (90 mín) | |
| 19:30 (60 mín) | | 19:30 (60 mín) | | |
| | 20:00 (75 mín) | | 20:00 (75 mín) | |

**Laugardaga** stakur tími (90 mín.) 1.700 kr. / 1.000 kr. fyrir meðlimi



**Aðalumsjón og kennari er Jóhanna Karlsdóttir.**
Jóhanna kláraði hæstu gráðu í Yoga fræðum á vegum Yoga Alliance eða alþjóðlegu Yogasamtökunum. Hún hefur einnig sótt mörg námskeið hjá reynslumiklum og þekktum Yogakennurum um allan heim.

**SPORTHÚSIÐ**
heilsurækt fyrir alla

Hópþjálfun Láruliða

# FYRIR KONUR OG KARLA



**UPPBYGGING:**

- 3 x lokaðir hóptímar í viku
- mikið aðhald
- viðtal og markmiðasetning
- vigtun, fitumæling og ummálsmæling við upphaf og lok námskeiðis
- þjálfun fer fram undir handleiðslu þjálfara og leiðbeinanda
- þjálfun miðast við þarfir hvers og eins
- leiðbeiningar og aðstoð við mataræði
- brennsluprógramm fyrir 2 aukaæfingar í viku; sent 1 x í viku



**VERÐSKRÁ**

| Tími | Verð |
|---|---|
| 4 vikur | 15.900 kr. |
| áskrift 6 mán | 12.490 kr. á mán |
| áskrift 12 mán | 9.990 kr. á mán |

**TÍMATAFLA**

| Mán | Mið | Fim | Fös |
|---|---|---|---|
| 6.00 | 6.00 | | 6.00 |
| 17.30 | 17.30 | 17.30 | |
| 18.30 | 18.30 | 18.30 | |

Þú velur að æfa á þeim tíma sem þér hentar hverju sinni!, **9 tímar í boði**

Nánari upplýsingar og skráning á **www.sporthusid.is**,
**S: 564 4050** eða **gunnhildur@sporthusid.is**

þín þróun...

SPORTHÚSIÐ • DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

FÓÐURLANDIÐ AUGLÝSINGASTOFA

# menntun

menntun@frettabladid.is

**452** **STUNDUÐU DOKTORSNÁM** í íslenskum háskólum árið 2011, 170 karlar og 282 konur. *Heimild: Hagstofa Íslands.*

# Að lesa í umhverfið

*Um 100 nemendur nýta sér fjarnám*

**420 nemendur eru í Landbúnaðarháskóla Íslands þetta skólaár. Í háskóladeildum eru 230 nemendur, þar af 40 í meistaranámi. Innan veggja LbhÍ er einnig tveggja ára nám á framhaldsskólastigi (starfsmenntanám). Í bændadeild á Hvanneyri eru 120 nemendur og í garðyrkjudeildum á Reykjum í Ölfusi 70 nemendur. Um 100 nemendur við LbhÍ nýta sér fjarnám. Í vetur er áætlað að um 2.500 manns verði á námskeiðum á vegum LbhÍ.**



**KRISTJÁN SIGURÐUR** „Hér hefur maður allt til alls," segir hann um aðbúnaðinn á Hvanneyri. MYND/ÁSKELL ÞÓRISSON

Kristján Sigurður Þórsson er tvítugur Tálknfirðingur. Hann innritaðist á umhverfisskipulagsbraut við Landbúnaðarháskóla Íslands í vor. Hvers vegna valdi hann það? „Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á arkitektúr og skipulagsfræðum. Það kom því ekkert annað til greina. Ég vissi raunar lítið um námið á Hvanneyri þar til ég heyrði um það í Menntaskólanum í Kópavogi," svarar hann. „Þetta er því fyrsta önnin mín.

Venjulegur dagur? Í dag (miðvikudag) er Helena Guttormsdóttir aðjúnkt með tíma sem er kallaður Sjónmenntir. Þar erum við að læra að lesa í umhverfið og náttúruna og hvernig hægt er að tengja saman nýtingu og fagurfræði."

Spurður hvort hann geri sér væntingar um gott félagslíf í skólanum svarar Kristján Sigurður: „Já, ég treysti krökkunum sem standa fyrir því. Um daginn var nýnemadagur, þá voru nýnemar settir í tólf mismunandi hópa sem fóru um svæðið og leystu þrautir og gátur. Ég var ekki í sigurliðinu en það fékk vegleg verðlaun."

Kristján Sigurður býr á nemendagörðum og finnst aðstaðan vera til sóma. „Ég bý í fimmtán fermetra herbergi. Við erum sex með sama eldhús og sameiginlega stofu. Þetta fúnkerar alveg! Hér hefur maður allt til alls og það tekur ekki langan tíma að kynnast þeim sem eru með manni í námi." -gun

# Námskeið um búddisma frá Tíbet

Endurmenntun Háskóla Íslands býður í haust upp á námskeið um búddisma í Tíbet undir stjórn Önnu Töru G. Edwards, sem er mannfræðingur með meistaragráðu í búddískum djáknafræðum. Á námskeiðinu verður einblínt á búddisma frá Tíbet og helstu einkenni hans.

Í gegnum aldirnar hafa meistarar, m.a. frá Tíbet, þróað hinar ýmsu hugleiðslu- og kennsluaðferðir í því skyni að skilja betur okkar innsta eðli. Farið verður yfir ævisögu Búddha og fyrstu kennslu Búddha um hin fjögur sannindi. Megináherslan verður lögð á Lamrim-kennsluna sem þýðir hinn stigvaxandi vegur til uppljómunar. Í Lamrim-kennslu er kennt stig frá stigi hvernig maður getur öðlast uppljómun sem er hið æðsta markmið búddista.



**BÚDDA** Námskeið um búddisma frá Tíbet verður haldið hjá Endurmenntun HÍ í september.

Kennt verður þrjá fimmtudaga í september og er fyrsti tíminn þann 13. september í húsi Endurmenntunar við Dunhaga. Nánari upplýsingar á heimasíðunni Endurmenntun.is. - fsb



**GERÐUR KRISTNÝ** „Það er ekkert hægt að veðja á hvað heillar börn mest," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SKÁLDATÍMI Í MELASKÓLA

**Rithöfundurinn Gerður Kristný ætlar að veita 5. bekkingum í Melaskóla tilsögn í að skrifa sögur næstu tvo mánuðina. Hún heitir skemmtilegum tímum.**

„Ég hef verið fengin til að bjóða börnum upp á kennslu í ritlist og kalla námskeiðið skáldatíma, enda fá þau þarna tíma til að vera skáld," segir Gerður Kristný rithöfundur glaðlega og útskýrir tildrög þess nánar. „Í vor hafði bókasafnsfræðingurinn í Melaskóla, Særún Albertsdóttir, samband við mig og bað mig um að koma í 5. bekkina og kenna börnunum ritlist á haustönn. Fyrirmyndin er dönsk. Þar í landi kom rithöfundur í skóla og var með krökkunum í þrjá mánuði, las fyrir þá sögur, ræddi þær við þá og loks tóku krakkarnir til við að skrifa sjálfir sögur. Mér fannst þetta hljóma afar vel," segir Gerður og bætir við: „Mér buðust ýmis verkefni nú í haust og fannst þetta langáhugaverðast og ákvað því að slá til. Við sóttum um styrk til Reykjavíkur, bókmenntaborgar UNESCO, fengum jákvætt svar en Melaskóli leggur líka til fé á móti framlagi bókmenntaborgarinnar. Mér finnst frábært að Særúnu skuli hafa tekist að ná þessu í gegn. Á niðurskurðartímum sem þessum dettur fáum í hug að hafa frumkvæði að nýjungum sem þessum í kennslu."

Gerður Kristný ætlar að byrja kennsluna um miðjan þennan mánuð. Tíu ára bekkirnir í Melaskóla eru þrír og hún býst við að fara í hvern þeirra tvisvar í viku. „Ég ætla að velja góðar sögur, jafnvel þjóðsögur og ævintýri, til að lesa með börnunum og ræða síðan til dæmis hvernig maður byggir upp sögu og af hverju maður heldur með sumum persónum og ekki öðrum. Síðan hlakka ég mikið til að lesa sögurnar sem krakkarnir semja sjálfir." Helst vill hún líka æfa börnin í að flytja textann sinn en umfram allt eiga kennslustundirnar að vera skemmtilegar. „Nóg er nú samt lagt á börn," segir hún

„Jahá," svarar Gerður Kristný ákveðin spurð hvort hún hefði þegið að fá tilsögn í skáldskap þegar hún var í barnaskóla. „Ég bjó í Háaleitishverfinu og sá stundum Sigurði A. Magnússyni bregða fyrir á leið sinni út í Víði. Annars sá ég ekki rithöfund fyrr en ég var komin í menntaskóla. Þá mætti Svava Jakobsdóttir í smásagnaáfanga sem ég valdi mér í MH. Maður lærir helst að skrifa með því að lesa góða höfunda og þessa tvo las ég." Gerður Kristný segir rithöfunda nú orðna sýnilega í grunnskólum eftir að verkefnið Skáld í skólum komst á en þar fara rithöfundar í skóla, segja frá sér og verkum sínum og lesa upp. Hún hefur sjálf tekið þátt í því verkefni og haft feikigaman af. Gerður hefur líka áður kennt ritlist því bókasafnið í Gerðubergi fékk hana til að kenna á ritlistarnámskeiði í fyrrasumar. Þar beindi hún börnunum ekki aðeins að góðum barnabókmenntum, heldur líka til dæmis ljóðum fyrir fullorðna. „Ég las dularfulla ljóðið Sýn að hausti eftir Gyrði Elíasson fyrir krakkana. Þar birtist hvorki meira né minna en vængjaður skóladrengur. Ein yngsta stúlkan á námskeiðinu hreifst svo af því að ég varð að endurtaka lesturinn í næsta tíma. Það er ekkert hægt að veðja á hvað heillar börn mest."

Margir rithöfundar sækja í bernsku sína hvort sem þeir skrifa fyrir börn eða fullorðna að mati Gerðar Kristnýjar. „Mig langar til að börnin í Melaskóla átti sig á töfrum þess að vera tíu ára og skrifi um þá." gun@frettabladid.is

## VAL Á BÓKUM

„Fyrir utan þjóðsögur og ævintýri finnst mér ákaflega líklegt að bækur Kristjönu Friðbjörnsdóttur um Ólafíu Arndísi komi við sögu og Benjamín Dúfa eftir Friðrik Erlingsson. Svo auðvitað Astrid Lindgren. Ég held að hún dugi í flest. Þó verður lögð áhersla á íslenskar bækur því það er svo mikilvægt fyrir íslenska krakka að rekast á Dalvík, slyddu og soðna ýsu í bókum."








# ÞÚ TREYSTIR HONUM

## EN GÆTI VERIÐ AÐ BARNIÐ ÞITT ÞEKKI HANN BETUR EN ÞÚ?

**93% barna sem verða fyrir kynferðislegu ofbeldi þekkja gerandann***

Almenningsvitund er sterkasta vopnið gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum
Upplýstir foreldrar vernda börn

BLÁTT ÁFRAM!

*upplýsingar á www.blattafram.is í bæklingnum: 7 skref til verndar börnum.

www.blattafram.is

ANTON&BERGUR

**MÁLSTOFA UM KAPÍTALISMA** Suðurkóreski hagfræðingurinn Ha-Joon Chang heldur erindi um bók sína 23 atriði um kapítalisma sem ekki er sagt frá í Lögbergi klukkan 14 í dag. Í pallborði verða þeir Jóhann Páll Árnason, heimspekingur og heiðursdoktor við HÍ, Stefán Ólafsson, forstöðumaður Þjóðmálastofnunar, og Páll Skúlason, prófessor í heimspeki.



**Í JÚNÍ 2011** Téa Obreht tók á móti Orange-verðlaununum í júní árið 2011, þremur mánuðum eftir að fyrsta skáldsaga hennar, Kona tígursins, kom út í Bandaríkjunum. Téa er yngsti rithöfundurinn sem hefur hlotið þessi virtu verðlaun, en hún er fædd árið 1985. NORDICPHOTOS/GETTY

# Happdrættisvinningur að fá Orange-verðlaunin

**Nýverið kom út hjá Forlaginu í íslenskri þýðingu skáldsagan Kona tígursins. Hún er fyrsta verk Téu Obreht, sem er fædd árið 1985. Hún er yngsti rithöfundurinn sem hlýtur hin virtu Orange-bókmenntaverðlaun.**

Strax í upphafi skáldsögunnar Konu tígursins slást lesendur í för með unglækninum Natalíu, í leiðangri hennar á Balkanskaga til að hjálpa munaðarleysingjum og stríðshrjáðu fólki. Á ferð sinni fréttir Natalía að afi hennar hafi dáið í afskekktu þorpi en enginn veit um erindi hans þangað. Þannig hefst bókin sem Téa byggir á þjóðtrú og sögnum síns fólks, en ekki síst nánu sambandi sínu við afa sinn.

Það kom mörgum á óvart þegar Téa hlaut Orange-verðlaunin árið 2011 fyrir bókina. Þá var hún 26 ára gömul, en hún er yngsti rithöfundurinn sem hlýtur þennan heiður. Téa sat við skriftir á heimili sínu í New York þegar blaðamaður Fréttablaðsins sló á þráðinn til hennar, til að forvitnast um ævintýri rithöfundarins í kjölfar útgáfu bókarinnar. Téa byrjar á því að lýsa því hvernig þær góðu viðtökur sem bókin hlaut komu henni í opna skjöldu. „Ég held að enginn hafi búist við þessum viðtökum. Þetta var fyrsta verk okkar allra sem stöndum að bókinni – fyrsta skáldsaga mín, fyrsta verkefni umboðsmanns míns og fyrsta bókin sem ritstjórinn minn tók að sér. Ég var steinhissa þegar ég vann til Orange-verðlaunanna, því ég er ekki vön að vinna nokkurn skapaðan hlut. Aldrei vann ég neitt í happdrætti í skólanum! En þetta var mikill heiður og ég er mjög þakklát fyrir viðtökurnar sem bókin hefur fengið.“

Téa segir góðar viðtökur Konu tígursins hafa opnað henni margar dyr. Það mikilvægasta sem þó hafi komið út úr því sé að nú geti hún lifað alfarið af skrifum sínum. „Nú get ég kallað sjálfa mig starfandi rithöfund, ég skrifa heima hjá mér og fæ tækifæri til að ferðast um allan heim þess á milli. Ég hef fengið að hitta fjöldann allan af rithöfundum sem ég hef dáðst að í gegnum árin, svo þetta hefur verið alveg einstök reynsla.“

Hún er byrjuð á nýrri bók, sem mætti ímynda sér að gæti verið erfitt, eftir svo kröftugt upphaf á ferlinum. „Það var nokkuð erfitt að byrja á nýrri bók, en mér er farið að líða betur og betur með þetta. Þetta ferli er samt allt öðruvísi en þegar ég skrifaði fyrstu bókina. Margir rithöfundar hafa hughreyst mig með því að önnur bókin sé oft sú erfiðasta. Ég held mér fast í þau orð,“ segir Téa og hlær.

Téa er fædd í Serbíu en fluttist til Bandaríkjanna með móður sinni þegar hún var ellefu ára að aldri. Fram að þeim tíma höfðu afi hennar, sem var kaþólskur Slóveni, og amma, sem er Bosníuserbi, alið hana upp að mestu. „Mamma mín var einstæð og vann mjög mikið. Við bjuggum hjá ömmu og afa og þau sáu um mig að mestu. Við mamma flúðum Júgóslavíu með ömmu og afa, fyrst til Kýpur og síðar til Egyptalands. Þegar við mamma komum til Bandaríkjanna fóru amma og afi aftur til Serbíu og amma býr þar enn þá, í Belgrad.“

Natalía, aðalsögupersóna Konu tígursins, á margt sameiginlegt með Téu. Rétt eins og hún var Téa afar náin afa sínum og því varð dauði hans árið 2006 henni mikið áfall. „Það var andlát afa míns sem ýtti mér út í að skrifa þessa bók. Dýpt sambandsins sem Natalía á við afa sinn byggir á sambandi mínu við afa minn. Að öðru leyti er þetta skáldskapur.“

holmfridur@frettabladid.is






**DAGNÝ KRISTJÁNSDÓTTIR** Segir barnabókamenningu vera að sækja í sig veðrið í Grænlandi og Færeyjum og því þurfi að fylgja eftir.

# Mikilvægt að styrkja barnabókamenningu

Barna- og unglingabókaverðlaun Vestnorræna ráðsins verða veitt í sjötta sinn á morgun við hátíðlega athöfn. Þau eru að verðmæti 1,2 milljónir. Tilnefndar eru þrjár bækur, ein frá Færeyjum, ein frá Grænlandi og ein frá Íslandi. Dagný Kristjánsdóttir prófessor er í dómnefnd. Hún segir markmið verðlaunanna að styrkja barna- og unglingamenningu í þessum löndum sem eigi margt sameiginlegt en þekki hvert annað svo lítið.

Hingað til hafa Íslendingar hlotið verðlaunin í öll skiptin nema eitt og Dagný segir ástæðuna þá að á Íslandi komi út 84 frumsamdar, íslenskar barnabækur á ári en bara fimm í Grænlandi, þar af bara tvær frumsamdar. Valið fari hins vegar ekki eftir fjölda heldur gæðum. „Hin vestnorrænu löndin hafa ekki sömu barnabókahefð og við, þess vegna er svo mikilvægt að styrkja hana og í ár eru ofboðslega góðar bækur bæði frá Grænlendingum og Færeyingum, þannig að þeir eru að sækja í sig veðrið,“ upplýsir hún.

Dagný segir verðlaunabækurnar jafnan þýddar á hin vestnorrænu málin. Hins vegar hafi þær hingað til ekki verið gefnar út nema í upprunalandinu. „Til að ná markmiðum verðlaunanna þyrfti bókin sem vinnur, og helst allar sem tilnefndar eru, að koma út í öllum þremur löndunum,“ segir hún. „Við vonumst til að Vestnorræna ráðið fylgi verðlaununum eftir með því að styrkja útgáfu á bókunum.“

-gun

# HEIMAKÆR Á HAUSTIN




TILBOÐ kr. 2.299,- stk.
Verð áður kr. 2.699,- stk.




TILBOÐ kr. 2.299,-
Verð áður kr. 2.799,-




TILBOÐ kr. 2.299,-
Verð áður kr. 2.699,-




TILBOÐ kr. 2.799,-
Verð áður kr. 3.299,-




TILBOÐ kr. 3.999,- stk.
Verð áður kr. 4.999,- stk.




TILBOÐ kr. 4.699,-
Verð áður kr. 5.699,-




TILBOÐ kr. 3.299,-
Verð áður kr. 3.999,-




Kynningarverð kr. 3.499,-
Fullt verð kr. 3.999,-




Verð áður kr. 999,- stk.




TILBOÐ kr. 2.999,-
Verð áður kr. 3.599,-




TILBOÐ kr. 2.999,-
Verð áður kr. 3.499,-

Tilboð gildir til og með 12.09.12

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



5% aukaafsláttur af tilboðum.
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872



**NÓRA** Upptökur á nýrri plötu hljómsveitarinnar Nóru hófust í febrúar og er nánast lokið. MYND/INGÓLFUR JÚLÍUSSON

# Ætlar að safna hálfri milljón á vefsíðu

Hljómsveitin Nóra ætlar að safna um hálfri milljón króna í gegnum vefsíðuna Pledgemusic.com. Peningarnir verða notaðir í gerð annarrar plötu sveitarinnar sem kemur út í haust.

„Þetta er svipuð síða og Kickstarter.com nema þetta er bara fyrir tónlist. Það er fjöldinn allur af tónlistarmönnum sem notfærir sér þetta,“ segir Egill Viðarsson úr Nóru en hljómsveitin gefur plötuna út sjálf.

Pledgemusic.com virkar þannig að hljómsveitir skrá sig á síðuna og velja ákveðin tímamörk – 30, 60 eða 90 daga – til að ljúka við söfnunina. Fram að þeim tíma selja þær ýmsar vörur úr sínum herbúðum og geta til dæmis selt plötuna sína fyrir fram. Peningarnir sem safnast fara svo upp í kostnaðinn á plötunni.

Upptökurnar hófust í febrúar og er þeim nánast lokið. Fram undan er hljómjöfnun og framleiðsla plötunnar og er Nóra að hefja söfnun fyrir því. Egill hvetur aðrar íslenskar sveitir til að prófa Pledgemusic.com. „Okkur finnst þetta mjög sniðugt og þess vegna fannst okkur um að gera að vekja smá athygli á þessu.“

Þeir sem vilja leggja Nóru lið geta kíkt á slóðina pledgemusic.com/project/nora. - fb

# Átta kvölda uppistandssería

Grínistarnir Ari Eldjárn, Þorsteinn Guðmundsson, Steinn Ármann Magnússon og Jóhannes Kristjánsson eftirherma verða hluti af nýrri Thule-uppistandsseríu á Gullöldinni í Grafarvogi.

Uppistandarinn Beggi blindi og Davíð Þór Rúnarsson, eigandi Gullaldarinnar, eru mennirnir á bak við seríuna sem verður haldin tvo fyrstu miðvikudagana í hverjum mánuði fram að jólum. „Beggi blindi kom til okkar og vildi halda uppistand. Okkur datt í hug að gera meira úr því og úr varð átta kvölda sería,“ segir Davíð Þór. „Þetta leggst virkilega vel í mig. Við erum búnir að ná inn öllum stærstu nöfnunum og þetta lítur vel út,“ segir hann en fleiri grínistar eiga eftir að bætast við. „Ég held að þessi hópur hafi aldrei komið saman áður, ekki svona margir og svona þekktir. Þetta verður einn allra glæsilegasti uppistandsviðburður sem hefur verið haldinn hérlendis.“

Uppistandið hófst í gærkvöldi þegar Beggi blindi, Björk Jakobs og Daníel Geir Moritz, fyndnasti maður Íslands, stigu á svið. Næsta miðvikudagskvöld skemmta Ari Eldjárn, Þórhallur Þórhallsson og Leifur hressi. Öll kvöldin byrja klukkan 22 og er frítt inn. Þrír til fjórir uppistandarar koma fram á hverju kvöldi og reiknar Davíð Þór með því að eitt kvöldið verði tileinkað kvenkyns uppistöndurum. -fb



**UPPISTAND** Ari Eldjárn kemur fram.



**ÆVINTÝRI** „Ef einhvern rauðan þráð er að finna er það eflaust sá heilnæmi boðskapur að allri séu jafnir og sátt og samlyndi sé betra en sundrung og stælar,“ segir í dómi um Ávaxtakörfuna.

# KARPAÐ Í KÖRFUNNI

Bíó ★★★☆☆

**Ávaxtakarfan**

Leikstjórn: Sævar Guðmundsson

**Leikarar:** Ólöf Jara Skagfjörð, Matthías Matthíasson, Ágústa Eva Erlendsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir, Magnús Jónsson, Atli Óskar Fjalarsson, Bára Lind Þórarinsdóttir, Fannar Guðni Guðmundsson, Birgitta Haukdal.

Ávaxtakarfan, hið vinsæla barnaleikrit eftir Kristlaugu Maríu Sigurðardóttur, er komið í bíó og fáum við að fylgjast með ævintýrum Mæju jarðarbers, Evu appelsínu og allra hinna ávaxtanna á hvíta tjaldinu, en stemningin í körfunni er súr, einelti er liðið og frekjan í ananasnum er óþolandi. Já, rasistinn og sadistinn Immi ananas heldur ávaxtakörfunni í gíslingu, og spilar með veikleika hinna til að fá sínu framgengt. En eins og svo oft þar sem valdagræðgi og illska ráða ríkjum er uppreisn á næsta leiti.

Sviðsmyndin er íburðarmikil og töff í hráleika sínum. Hins vegar er hún hvorki nægilega stór né fjölbreytileg til þess að virka sem sögusvið heillar kvikmyndar. Í leikhúsinu höfum við nándina við leikarana og sjálft verkið til að bæta upp fyrir þær ýmsu takmarkanir sem leikhúsinu fylgja. Þegar vel tekst til verða þessar takmarkanir jafnvel að styrkleika. En hér fer bæði börnum og fullorðnum að leiðast sjónrænt tilbreytingarleysið þegar síga fer á seinni hlutann. Kvikmyndatakan er engu að síður glæsileg, og hér svífur myndavélin mjúklega um hvern krók og kima. Þá eru litríkir búningarnir vel úr garði gerðir og þola vel nærmyndirnar jafnt sem víðu skotin.

Leikararnir eru í góðu stuði og skemmtilegastar eru þær Ólöf Jara og Ágústa Eva. Af öllum leikurunum var Ágústa sú eina sem ég gat virkilega ímyndað mér að kæmist upp með að klæðast ávaxtabúningnum sínum á almannafæri. Mér fannst hún satt að segja svolítið smart sem appelsína. Músíkin spilar auðvitað stórt hlutverk og allir leikararnir eru liðtækir söngvarar. Lögin eru eftir Þorvald Bjarna Þorvaldsson og í þeim má finna margar grípandi melódíur til að skaka hausinn við. Og þau bestu eru bara skrambi góð.

Það er þó afar erfitt að skella stjörnum á svona verk. Söguþráðurinn samanstendur af mörgum misstórum vandamálum sem persónurnar þurfa að leysa. Ef einhvern rauðan þráð er að finna er það eflaust sá heilnæmi boðskapur að allir séu jafnir og sátt og samlyndi sé betra en sundrung og stælar. Fyrir eldri börnin (svo ég tali nú ekki um okkur fullorðna fólkið) er þetta ef til vill brytjað niður í óþarflega smáa bita. En sem barnaefni fyrir þau yngstu er Ávaxtakarfan nokkuð vel heppnuð.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Heilnæmt fjör fyrir þau yngstu. Aðrir ættu að hrökkva í gang í tónlistaratriðunum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Fimmtudagur 6. september 2012

**➜ Sýningar**

**17.30** Veggspjaldasýning til heiðurs 100 ára minningu **Egils Pálssonar** verður sett upp í Safnahúsi Borgarfjarðar. Hátíðardagskrá verður á neðri hæð hússins í tilefni opnunarinnar.

**21.00** **Óperusýningin Ráðskonuríki** verður flutt á Café Rosenberg. Það er Alþýðuóperan sem setur verkið á svið á hátt sem aldrei hefur þekkst hérlendis. Miðaverð er kr. 2.500.

**➜ Tónlist**

**19.00** **Opnunartónleikar Norræna kirkjutónlistarmótsins** fara fram í Hallgrímskirkju. Meðal þeirra sem fram koma er Sinfóníuhljómsveit Íslands ástamt Guðnýju Einarsdóttur, Mótettukór Hallgrímskirkju og Hljómeyki.

**20.30** **Björg Þórhallsdóttir sópransöngkona, Elísabet Waage hörpuleikari og Hilmar Arnar Agnarsson organisti** halda tónleika í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Tónleikarnir eru hluti af sumartónleikaröðinni Í ást sólar.

**21.00** Hljómsveitin Contalgen Funeral heldur útgáfutónleika á Græna Hattinum í tilefni af splunkunýjum disk sínum, Pretty Red Dress. Myrra Rós hitar upp, en hún gaf út diskinn Kveldúlfur í sumar. Miðaverð er kr. 1.000.

**21.00** **Moses Hightower og Snorri Helgason** koma fram á KEX Hostel. Tónleikarnir eru hluti af tónleikaröðinni Gym & Tonic á vegum Smirnoff og gogoyoko. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** **Bítladrengirnir** blíðu halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**22.00** **Hymnodia-kammerkór, Kór Áskirkju, Kór Langholtskirkju og Gradualekór Langholtskirkju** flytja nýja íslenska kórtónlist í Hallgrímskirkju. Tónleikarnir eru hluti af Norræna kirkjutónlistarmótinu.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

Stillanleg heilsurúm! Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

TILBOÐ Kr. 578.550,-

Verð 749.875,- Þú sparar 171.325,-

Charlotte & Julien



Þráðlaus fjarstýring

12 mánaða vaxtalaus lán á stillanlegum rúmum*

* 3,5% lántökugjald



Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is




Eftirtalin fyrirtæki styðja textun á íslensku sjónvarpsefni:

*Rannsóknir sýna að um 15% íbúa landa þ.m.t. Ísland glími við það alvarlega heyrnarskerðingu að það heyri illa eða ekki í sjónvarpi. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands staðfestir þessar tölulegu rannsóknir.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
BLANDAÐ LAMBASALTKJÖT
KJARNAFÆÐI
998 KR. KG
EURO SHOPPER
KJÚKLINGABRINGUR
FROSNAR 900 GR
KYCKLINGFILÉ
STYCKFRYSTA, KÖTTHALT 80%
900 g e
1498 KR.PK
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS
NICKY
NICKY
Elite
3 Free Rolls
12 Rolls for the Price of 9
898 KR
TÓLF NICKY SALERNISRÚLLUR
FROSIN LAMBASVIÐ
229 KR. KG
ÓDÝRUSTU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS
NICKY
Elite
Kitchen Towel
359 KR.
ÞRJÁR NICKY ELDHÚSRÚLLUR
ÓDÝRUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS
DIAPERS MIDI
4–9 KG
DIAPERS MAXI
9–18 KG
DIAPERS JUNIOR
15–25 KG
BABY-WIPES
1398 KR.PK
ES BLEIUR 1398 kr. pk / BABY WIPES 72 stk. 175 kr.
emmessís
HVERS DAGSÍS
HVERS DAGSÍS
GOTT VERÐ
198 KR. 1 LTR
EXTRA VIRGIN ÓLÍFUOLÍA
HEIMA
750 ML ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN
598 KR
froosh
fruit: bottled
pick me up.
in fruit we trust.
one ingredient: fruit.
no bad stuff. zilch, zero, nada.
FROOSH SMOOTHIE 250 ML
289 KR. FL
ÞÚ GERIR ÞINN SMOOTHIE HEIMA !
Mango
jordbær
STRAWBERRIES
JORDGUBBAR
1200 g
FROSNIR MANGÓBITAR
498 KR. 1 KG
FROSIN JARÐARBER
459 KR. 1.2 KG
BÓNUS
BÓNUS
100% SAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI 1 LTR.
129 KR
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## KJÖRFUGL
FERSKUR KJÚKLINGUR




FJÓRIR NAUTAVEISLU HAMBORGARAR M.BRAUÐI
695 KR. PK




598 KR. KG
FERSKIR KJÚKLINGABITAR




1798 KR. KG
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

SKÓLA-OSTUR TILBOÐ




Í SNEIÐUM
1298 KR.KG




OSTSTYKKI
998 KR.KG




1798 KR. KG
FERSKT NAUTAGÚLLAS




1798 KR. KG
FERSKT NAUTASNITSEL



SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
REYKT FOLALDAKJÖT
MEÐ BEINI
798 KR.KG.




359 KR. STK
JÚMBÓ; PASTA OG KJÚKLINGUR MEÐ EGGI OG SÓSU




1295 KR. KG
100% KJÖT
FERSKT NAUTAHAKK




4 DS. HEINZ BAKAÐAR BAUNIR 398 KR.




BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI
ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
159 KR 3 FERNUR




BÓNUS KJARNABRAUÐ
198 KR. 500 G




BÓNUS BACON
1598 KR.KG

## GÓÐUR TILBÚINN MATUR FYRIR 3-4
## ÞARF AÐEINS AÐ HITA




998 KR. BAKKINN




998 KR. BAKKINN




998 KR. BAKKINN




998 KR. BAKKINN




998 KR. BAKKINN




998 KR. BAKKINN

- KJÚKLINGUR M/NÚÐLUM
- PASTA CARBÓNARA
- ÍTALSKT LASAGNE
- ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR
- BORRITOS M.KJÚKLINGI
- HEILSURÉTTUR M.KJÚKLINGI

998 KR. BAKKINN

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

tonlist@frettabladid.is



**ROOM** með Eivøru Pálsdóttur er plata vikunnar ★★★★
*„Eivør og eiginmaðurinn Tróndur með frábæra plötu.“* - tj



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Gamli og gyðjan*

Gamli Talking Heads-söngvarinn David Byrne hefur nóg að gera í tónlistinni þessa dagana. Hann syngur eins og kunnugt er eitt lag á nýju Ghostigital-plötunni og næsta mánudag kemur út platan Love This Giant sem hann gerði með bandarísku tónlistarkonunni St. Vincent. Það er nokkur aldursmunur á þeim, Byrne fagnaði sextugsafmæli í maí síðastliðnum en St. Vincent, sem heitir réttu nafni Annie Erin Clarke, verður þrítug eftir nokkra daga. St. Vincent byrjaði tónlistarferilinn sem meðlimur í indie-rokkkórnum The Polyphonic Spree og var hluti af tónleikahljómsveit Sufjans Steven, en stofnaði sína eigin hljómsveit árið 2006. Fyrsta platan hennar Marry Me sem kom út árið 2007 var frábær og það sama má segja um seinni plöturnar tvær, Actor (2009) og Strange Mercy (2011).



St. Vincent þykir frábær á tónleikum og Byrne hafði séð hana nokkrum sinnum spila. Þau voru bæði á sváðinu þegar Björk og Dirty Projectors spiluðu tónlist sem þau höfðu unnið saman til styrktar góðu málefni. Sömu aðilar báðu Byrne og St. Vincent að koma fram saman á góðgerðartónleikum. Þannig kom það til að þau fóru að búa til tónlist saman. Nú er plata með þeim að koma út, en af góðgerðartónleikunum hefur ekkert orðið enn.

Tónlistin á Love This Giant er popp sem er að mestu leyti spilað á blásturshljóðfæri. Þetta er skemmtileg plata, hiklaust á meðal þess besta sem David Byrne hefur gert í langan tíma …

## Í SPILARANUM



The Vintage Caravan **Voyage**



Swans **The Sees**



Bob Dylan **Tempest**








**NÚMER 35** Bob Dylan sendir frá sér sína 35. sólóplötu á þriðjudaginn. Fimmtíu ár eru liðin frá því fyrsta platan hans kom út. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ofbeldi, harmur og dauði

**Bob Dylan er mættur aftur með sína 35. hljóðversplötu eftir þriggja ára hlé. Fimmtíu ár eru liðin síðan hann gaf út sína fyrstu plötu.**

Bandaríska tónlistargoðsögnin Bob Dylan sendir á þriðjudaginn frá sér sína 35. hljóðversplötu, Tempest. Fimmtíu ár eru liðin síðan fyrsta plata Dylans, sem var samnefnd honum, leit dagsins ljós á vegum útgáfunnar Columbia Records sem hefur kappann enn á sínum snærum.

Síðasta plata Dylans, Together Through Life, kom út fyrir þremur árum og var hún sú fyrsta frá honum sem fór beint á toppinn samtímis í Bretlandi og Bandaríkjunum. Sama ár, eða 2009, gaf hann út jólaplötuna Christmas in the Heart og runnu öll höfundarlaunin til samtaka sem berjast gegn hungursneyð.

Tíu lög eru á Tempest og þar heldur Dylan áfram þar sem frá var horfið með blöndu sína af blús, kántrí, þjóðlagatónlist og rokkabillí. Hljómsveitin sem spilar með honum á tónleikaferðalögum spilaði einnig á plötunni, auk Davids Hidalgo úr Los Lobos.

Textarnir eru flestir myrkir með tilheyrandi ofbeldi, dauða og harmleik. Þar má nefna titillagið, sem er fjórtán mínútna langt og 45 erinda og fjallar um Titanic-slysið. Fyrsta tóndæmið sem heyrðist af plötunni var úr laginu Early Roman Kings sem var notað í stiklu til að kynna nýja þáttaröð HBO, Strike Back, sem fjallar um hryðjuverk. Nýlega sendi Dylan svo frá sér myndband við lagið Duquesne Whistle sem er ofbeldisfullt í meira lagi. Einnig er á plötunni morðballaðan Tin Angel og lagið Roll on John til heiðurs hinum sáluga John Lennon.

Í grein í breska dagblaðinu The Guardian spyr blaðamaður hvort Tempest sé mögulega svanasöngur hins 71 árs Dylans. Þar vísar hann í að The Tempest var síðasta leikrit Shakespeares en Dylan er mikill aðdáandi enska leikritaskáldsins. Í viðtali við Rolling Stone, þar sem platan fær fullt hús, eða fimm stjörnur, vísar Dylan þessu á bug og tekur fram að leikritið heiti The Tempest en platan hans Tempest og því séu titlarnir ekki þeir sömu. Spurður út í Titanic-lagið segir Dylan: „Fólk á eftir að segja að það sé ekki allt satt í textanum. En lagahöfundi er alveg sama um það. Hann skrifar um það sem hefði átt að gerast og hvað gæti gerst. Það er ákveðinn sannleikur fólginn í því.“

freyr@frettabladid.is

## 50 ÁR FRÁ FYRSTU PLÖTU BOBS DYLAN

Fyrsta plata Bobs Dylan var samnefnd honum og kom út á vegum Columbia Records í mars 1962. Upptökstjóri var John H. Hammond, starfsmaður Columbia, sem hafði sjálfur fengið Dylan til liðs við útgáfuna. Á plötunni eru aðeins tvö lög eftir Dylan, eða Talkin' New York og Song to Woody, sem var tileinkað átrúnaðargoði hans Woody Guthrie. Dylan hefur síðar látið hafa eftir sér að hann hafi ekki verið tilbúinn til að stíga skrefið til fulls sem lagahöfundur á þessum tíma og því spilað eigin útgáfur af gömlum lögum á borð við House of the Rising Sun og gospellaginu In My Time of Dying, sem Led Zeppelin gerði eigin útgáfu af fimmtán árum síðar.

## LAGALISTINN

Vikuna 30. ágúst - 5. september 2012

| Sæti | | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ásgeir Trausti | *Leyndarmál* |
| ▼ | 2 | Lykke Li | *I Follow Rivers* |
| ▲ | 3 | Moses Hightower | *Sjáum hvað setur* |
| ▲ | 4 | Jón Jónsson | *All, You, I* |
| ▼ | 5 | Train | *50 Ways To Say Goodbye* |
| ▼ | 6 | Fun | *Some Nights* |
| ✱ | 7 | Eivör | *Rain* |
| ▲ | 8 | Florence & The Machine | *Spectrum* |
| ▼ | 9 | Jónas Sigurðsson | *Þyrnigerðið* |
| ▲ | 10 | Pink | *Blow Me* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 30. ágúst - 5. september 2012

| Sæti | | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Eivör | *Room* |
| ▼ | 2 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ▶ | 3 | Moses Hightower | *Önnur Mósebók* |
| ▼ | 4 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▲ | 5 | Tilbury | *Exorcise* |
| ▶ | 6 | Ýmsir | *Ég sé Akureyri* |
| ▶ | 7 | Mannakorn | *Í blómabrekkunni* |
| ▼ | 8 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | *Heim í heiðard.* |
| ▶ | 9 | Mugison | *5 CD Pakki* |
| ▼ | 10 | Ýmsir | *Hljómskálinn* |

**Skýringar:**
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



Vnr. 58150400-13
Flokkunartunnur, margar gerðir.
Verð frá:
**1.899 kr.**



## EINFALDAÐU FLOKKUNINA

Auðveldaðu ruslflokkunina með frábærum tunnum sem hafa mislit lok. Hver flokkur hefur sinn lit.

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# LÁGT VERÐ
## – ALLA DAGA

BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012



kronospan

Vnr. 0113456
PLASTPARKET
**1.590 kr./m²**

MIKIÐ ÚRVAL AF SPARPERUM



Vnr. 54140180
HALÓGEN SPARPERA
**295 kr.**



Vnr. 74804112
RAFHLÖÐUBORVÉL
**2.990 kr.**



Vnr. 38910030
JÁRNHILLA
**2.995 kr.**

## ÖRUGGARA HEIMILI!



Vnr. 50006024
NINGBO sjúkrataska.
**1.290 kr.**



Vnr. 50006004
ABC duftslökkvitæki með mæli og bílfestingu, 2 kg.
**3.690 kr.**



Vnr. 50006013
Eldvarnarteppi, 1x1 m.
**1.990 kr.**



Vnr. 50005035
Jóniskur reykskynjari,
9V rafhlaða fylgir, 14x12 cm,
með prufuhnapp og gaumljósi.
**995 kr.**



Vnr. 50005040
Optiskur reykskynjari,
9V rafhlaða fylgir, 10 cm í þvermál,
með prufuhnapp og gaumljósi.
**1.390 kr.**



Vnr. 13314867
STÁLVASKUR
**7.990 kr.**



Vnr. 17851070
IMEX HANDLAUG
**3.990 kr.**



Vnr. 52229581
HALÓGEN KASTARI
**790 kr.**

7 LÍTRAR



Vnr. 89071170
INNIMÁLNING
**5.990 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

REEBOKFITNESS.IS
18 HOLUR Í DAG
SPINNING Á MORGUN
VERTU TIL.
Reebok FITNESS
HOLTAGÖRÐUM





**ERFIÐ REYNSLA** Jamie Foxx segir það hafa verið erfiða reynslu að leika í Django Unchained, nýjustu mynd Quentin Tarantino. „Við tölum lítið um þá hrottafengnu meðferð sem þrælar upplifðu því það er sársaukafullt. Það var enn verra að upplifa þetta sjálfur við tökurnar,“ sagði leikarinn.



**STENDUR SIG VEL** Jeremy Renner þykir verðugur arftaki Matts Damon í fjórðu Bourne-myndinni. The Bourne Legacy þykir góð skemmtun og full af hasar.

# Verðugur arftaki Damons

**Spennumyndin The Bourne Legacy verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Þetta er fjórða myndin í kvikmyndaröðinni sem byggð er á skáldsögum Roberts Ludlum.**

The Bourne Legacy segir frá Aaron Cross sem er meðlimur í Operation Outcome, leynilegu verkefni sem stýrt er af varnarmálaráði Bandaríkjanna. Cross tekur þátt í æfingu á vegum Operation Outcome sem krefst þess að hann ferðist í gegnum óbyggðir Alaska og er áfangastaðurinn lítill kofi í óbyggðunum miðjum. Þar er fyrir fyrrum meðlimur Operation Outcome sem gerður hefur verið útlægur. Á sama tíma hefur Jason Bourne flett ofan af verkefnum hersins og sæta yfirmenn hans nú rannsókn. Topparnir óttast nú um stöðu sína og í tilraun til þess að hylja slóð sína ákveða þeir að útrýma öllu og öllum sem koma að Operation Outcome, þar á meðal Cross. Hann kemst þó undan og upphefst æsispennandi eltingaleikur í anda fyrri Bourne-myndanna.

Með aðalhlutverk fara Jeremy Renner, Rachel Weisz, Edward Norton, Joan Allen og Albert Finney og um leikstjórn sér Tony Gilroy. Gilroy þessi er sá sami og skrifaði handritin að fyrri Bourne-myndunum sem skörtuðu Matt Damon í aðahlutverki. The Bourne Legacy er þriðja myndin sem Gilroy leikstýrir, áður hefur hann leikstýrt myndunum Michael Clayton og Duplicity.

Gagnrýnandi The Guardian gefur myndinni þrjár stjörnur af fimm og segir Renner vera töluvert harðsnúnari sérsveitarmann en Matt Damon. Á vefsíðunni Metacritic.com þykir myndin rétt yfir meðallagi, hún fær 61 prósent af hundrað. Flestir eru sammála um að Renner standi sig prýðilega í hlutverki Aarons Cross og að hann sé verðugur arftaki Damons. Myndin er spennuþrungin og nóg er af hasaratriðum fyrir þá sem þyrstir í slíkt.

## MYNDIN SEM ÁTTI EKKI AÐ VERÐA

- Universal Pictures hafði ekki ætlað sér að framleiða fleiri myndir um sérsveitarmanninn Bourne eftir kvikmyndina The Bourne Ultimatum. Árið 2008 var þó hafist handa við gerð fjórðu kvikmyndarinnar og var George Nolfi fenginn til að semja handritið að myndinni. Sú mynd er jafnframt sú eina sem ekki er byggð á skáldsögum Robert Ludlum.
- Jake Gyllenhaal, Tobey Maguire, Garrett Hedlund og Michael Fassbender voru á meðal þeirra fjölmörgu leikara er komu til greina í hlutverk Aarons Cross.
- Jeremy Renner lék Fred McBride árið 2005 í kvikmyndinni A Little Trip to Heaven í leikstjórn Baltasars Kormáks. Hann sló í gegn nokkrum árum síðar fyrir leik sinn í The Hurt Locker.

# Hálendi og kynlífsráðgjöf í bíó

Tvær kvikmyndir eru frumsýndar í bíóhúsum um helgina auk myndarinnar The Bourne Legacy sem er fjallað um hér fyrir ofan.

Íslenska hasarmyndin Frost kemur á hvíta tjaldið annað kvöld og er hennar víða beðið af mikilli eftirvæntingu. Reynir Lyngdal leikstýrir myndinni og Björn Thors, Anna Gunndís Guðmundsdóttir, Helgi Björnsson og Elma Lísa Gunnarsdóttir eru meðal leikara. Frost fjallar um parið Öglu og Gunnar. Agla er jöklafræðingur og Gunnar er kvikmyndagerðamaður og þau lenda í háskalegu ævintýri á ferð sinni um hálendi Íslands þar sem þau eiga við óþekkt, en að því er virðist, banvænt afl að etja. Myndin var að stórum hluta tekin upp við erfiðar aðstæður á Langjökli.

Nýjasta mynd þreföldu Óskarsverðlaunaleikkonunnar Meryl Streep, Hope Springs, kemur einnig í bíóhúsin annað kvöld. Myndin er sannarlega stjörnum prýdd því mótleikarar hennar eru þeir Tommy Lee Jones og Steve Carell. Streep og Jones leika hjón sem hafa verið gift í 31 ár. Henni finnst allur neisti vera farinn úr sambandinu og skráir þau því í vikulanga hjónabandsráðgjöf og fer Carell með hlutverk sálfræðings sem leiðir þau í gegnum vikuna og leggur fyrir þau hin ýmsu verkefni. Meðan sum þeirra eru jafn auðveld og að haldast í hendur á almannafæri þá kafar hann einnig í samlíf hjónanna og tekur kynlíf þeirra fyrir. **- trs**



**LAPPA UPP Á SAMBANDIÐ** Tommy Lee Jones og Meryl Streep fara með hlutverk hjóna sem hressa upp á 31 árs langt hjónabandið með því að fara í hjónabandsráðgjöf í myndinni Hope Springs.



**Í GAMANHLUTVERK** Michael Fassbender tekur loks að sér gamanhlutverk í kvikmyndinni Frank. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ný hlið á Fassbender

Michael Fassbender mun fara með titilhlutverkið í gamanmyndinni Frank. Fassbender leikur sérvitran rokktónlistarmann í myndinni og fer Domnhall Gleeson með hlutverk mislukkaðs tónlistarmanns sem óvart gengur í raðir rokksveitar Franks. Handrit myndarinnar er eftir rithöfundinn Jon Ronson og handritshöfundinn Peter Staughan, sem unnu áður að gerð handrits myndarinnar The Men Who Stare at Goats. Írinn Lenny Abrahamson leikstýrir myndinni.

Fassbender er ekki þekktur fyrir gamanhlutverk og hefur hingað til tekið að sér hlutverk í þungum dramatískum kvikmyndum á borð við Prometheus, Shame og Inglourious Basterds. Hann lék nýverið í myndinni Twelve Years A Slave sem segir frá manni sem rænt er frá New York á 19. öld og hann seldur í þrældóm. Með önnur hlutverk fara Brad Pitt, Benedict Cumberbatch og Paul Dano.



**SKRÍTIÐ HLUTVERK** Isla Fisher segir það hafa verið gaman að leika í Bachelorette. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rótaði í rusli

**Leikkonan Isla Fisher fer með hlutverk í gamanmyndinni Bachelorette sem segir frá vinkonuhópi sem sameinast að nýju fyrir brúðkaup einnar úr hópnum.**

**„Atriðið þar sem við rótum í ruslapokum stendur upp úr sem það eftirminnilegasta. Ég man að ég hugsaði: „Ja hérna, hvernig stendur á því að ég er hér á fjórum fótum með höfuðið á kafi í svörtum ruslapoka fyrir framan skemmtistað í New York klukkan fjögur að nóttu til?“ Það var gaman að leika skemmtanaglöðu stúlkuna því sjálf eyði ég helgunum með börnum mínum,“ sagði leikkonan um hlutverk sitt í myndinni.**


PACO RABANNE
ER LOKSINS
FÁANLEGT Á ÍSLANDI!
Lady million dömuilmurinn og One million herrailmurinn hafa slegið í gegn um allan heim og eru einir mest seldu ilmirnir í dag.
paco rabanne
The new fragrance
Lady
MILLION
www.pacorabanne.com
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



29 **ÁR FYLLIR FRÆGASTA MÁGKONA** Bretlands Pippa Middleton í dag en hún er systir Katrínar hertogaynju af Cambrigde, eiginkonu Vilhjálms Bretaprins. Hún er þekkt partýljón í Bretlandi og á eflaust eftir að fagna tímamótunum með stæl.

# Leit hafin að nýrri Elite-fyrirsætu

Fyrirsætukeppni Elite á Íslandi er að fara af stað á ný. Keppnin er haldin í samstarfi við skrifstofu Elite úti í heimi þar sem sigurvegari íslensku keppninnar tekur þátt í Elite Model Look World í Sjanghæ í Kína í lok árs.

Útsendarar frá Elite á Íslandi verða staddir í Smáralind á laugardaginn milli klukkan 11-15. Þar gefst stúlkum kostur á að taka þátt í prufum fyrir keppnina og komast á skrá hjá fyrirsætuskrifstofunni. 50 stúlkum er svo boðið að taka þátt í undanúrslitakeppni sem fer fram í höfuðstöðvum Elite á Íslandi þann 15. september. Í tilkynningu frá Elite segir að val dómnefndar sé byggt á hversu myndrænir keppendur eru, náttúrulegri fegurð, persónuleika og einnig hversu vel keppendur falla að því útliti sem verið er að leita eftir í tísku- og auglýsingaheiminum í dag. 15 stúlkur taka svo þátt í úrslitakeppninni sjálfri.

Það var Magdalena Sara Leifsdóttir sem var Elite-stúlkan í fyrra og henni gekk það vel úti í aðalkeppninni í Kína að hún kom heim með fyrirsætusamning við Elite World. Margar þekktustu fyrirsætur í heimi eru á skrá hjá Elite og ber þar hæst Gisele Bundchen, Cindy Crawford og Stephanie Seymor. Fyrir þá sem vilja fræðast meira um keppnina er bent á síðuna Elitemodellook.com/is.



**ELITE-STÚLKAN 2012** Magdalena Sara Leifsdóttir vann Elite-keppnina í fyrra og fór í kjölfarið til Kína í aðalkeppnina þar sem hún landaði fyrirsætusamningi.




Gríptu með þér Floridana. Morgunsafi, Heilsusafi, Appelsínusafi, Vítamínsafi og Sumarsafi frá Floridana eru 100% hreinir ávaxtasafar framleiddir úr úrvals hráefnum og innihalda engan viðbættan sykur. **Fáðu þér Floridana og lifðu vel.**

Floridana
LIFÐU VEL!

# Baulað á sýningu

Nýjasta kvikmynd Terrence Malick fékk vægast sagt slæmar móttökur við frumsýningu hennar á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum um síðustu helgi. Með aðalhlutverk í myndinni fara Ben Affleck, Rachel McAdams, Olga Kurylenko og Javier Bardem.



**BEN AFFLECK**

Myndin segir frá manni sem endurnýjar kynni sín við gamla vinkonu eftir að hjónaband hans og evrópskrar konu hans fer í vaskinn. Áhorfendur á frumsýningu myndarinnar voru lítt hrifnir af nýjasta verki leikstjórans og létu óánægju sína í ljós með því að baula í lok hennar. Athæfið vakti athygli en einhverjir voru þó ósammála aðferðinni.

„Að baula á Terrence Malick-mynd. Það krefst sama hugrekkis og að sparka í Gandhi,“ skrifaði gagnrýnandinn Justin Chang á Twitter-síðu sína. Annar sagði: „Er ekki komið nóg af látum? Þið eigið að kallast fagfólk.“

Ben Affleck sagði To the Wonder líkjast Transformers í samanburði við Tree of Life, síðustu mynd Malicks.



**GAGNRÝND** Rihanna var gagnrýnd af PETA fyrir að klæðast skóm úr snákaskinni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Óvinsæll skófatnaður

**Rihanna hefur verið harðlega gagnrýnd af PETA-samtökunum fyrir að hafa klæðst stígvélum úr snákaskinni. Rihanna sagði eitt sinn í viðtali við Ellen DeGeneres að hún hefði óbeit á loðfeldum.**

**„Rihanna veit kannski ekki að snákar eru gjarnan negldir við trjástofna og fláðir lifandi. Að klæðast snákaskinni er ógeðfellt og illgjarnt. Þær Lady Gaga virðast vilja vera þekktar fyrir að líta út eins og viðundur frekar en hæfileika sína,“ stóð í yfirlýsingu frá samtökunum.**

# Rokk, raftaktar og hávaði í Hörpu

Tónleikar ★★★★☆

**Dirty Beaches og Singapore Sling**
Harpa Kaldalón

**4. september**

Stopover er ný tónleikaröð sem var hrundið af stað í Hörpu í vor, en að henni standa m.a. Kimi, Kex Hostel og Flugleiðir. Eins og nafnið bendir til gengur Stopover út á að fá hljómsveitir sem eru á leiðinni yfir Atlantshafið til þess að koma við í Reykjavík og spila á tónleikum. Aðrir tónleikarnir í Stopover-röðinni fóru fram í Kaldalónssalnum í Hörpu á þriðjudagskvöldið þegar kanadíska hljómsveitin Dirty Beaches spilaði þar ásamt Íslendingunum í Singapore Sling.

Það var nánast fullur salur þegar Henrik Björnsson og félagar í Singapore Sling hófu leik. Nýjasta útgáfan af Sling er án trommuleikara, en auk Henriks er annar gítarleikari, bassaleikari og tvær stelpur sem spila á hristur í sveitinni. Singapore Sling er alltaf jafn svöl að sjá á sviðinu (Henrik með sólgleraugun og reykvélin á fullu) og tónlistin er sem fyrr töff rokk undir áhrifum frá Velvet Underground, Stooges og Jesus & Mary Chain. Hljómsveitin spilaði bæði lög af nýjustu plötunni sinni, Never Forever, og eldra efni. Þetta er sígild tónlist og kom vel út á tónleikunum þó að hljómsveitin hafi stundum verið þéttari og kraftmeiri. Singapore Sling endaði á fínni útgáfu af meistaraverkinu Life Is Killing My Rock'n'Roll og svo tók kanadíska sveitin við.

Dirty Beaches er í raun verkefni eins manns, Alex Zhang Hungtai, en með honum í Hörpu spiluðu tveir hljóðfæraleikarar. Bæði söngstíll Alex og tónlistin sjálf eru undir miklum áhrifum frá New York-sveitinni Suicide og söngvara hennar Alan Vega. Þetta er svöl og oft á tíðum mjög skemmtileg samsuða af rokki, hörðum raftöktum og hljóðgerflasýru. Hljómsveitin tók nokkur lög af plötunni frábæru frá því í fyrra, Badlands og endaði svo með löngu hávaðaverki. Eftir uppklapp kom Alex aftur inn á sviðið og fékk tónleikagesti til að klappa takt fyrir sig svo hann gæti sungið eitt lag til viðbótar.

Á heildina litið voru þetta fínir tónleikar. Stopover-hugmyndin er góð og óskandi að margar fleiri hljómsveitir verði gripnar á leiðinni yfir Atlantshafið. **Trausti Júlíusson**



**DIRTY BEACHES** Dirty Beaches er hugarfóstur Alex Zhang Hungtai. Með honum í Hörpu spiluðu tveir hljóðfæraleikarar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**Niðurstaða:** Kanadíska sveitin Dirty Beaches bauð upp á góða blöndu af rokki og raftöktum í Hörpu á þriðjudagskvöldið.



**ÁNÆGÐ MEÐ GJÖFINA** Brad Pitt lét útbúa skotvöll sem fyrirfram brúðargjöf fyrir Angelinu Jolie. NORDICPHOTOS/GETTY

# Skotvöllur í brúðargjöf

Brad Pitt hefur látið útbúa skotvöll fyrir tilvonandi eiginkonu sína Angelinu Jolie sem fyrirfram brúðargjöf. Pitt ku hafa pungað út hátt í 250 milljónum íslenskra króna fyrir skotvöll og vopn en völlurinn stendur í garði sumarhúss leikaraparsins í Frakklandi.

Samkvæmt frétt The Sun er Jolie í skýjunum með gjöfina en leikkonan er sérstaklega hrifin af skotfimi. Gifting parsins er á næsta leiti þó að mikil leynd hvíli yfir hvar og hvenær athöfnin sjálf fari fram. Pitt er undir pressu að standa sig í frumlegu gjafavali fyrir tilvonandi brúður sína því þegar Jolie giftist leikaranum Billy-Bob Thornton skiptust þau á blóði.

# Á föstu með Skarsgård

Alexander Skarsgård er á föstu með sænsku leikkonunni Aliciu Vikander. Star Magazine flutti fyrst fréttir af sambandi parsins.

Skarsgård og Vikander hafa verið í föstu sambandi í sex mánuði en hafa þekkt hvort annað í nokkur ár. „Alexander segir hana vera sinn besta vin og að hann gæti vel hugsað sér að giftast Aliciu í framtíðinni. Samband þeirra er orðið alvarlegt," hafði tímaritið eftir innanbúðarmanni.

Vikander er 24 ára gömul og gat sér gott orð í sænsku sjónvarpsþáttunum Andra Avenyn. Hún er fædd og uppalin í Gautaborg og er dóttir leikkonunnar Maria Fahl Vikander. Nú síðast fór hún með hlutverk Kitty í kvikmyndinni Önnu Kareninu, Keira Knightley fer með titilhlutverkið og Jude Law leikur Alexei Karenin.









**ÁTRÚNAÐARGOÐ ÁRSINS** Robbie Williams fór heim með verðlaun.



KONA ÁRSINS Dimmraddaða söngkonan Lana Del Rey klæddist hvítu á rauða dreglinum.

# Robbie Williams og Lana Del Rey hlutu verðlaun

**Breska tímaritið GQ hélt sína árlegu verðlaunahátíð í vikunni. Rauða dreglinum var rúllað út í London og stjörnurnar flykktust á viðburðinn í sínu fínasta pússi. Söngvarinn Robbie Williams var valinn átrúnaðargoð ársins og söngkonan dimmraddaða Lana Del Rey kona ársins. Svartir síðkjólar og stífpressuð jakkaföt voru vinsæl að þessu sinni.**



**HÖNNUÐIR ÁRSINS** Monica Bellucci og Bianca Brandolini mættu með hönnunarteymi ársins, Stefano Gabbana og Dominico Dolce.



**FATAHÖNNUÐURINN** Stella McCartney í svörtum samfestingi með eiginmanni sínum Alasdhair Willis.



**SLÓ Í GEGN** Leikarinn Chris Hemsworth var sagður hafa slegið mest í gegn á alþjóðavísu, Hér með eiginkonu sinni Elsu Pataky.

## VINNINGSHAFAR

Tónlistarmaður - **Tinie Tempah**
Sjónvarpsmaður - **Damian Lewis**
Skemmtikraftur - **Sacha Baron Cohen**
Hönnuðir ársins - **Domenico Dolce og Stefano Gabbana**
Kokkur - **Wolfgang Puck**
Höfundur - **Aaron Sorkin**
Átrúnaðargoð ársins- **Robbie Williams**
Kona ársins - **Lana Del Rey**
Sló í gegn á alþjóðavísu - **Chris Hemsworth**
Leikari ársins - **Michael Fassbender**



**LEIKARINN** Damian Lewis úr Homeland lét sig ekki vanta.



**SVARTKLÆDD** Jessie J. á rauða dreglinum.

**RAPPARINN** Azelia Banks í munstruðum kjól.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | 8, 10.10 | 16 |
| THE WATCH | 10.45 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 6 | 7 |
| INTOUCHABLES | 5.50, 8, 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| HIT AND RUN VIP | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | VIP |
| BABYMAKERS | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLU.. | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| TOTAL RECALL | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP: REVOL... | KL. 5:40 - 8 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:30 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| BABYMAKERS | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 5:30 - 9 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOL... | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND... | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL TAL | KL. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| HIT AND RUN | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| BABYMAKERS | KL. 6 - 8 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 3.50 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.45 / 2D KL. 3.30 | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 / 3D KL. 3.40 - 5.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 10.20 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 - 10 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




**FIMMTUDAGUR: KÓNGAGLENNA (EN KONGELIG AFFÆRE)** 17:20, 20:00, 22:40 ■ **ELLES (ÞÆR)** 17:50, 20:00, 22:10 ■ **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 22:10 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00 ■ **VEST-NORRÆN HÁTÍÐ** 20:00

**FRÁBÆRT HAUST FRAMUNDAN Í BÍÓ PARADÍS!**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

Tilboðin gilda **6. - 9.** september

markhonnun.is | Ljósmynd Matís

# netto

Kræsingar & kostakjör



FROSINN

# LAMBABÓGUR

# VERÐBOMBA!

# 699 KR/KG

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# sport

sport@frettabladid.is



**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** kom til liðs við íslenska landsliðið í gær en óvissa ríkir um hvort hann geti spilað gegn Noregi á föstudag vegna meiðsla í öxl. Geti Kolbeinn ekki spilað á föstudag er ekki útilokað að hann spili gegn Kýpur á þriðjudeginum. Rúrik Gíslason fékk frí frá æfingu í gær en ætti að vera í lagi fyrir leikinn.



**JAKOB ÖRN** Átti mjög flottan leik með íslenska liðinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Körfuboltalandsliðið í Ísrael:

## Tap í Tel Avív

**KÖRFUBOLTI** Íslenska landsliðið tapaði með sautján stiga mun, 92-75, fyrir Ísrael í Tel Avív í gær en þetta var áttundi leikur íslenska liðsins í undankeppni EM.

Ísland hefur aðeins unnið einn leik en tapað sjö.

Strákarnir voru mjög sprækir framan af og leiddu allt þar til þrjár mínútur voru eftir af fyrri hálfleik. Þá náðu heimamenn forystunni og héldu henni allt til leiksloka.

Íslensku strákarnir gáfust þó aldrei upp og börðust allt til loka Það dugði þó einfaldlega ekki til gegn sterku ísraelsku liði sem var með fjölda áhorfenda á sínu bandi í leiknum.

Jakob Örn Sigurðarson var stigahæstur í íslenska liðinu með 21 stig. Jón Arnór Stefánsson skoraði 20 og þeir Pavel Ermolinskij og Finnur Atli Margeirsson skoruðu báðir tíu stig í leiknum. **- hbg**



**STELLA SIGURÐARDÓTTIR** Er á sínum stað í íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

A-landslið kvenna:

## Einn nýliði í hópnum

**HANDBOLTI** Ágúst Þór Jóhannsson, landsliðsþjálfari kvennalandsliðsins, valdi í gær sextán manna hóp sem mun taka þátt í æfingamóti í Tékklandi 13.-15. september.

Heiðrún Björk Helgadóttir úr HK er eini nýliðinn í hópnum að þessu sinni.

Það vantar þó marga sterka leikmenn í hópinn og flesta þá sem spila sem atvinnumenn í Evrópu. Meðal þeirra má nefna Karen Knútsdóttur, Örnu Sif Pálsdóttur, Þóreyju Rósu Stefánsdóttur og Rut Jónsdóttur. **- hbg**

**Landsliðshópurinn**

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Guðný Jenný Ásmundsdóttir | Valur |
| Sunneva Einarsdóttir | Stjarnan |
| **Aðrir leikmenn:** | |
| Anna Úrsúla Guðmundsdóttir | Valur |
| Ásta Birna Gunnarsdóttir | Fram |
| Dagný Skúladóttir | Valur |
| Hanna G. Stefánsdóttir | Stjarnan |
| Heiðrún Björk Helgadóttir | HK |
| Hrafnhildur Ósk Skúladóttir | Valur |
| Íris Ásta Pétursdóttir | Gjövik HK |
| Karólína Lárusdóttir | Valur |
| Ragnhildur Guðmundsdóttir | Valur |
| Sigurbjörg Jóhannsdóttir | Fram |
| Stella Sigurðardóttir | Fram |
| Sunna Jónsdóttir | Fram |
| Þorgerður Anna Atladóttir | Valur |

# Engin Margrét Lára og Katrín tæp

**Sigurður Ragnar Eyjólfsson fékk ekki bestu fréttirnar rétt fyrir lokaleiki kvennalandsliðsins í undankeppni EM. Íslenska kvennalandsliðið á frábæra möguleika á að komast í úrslitakeppni EM en þarf að gera það án aðalmarkaskorarans og verður kannski án fyrirliðans líka. Fimm 17 og 18 ára stelpur eru í hópnum.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta er í lykilstöðu fyrir lokaleiki sína í undankeppni Evrópumótsins í Svíþjóð 2013. Staðan á toppi riðilsins er vissulega góð en landsliðsþjálfarinn Sigurður Ragnar Eyjólfsson þarf hugsanlega að fara í síðustu tvo leikina án tveggja af allra mikilvægustu leikmönnum liðsins.

Sigurður Ragnar tilkynnti í gær 22 manna hóp fyrir leikina tvo á móti Norður-Írlandi á Laugardalsvelli 15. september og á móti Noregi á Ulleval fjórum dögum síðar. Sigur á Norður-Írum tryggir sæti í umspili og þá bíður liðsins úrslitaleikur við Norðmenn um sæti í úrslitakeppni EM.

Það brá samt örugglega mörgum þegar engin Margrét Lára Viðarsdóttir var á listanum og ekki batnaði ástandið þegar þjálfarinn ræddi þann möguleika að liðið yrði kannski líka án fyrirliðans Katrínar Jónsdóttur.

Sigurður Ragnar var þó hvergi banginn þegar hann ræddi við blaðamenn í gær og hóf fundinn á því að ræða ungu stelpurnar en fimm 17 og 18 ára stelpur er í hópnum að þessu sinni.

„Það kemur kannski á óvart að það eru margir ungir leikmenn í hópnum en það eru allt leikmenn sem hafa staðið sig mjög vel í Pepsi-deildinni. Það eru spennandi leikmenn að koma upp," sagði Sigurður Ragnar. Sandra María Jessen og Elín Metta Jensen eru báðar fæddar 1995 en samt búnar að skora 17 og 16 mörk í Pepsi-deildinni í sumar. Það má búast við að önnur þeirra fái að spila því liðið þarf á markaskorara að halda.



**LANGVINN MEIÐSLI** Margrét Lára Viðarsdóttir finnur enn sömu verki og áður og missir af landsleikjunum við Norður-Írland og Noreg. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**EKKI ÓSKASTAÐA** Sigurður Ragnar Eyjólfsson tilkynnir hér landsliðshópinn sinn á blaðamannfundi í höfuðstöðum KSÍ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KATRÍN JÓNSDÓTTIR** Hefur leikið 118 landsleiki á ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Enginn má vera ómissandi

„Auðvitað vildum við hafa Margréti Láru, okkar aðalmarkaskorara, og Katrínu, fyrirliðann okkar í hjarta varnarinnar. Það verður að vera þannig að enginn sé ómissandi og við verðum að þróa liðið okkar þannig að enginn sé ómissandi," sagði Sigurður Ragnar.

Margrét Lára ætlaði að koma af krafti inn í haust eftir að hafa hvílt sig á fótboltaæfingum í allt sumar. „Hún var í sumar að hreyfa sig í annarri hreyfingu heldur en fótbolta. Hún var að hjóla mikið, synda og styrkja sig. Við vonuðumst til að hún myndi ná sér af þessum meiðslum og verða betri. Hún fór síðan til Kristianstad og markmiðið hennar var að spila á móti Malmö. Hún fór á tvær knattspyrnuæfingar fyrir þann leik og fékk mjög slæm einkenni aftur og þau sömu og hún var að finna fyrir í upphafi sumars og hefur verið að finna fyrir undanfarin ár," sagði Sigurður Ragnar og bætti við:

### Margrét Lára á leið í aðgerð

„Þetta er búið að vera mjög erfitt fyrir hana í langan tíma en samt er ótrúlegt hvað hún hefur náð að spila þrátt fyrir þessi meiðsli. Hún var markahæst í Svíþjóð með þessi meiðsli og spilaði fyrir Potsdam, eitt besta félagslið í Evrópu, með þessi meiðsli.

**Landsliðshópurinn**

| | |
|---|---|
| **Markmenn** | |
| Þóra Björg Helgadóttir, Ldb Malmö | 31 árs |
| Guðbjörg Gunnarsdóttir, Djurgården | 27 ára |
| **Varnarmenn** | |
| Katrín Jónsdóttir, Djurgården | 35 ára |
| Rakel Hönnudóttir, Breiðablik | 24 ára |
| Sif Atladóttir, Kristianstads DFF | 27 ára |
| Hallbera Guðný Gísladóttir, Pitea | 26 ára |
| Elísa Viðarsdóttir, ÍBV | 21 árs |
| Anna María Baldursdóttir, Stjarnan | 18 ára |
| Glódís Perla Viggósdóttir, Stjarnan | 17 ára |
| **Miðjumenn** | |
| Edda Garðarsdóttir, KIF Örebro | 33 ára |
| Dóra María Lárusdóttir, Valur | 27 ára |
| Sara Björk Gunnarsdóttir, Ldb Malmö | 22 ára |
| Katrín Ómarsdóttir, Kristianstads DFF | 25 ára |
| Dagný Brynjarsdóttir, Valur | 21 árs |
| Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, Stjarnan | 24 ára |
| Katrín Ásbjörnsdóttir, Þór/KA | 20 ára |
| **Sóknarmenn** | |
| Hólmfríður Magnúsdóttir, Avaldsnes | 28 ára |
| Fanndís Friðriksdóttir, Breiðablik | 22 ára |
| Harpa Þorsteinsdóttir, Stjarnan | 26 ára |
| Sandra María Jessen, Þór | 17 ára |
| Elín Metta Jensen, Valur | 17 ára |
| Guðmunda Brynja Óladóttir, Selfoss | 18 ára |

Maður getur bara ímyndað sér hvernig hún verður ef hún nær sér góðri af þessum meiðslum sem hún vonandi gerir. Hún ætlar að leita sér frekari lækninga og jafnvel fara í aðgerð," sagði Sigurður Ragnar og það er líka mikil óvissa með fyrirliðann.

„Þetta eru gríðarlega mikilvægir leikir fyrir okkur og Katrín er fyrirliðinn okkar. Hún spilar líka stöðu sem við erum ekki með mikla breidd í. Við höldum henni inni og vonum það besta. Katrín tognaði aftan í læri 4. júlí og hún hefur ekki spilað leik síðan. Hún hefur verið að æfa og halda sér í formi og smátt og smátt hefur hún verið að skána," sagði Sigurður Ragnar.

### Ferskir straumar inn í liðið

Sigurður Ragnar kallar nú á fimm mjög unga leikmenn fyrir afar mikilvæga landsleiki.

„Fjórar af þessum leikmönnum fóru mjög langt með 17 ára landsliðinu í Evrópukeppninni eða alla leið í undanúrslitin. Þær eru vanar að ná árangri og eru mjög metnaðarfullar. Þær koma með ferska strauma inn í landsliðið. Ég held að við munum sjá einhverjar þeirra í öðrum eða jafnvel báðum leikjunum. Það er bara að fjölmenna á völlinn og sjá ungu og efnilegu stelpurnar okkar og svo allar hinar sem eru orðnar svo góðar," sagði Sigurður Ragnar að lokum. **ooj@frettabladid.is**

Íslenska karlalandsliðið í fótbolta hefur tapað fyrsta heimaleiknum sínum í sex undankeppnum í röð:

# Hefð sem kominn er tími til að breyta

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í fótbolta spilar sinn fyrsta leik í undankeppni HM 2014 á föstudagskvöldið þegar Norðmenn koma í heimsókn á Laugardalsvöllinn. Þetta er fyrsti alvöru landsleikur liðsins undir stjórn Lars Lagerbäck en mikil batamerki hafa verið á liðinu síðan að Svíinn tók við því.

Nú er að sjá hvort Lagerbäck og strákunum takist að afnema leiðinlega hefð hjá íslenska landsliðinu sem hefur ekki náð í stig í fyrsta heimaleiknum á þessari öld. Í undanförnum sex undankeppnum HM eða EM hefur nefnilega fyrsti heimaleikurinn tapast.

Ísland hóf einnig síðustu undankeppni á heimaleik á móti Norðmönnum og lengi vel leit út fyrir að strákunum væri að takast að breyta hefðinni. Heiðar Helguson kom íslenska liðinu í 1-0 á 38. mínútu og Ísland var með undirtökin í fyrri hálfleiknum. Norðmenn skoruðu hins vegar tvö mörk í seinni hálfleik og hirtu öll stigin. Ísland tapaði reyndar fyrstu þremur heimaleikjum sínum í keppninni og stigin komu ekki í hús fyrr en í 1-0 sigri á Kýpur í lokaheimaleiknum sem er einmitt síðasti alvöruleikur strákanna í Laugardalnum.

Íslenska liðið náði stigum í fyrsta leik í undankeppni EM 2008 (3-0 sigur á Norður-Írlandi) og HM 2010 (2-2 jafntefli við Noreg) en báðir leikirnir voru á útivelli. Nokkrum dögum síðar var komið að fyrsta heimaleiknum en þeir töpuðust báðir fyrir Dönum (0-2, EM 2008) og Skotlandi (1-2, HM 2010).

Það eru nú liðin 14 ár síðan að Íslands fékk eitthvað út úr sínum fyrsta heimaleik í undankeppni eða síðan að liðið gerði 1-1 jafntefli við Frakka undir stjórn Guðjóns Þórðarsonar 5. september 1998.

Væntingar til fyrsta leiks hafa verið mismiklar fyrir undankeppnir landsliðsins á þessari öld en góð spilamennska liðsins í vináttuleikjum undir stjórn Lars Lagerbäck á þessu ári sem og sannfærandi sigur á Færeyjum á dögunum gefa tilefni til bjartsýni um að þessi leiðinlega hefð landsliðsins heyri sögunni til eftir föstudagskvöldið. **- óój**

**Fyrsti heimaleikur Íslands í undankeppnum**

| | |
|---|---|
| **EM 2000** | 1-1 jafntefli við Frakkland |
| **HM 2002** | 1-2 tap fyrir Danmörku |
| **EM 2004** | 0-2 tap fyrir Skotlandi |
| **HM 2006** | 1-3 tap fyrir Búlgaríu |
| **EM 2008** | 0-2 tap fyrir Danmörku |
| **HM 2010** | 1-2 tap fyrir Skotlandi |
| **EM 2012** | 1-2 tap fyrir Noregi |



**LAUGARDALSVÖLLUR 5. SEPTEMBER 1998** Guðjón Þórðarson, landsliðsþjálfari og Eyjólfur Sverrisson, fyrirliði, fagna jafntefli við heimsmeistara Frakka.

*Ástríða fyrir íslenskum fótbolta*

# TIL HAMINGJU ÞÓR/KA

## ÍSLANDSMEISTARAR KVENNA 2012









pepsi
deildin

> Stöð 2 kl. 22.55

**Breaking Bad**

*Þriðja þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem er orðinn stórtækur í eiturlyfjaframleiðslu. Í fyrsta þættinum stendur hann frammi fyrir nýrri ógn og eiginkonan er búin að fá nóg af honum.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÞÓRÐUR SNÆR JÚLÍUSSON HORFIR Á NEWSROOM

# Dramaglassúr og þríhyrningar



Stöð 2 mun brátt taka bandarísku fréttastofudramatíkina The Newsroom til sýningar. Þættirnir fjalla um stjórnanda fréttaskýringarþáttar sem sendur er út alla virka daga. Stjórnandinn, sem leikinn er af Jeff Daniels, hefur í upphafi þáttaraðar misst sjónar á fréttahugsjón sinni. Þess í stað er hann fastur í moði tilgangslausra tíðinda og skoðanaleysis þegar fyrrum ástkona hans, og ofurfréttaframleiðandi, brýst aftur inn í líf hans. Það af er fylgst með framgöngu þeirra við að ýta úr vör því sem þau kalla alvöru fréttir.

The Newsroom á að vera ádeila á kranablaðamennsku, stjórnudýrkun, sérhagsmunagæslu og skoðanaleysi þeirra sem vinna að fréttamiðlun. Í raun er ádeilan þó mest á þær skoðanir sem höfundum þáttanna, sem eru frjálslyndir, líkar ekki við.

Þessum graut er hrært saman við bandarískan sjónvarpsglassúr af slepjulegustu sort, nokkra ástarþríhyrninga og fjölmargar fréttaskírskotanir úr raunveruleikanum. Úr verður ágætis skemmtun, sem verður að taka með miklum fyrirvara, en gæti leitt til þess að ný kynslóð Íslendinga fái áhuga á að vinna við fréttamiðlun og/eða blaðamennsku. Mikil verða vonbrigði hennar þegar hún kemst að því að íslenskir blaða- og fréttamenn þéna sjaldnast milljarða, vinna ekki bara við heimsfréttir og lenda nánast aldrei í ástarþríhyrningum í vinnunni.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónaslóð **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.30** Kvöldsagan: Folda **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Ég hef nú aldrei! **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**14.00 Ólympíumót fatlaðra: Frjálsar íþróttir**
**16.30 Herstöðvarlíf** (12:13)(Army Wives)
**17.13 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.24 Geymslan**
**17.51 Múmínálfarnir**
**18.02 Lóa**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Hvolpalíf** (8:8) (Valpekullet)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Hrefna Sætran grillar** (2:6)
**20.30 Njósnari** (4:6) (Spy) Tim á í forræðisdeilu við fyrrverandi konu sína og segir upp starfi sínu. Hann sækir um vinnu og er óvænt boðið njósnarastarf hjá MI5.
**20.55 Líf vina vorra** (9:10) (Våra vänners liv) Sænskur myndaflokkur um fjóra vini og dramatíkina í einkalífi þeirra.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** (5:18) Morðdeild lögreglunnar í Detroit á í höggi við harðsvíraða glæpamenn. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Berlínarsaga** (3:6) (Die Weissensee Saga) (e)
**23.55 Krabbinn** (3:13) (The Big C) (e)
**00.25 Kastljós** (e)
**00.45 Fréttir**
**00.55 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.30 Far and Away**
**08.45 Who the #$&% is Jackson Pollock**
**10.00 Daddy's Little Girls**
**12.00 Chestnut. Hero of Central Park**
**14.00 Who the #$&% is Jackson Pollock**
**16.00 Daddy's Little Girls**
**18.00 Chestnut: Hero of Central Park**
**20.00 Far and Away**
**22.15 I Love You Phillip Morris**
**00.00 Joe's Palace**
**02.00 A Dog Year.**
**04.00 I Love You Phillip Morris**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.10 Malcolm In The Middle** (7:22)
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (139:175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (19:25)
**11.00 Glee** (19:22)
**11.45 Lie to Me** (12:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Tin Cup** Rómantísk gamanmynd. Kevin Costner leikur uppgjafa golfara sem freistar þess að ná fyrri frægð til að ganga í augun á kærustu helsta keppinautar síns.
**15.15 Smallville** (18:22)
**16.00 Barnatími Stöðvar 2**
**16.45 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (16:22)
**19.45 Modern Family** (17:24)
**20.10 Masterchef USA** (16:20) Áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka Gordon Ramsey og annarra dómara á sitt band.
**20.55 Steindinn okkar** (3:8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri seríu. Hann fær fjölmarga þjóðþekkta Íslendinga til liðs við sig, bæði þá sem eru þekktir fyrir glens og grín og eins einstaklinga sem eru þekktir fyrir allt aðra hluti. Drepfyndnir þættir sem enginn má láta framhjá sér fara.
**21.25 The Closer** (18:21) Sjöunda þáttaröðin um líf og starf morðrannsóknardeildar hjá lögreglunni í Los Angeles. Þar fer Brenda Johnson með völd.
**22.10 Fringe** (12:22)
**22.55 Breaking Bad** (1:13)
**23.40 Harry's Law** (7:12)
**00.25 Rizzoli & Isles** (12:15)
**01.05 Mad Men** (4:13)
**01.50 Treme** (9:10)
**02.50 Tin Cup**
**05.00 Lie to Me** (12:22)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.25 Eimskipsmótaröðin 2012**
**16.55 Pepsi deild kk: Fram - Fylkir**
**18.45 Pepsi mörkin** Mörkin og umdeildu atvikin úr leikjum Pepsi deildar karla í knattspyrnu. Hörður Magnússon stýrir þættinum og honum til halds og trausts eru Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.
**20.00 Unglingamótið í Mosfellsbæ** Sýndar svipmyndir frá Unlingaeinvíginu í Mosfellsbæ þar sem efnilegustu kylfingar landsins tóku þátt.
**21.00 Icelandic Fitness and Health Expó**
**21.35 Enski deildarbikarinn: Liverpool - Cardiff**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Liverpool - Arsenal**
**18.10 WBA - Everton**
**20.00 Premier League World 2012/13**
**20.30 Premier League Review Show 2012/13** Sýndar eru svipmyndir frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football League Show 2012/13** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 Swansea - Sunderland**
**23.45 Southampton - Man. Utd.**

## krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Samsent barnaefni frá Stöð 2.
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Lína langsokkur**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Disney Channel** Útsending frá barnarásinni Disney Channel.
**17.00 M.I. High**
**17.30 iCarly** (16:25)
**17.55 Tricky TV** (16:23)

## POPP TÍVÍ

**17.05 Simpson-fjölskyldan**
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Glee** (16:22) Frábær þáttaröð um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghóp skólans og leggja allt í sölurnar til að gera flottar sýningar.
**19.00 Friends**
**19.25 Simpson-fjölskyldan** (7:22)
**19.50 Suburgatory** (4:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.15 Pretty Little Liars** (4:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.00 Material Girl** (4:6) Dramatískir gamanþættir um ungan fatahönnuð sem dreymir um frægð og frama en það eru margvísleg ljóN í veginum í átt til velgengni.
**21.50 Suburgatory** (4:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**22.15 Pretty Little Liars** (4:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**23.00 Material Girl** (4:6) Dramatískir gamanþættir um ungan fatahönnuð sem dreymir um frægð og frama en það eru margvísleg ljóN í veginum í átt til velgengni.
**23.50 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** (20:175)
**19.00 Ellen**
**19.45 Spurningabomban** (3:10)
**20.30 Steindinn okkar** (5:8)
**20.55 Það var lagið**
**21.50 Friends** (4:24)
**22.15 Ellen**
**23.00 Spurningabomban** (3:10)
**23.45 Steindinn okkar** (5:8)
**00.10 Doctors** (20:175)
**00.45 Friends** (4:24)
**01.10 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 The Biggest Loser** (17:20) (e)
**17.30 Rachael Ray**
**18.15 America's Next Top Model** (2:13) (e)
**19.05 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond** (17:24) (e)
**19.55 Will & Grace** (11:24)
**20.20 Rules of Engagement** (8:15) Jeff fer sínar eigin leiðir í að sanna ást fyrir fyrir Audrey og sendir hana í ratleik sem fer ekki alveg eins og hann ætlaði.
**20.45 30 Rock** (3:22) Tracy er ekki í náðinni hjá Liz eftir að hún kemur einhverju liði til varnar sem Tracy mislíkar.
**21.10 Monroe** (5:6) Taugaskurðlæknirinn stendur frammi fyrir því að þurfa að framkvæma aðgerð á samstarfskonu sinni eftir að hún hrynur óvænt niður.
**22.00 James Bond: Thunderball** Fjórða Bond kvikmyndin sem skartar Sean Connery í hlutverki njósnara hennar hátignar. Tveimur kjarnorkusprengjum er stolið af NATO af samtökums em kalla sig SPECTRE og heimta hundrað milljónir dollara í demöntum.
**00.10 Law & Order. Criminal Intent** (e)
**00.55 Unforgettable** (20:22) (e)
**01.45 Crash & Burn** (6:13) (e)
**02.30 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **06.45** Deutsche Bank Championship - PGA Tour 2012 (4:4) **12.15** Golfing World **13.05** Deutsche Bank Championship - PGA Tour 2012 (4:4) **18.35** Inside the PGA Tour (36:45) **19.00** BMW Championship 2012 (1:4) **22.00** Ryder Cup Official Film 2004 **23.15** BMW Championship 2012 (1:4) **02.15** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


LAZBOY 18 HÆGINDASTILLINGAR


NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR
79.990
FULLT VERÐ: 99.990
LAZBOY
**ASPEN** La-z-boy stóll. Brúnt eða natur áklæði. B:80 D:85 H:100 cm.


NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR
109.990
FULLT VERÐ: 129.990
LAZBOY
**RIALTO** La-z-boy stóll. Brúnt, svart eða natur áklæði. B:80 D:90 H:100 cm.


NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR
119.990
FULLT VERÐ: 139.990
LAZBOY
**ASPEN** La-z-boy stóll. Svart, vínrautt, brúnt eða ljóst leður. B:80 D:85 H:102 cm.


NÚNA 20.000 KR. AFSLÁTTUR
149.990
FULLT VERÐ: 169.990
LAZBOY
**GRAND PINNACLE XL** La-z-boy stóll. Svart eða brúnt leður. B:84 D:107 H:118 cm.

LAZBOY
**Hinn eini sanni!**
LA-Z-BOY er hágæða vörumerki, þar sem þægindi, notagildi og ending fara saman. Upplifðu hvíld á nýjan hátt og færðu þægindi inn á þitt heimili með LA-Z-BOY. LA-Z-BOY er eini stóllinn í heiminum sem hefur 18 mismunandi hægindastillingar. LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og fæst eingöngu í Húsgagnahöllinni.

HÚSGAGNAHÖLLIN

HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 OPIÐ Virka daga 10-18 laugardaga 11-17 sunnudaga lokað.

Skór.is

Frí heimsending um allt land
14 daga endurgreiðslufrestur
Currency ▾ | English

0 Hlutir

Dömuskór | Herraskór | Barnaskór | Vörumerki | Ecco Golfskór | TILBOÐ | Um Okkur




# Stærsta skóverslun landsins

## HEIMA Í STOFU HJÁ ÞÉR

– OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN –



## SKRÁÐU ÞIG Í NETKLÚBBINN

**Sem netklúbbsmeðlimur færð þú:**

- Spennandi tilboð
- Afsláttarkóða
- Boð á forútsölu
- Fréttabréf www.skór.is
- Óvænta afslætti

Þú finnur okkur á: facebook

**Spennandi leikur á Facebook**

Við gefum kr. 80.000 í september*

*Drögum út heppin netklúbbsmeðlim á hverjum föstudegi í september og hlýtur viðkomandi kr. 20.000 inneinga á www.skor.is

## KÍKTU INN Á WWW.SKÓR.IS OG SKRÁÐU ÞIG

*— þetta er eitthvað sem þú vilt ekki missa af!*

Kaupfélagið | skór.is | STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN | ecco

Skór.is
netverslun

DRYKKURINN



*„White Russian með kókómjólk. Þessi drykkur tekur heiminn á annað „level“ og hausinn líka.“*

Rapparinn Emmsjé Gauti.

# Svaf og spilaði Alias með setuliðinu

„Ég er eiginlega með víðáttubrjálæði núna, það eru svo margir staðir til,“ segir Brynja Sóley Plaggenborg, sem hreppti heimsreisu frá ferðaskrifstofunni KILROY með því að leggja á sig fjögurra sólarhringa setu utan við skrifstofuna í síðustu viku. „Ávísunin sem ég fékk er upp á 400 þúsund og ég ætla að fá ferðaskrifstofuna til að hjálpa mér að setja saman ferð,“ bætir hún við.

Brynja Sóley, sem býr í Skaftholti í Gnúpverjahreppi, varð stúdent síðasta vor og er ekki í skóla í vetur enda var á dagskrá hjá henni að ferðast um heiminn á næstunni. Þegar hún sá auglýsinguna frá KILROY um ferðavinninga fékk sú þrá byr undir báða vængi.

„Ég vildi verða fyrst í röðinni, fékk frí í vinnunni, fór með strætó í bæinn og kom mér fyrir utan við KILROY á Skólavörðustígnum. Um sex tímum seinna komu tveir strákar, þeir biðu líka allan tímann því fleiri vinningar voru í boði. Strákarnir voru fínn félagsskapur. Við spiluðum mikið, bæði á 52 spil og líka Alias, sem þeir voru með.“

Brynja Sóley segir móður sína hafa sinnt sér virkilega vel meðan á setunni stóð. Hún hafi komið með mat, kraftgalla og vindsæng meðal annars.

„Sunneva systir mín var líka mjög dugleg að færa mér eitthvað. Henni fannst alveg gaman að hanga þarna,“ segir Brynja, sem nýtti sér snyrtingu ferðaskristofunnar á daginn, sofnaði seint og vaknaði snemma þessa fjóra sólarhringa. **-gun**




**ÁNÆGÐ** Brynja Sóley að biðinni löngu lokinni. MYND/KOLBRÚN KARLSDÓTTIR

# London næst á dagskrá

„Ég verð með tónleika á þekktum klúbbi sem heitir Voyage voyage. Þar eru haldin reglulega klúbbakvöld þar sem kynntir eru skandinavískir listamenn sem þeim þykir hvað mest spennandi þá stundina,“ segir íslenska poppstjarnan Daníel Óliver, sem er búsettur í Svíþjóð en heldur tónleika í London nú 27. september.

Daníel Óliver gefur út nýtt lag, DJ Blow My Speaker, í lok mánaðarins. Brot úr því hefur verið sett á internetið og hafa bloggarar um gjörvalla Evrópu gefið því jákvæða dóma. Hann fer einnig í viðtal á bresku tónlistastöðvarnar Chart Show TV og Dance Nation TV og fetar þar með í fótspor listamanna á borð við Lady Gaga, Jennifer Lopez og hljómsveitina One Direction.



**JÁKVÆÐIR DÓMAR** Nýtt lag Daníels Ólivers hefur verið að fá góða dóma í bloggheimum.

„Lagið hefur verið að fá mjög góða umfjöllun í Bretlandi og þegar þeir fréttu að ég væri að koma og halda tónleika vildu þeir endilega fá mig í viðtal,“ segir Daníel spenntur. **- trs**









Hjartalæknir Helgi Júlíus sendir frá sér nýja plötu eftir áramótin og verður sú plata blúsuð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HELGI JÚLÍUS ÓSKARSSON:** VIÐ KOMUM EIGINLEGA EKKI FLEIRUM AÐ

# Tónelskir læknar stíga á svið í nýrri tónleikaröð

„Við köllum þessa uppákomu Tónelskir læknar taka lagið,“ segir hjartalæknirinn Helgi Júlíus Óskarsson.

Vaskur hópur lækna tekur sér frí frá krefjandi læknastörfum sínum og stígur á svið á Café Rosenberg á mánudagskvöld kl. 20.30. Þar verða haldnir fyrstu ókeypis tónleikarnir í nýrri tónleikaröð sem vonast er til að verði haldin nokkrum sinnum á ári, einungis með læknum í fararbroddi.

„Við komum eiginlega ekki fleirum að. Það voru menn sem komust ekki að núna sem geta fyllt annað kvöld,“ segir Helgi Júlíus. Hann er einn þeirra sem stíga á svið og syngja frumsamin lög. Sjö önnur atriði eru á efnisskránni. Oktettinn Einn tvöfaldur, sem er átta manna karlakór, mætir á svæðið, Gleðisveit Guðlaugar spilar djasskennda læknatónlist, doktor Haukur Heiðar Hauksson úr Diktu spilar eigin lög og læknirinn Jón Steinar Jónsson kemur með tríóið sitt Triceps, sem er einnig skipað Helga Júlíusi og Þórði Þorkelssyni. Sá síðastnefndi hefur jafnframt upp raust sína einn á sviðinu, rétt eins og hjartalæknirinn Ragnar Danielsen. Hann var í Frummönnum með þeim Valgeiri Guðjónssyni og Jakobi Frímanni en sú sveit breytti síðar um nafn og varð að Stuðmönnum. Loks mætir barnalæknirinn Michael Clausen til leiks með hljómsveit með í för. Ef svo óheppilega vill til að einhver tónleikagesta fái aðsvif eða annað slíkt á tónleikunum er ljóst að hann gæti ekki valið betri stað til þess.

Helgi Júlíus gaf á síðasta ári út reggíplötuna Kominn heim og hafa tvö lög af henni með söngvaranum Valdimar Guðmundssyni náð miklum vinsældum, sérstaklega Stöndum saman. Hann er með nýja plötu tilbúna sem kemur út eftir áramót. Lögin verða í blússtíl og margir frægir söngvarar verða í gestahlutverkum, sem Helgi vill ekki nefna á nafn að svo stöddu. **freyr@frettabladid.is**

## ENGAR SKÝRINGAR Á ÁHUGANUM

Fréttablaðið hefur í gegnum tíðina sagt margar fréttir af tónelskum læknum sem gefa út plötur. Aðspurður segist Helgi Júlíus ekki kunna neinar skýringar á þessum mikla tónlistaráhuga lækna. „Það er svolítið algengt að læknar hafi mjög gaman af tónlist. Það er fullt af læknum sem lifa og hrærast í tónlist þótt þeir spili ekki sjálfir.“



Helgi Júlíus Óskarsson, **Haukur Heiðar Hauksson, Jón Steinar Jónsson** og **Michael Clausen** spila á læknatónleikunum á mánudaginn.

AUGNABLIKSFANGARAR FRÁ Canon




## Canon EOS 1100D

- 12 megapixla APS-C CMOS myndflaga.
- 2,7" skjár og leiðbeiningar um eiginleika á skjá.
- Sjálfvirkar stillingar með Scene modes.
- HD EOS Movie og Quick Control Screen.
- ISO 100-6400.
- 9 punkta hraðvirkt fókuskerfi.

**Verð frá 89.900 kr.**
með 18–55 mm linsu.

**Taktu skrefið til fulls inn í heim DSLR ljósmyndunar.**

## Canon EOS 600D

- 18 megapixla APS-C CMOS myndflaga.
- DIGIC 4 örgjörvi dregur úr suði (noise).
- ISO 100-6400 næmni. Útvíkkanlegt í ISO 12800.
- Full HD (1080p) EOS Movie.
- Tengi fyrir hljóðnema.
- 3,0" 3:2 LCD skjár. 1.040.000 upplausn.

**Verð frá 139.900 kr.**

**Fangaðu söguna með kyrr- og hreyfimyndum.**

## Canon EOS 650D

- 18 megapixla APS-C CMOS myndflaga.
- Full HD upptaka með sjálfvirkum fókus.
- Tekur 5 ramma á sek.
- Hreyfanlegur 3,0" LCD skjár.
- ISO 100-6400 næmni.
- Útvíkkanlegt í ISO 25.600.
- Innbyggður Speedlite Transmitter.

**Verð frá 179.900 kr.**
með 18–55 mm linsu.

**Nýjasti valkosturinn í EOS. Meiri gæði og fleiri eiginleikar.**

Brandenburg

# Taktu þátt í EOS ævintýri Canon.

Nýherji Sími 569 7700 Borgartúni 37 - Reykjavík Kaupangi - Akureyri netverslun.is

NÝHERJI

**Viðurkenndir Canon söluaðilar um land allt**
**Reykjavík** Verslun Nýherja, Borgartúni 37 - ELKO Lindum, Skeifunni & Granda - Beco, Langholtsvegi 84 - Myndval, Smáratorgi - Fotoval, Skipholti 50b - Reykjavík Foto, Laugavegi 51 / **Akureyri** Pedromyndir - Byko - Verslun Nýherja / **Húsavík** Bókaverslun Þórarins / **Ísafjörður** Penninn / **Sauðárkrókur** Tengill / **Hvammstangi** Ráðbarður / **Grundarfjörður** Hrannarbúðin / **Ólafsvík** Söluskálinn / **Stykkishólmur** Skipavík / **Borgarnes** Framköllunarþjónustan - Omnis / **Akranes** Omnis / **Reykjanesbær** Omnis / **Selfoss** TRS / **Höfn í Hornafirði** Martölvan / **Neskaupstaður** Tónspil / **Egilsstaðir** Myndsmiðjan / **Vopnafjörður** Kauptún / **Vestmannaeyjar** Geisli - Tölvun / **Netverslun Nýherja**, **www.netverslun.is** / **ELKO Flugstöð Leifs Eiríkssonar**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á rauða dreglinum

Förðunarfræðingurinn **Ísak Freyr Helgason** sá um förðun bresku fyrirsætunnar Suki Waterhouse þegar hún sótti GQ Men of The Year Awards. Verðlaunahátíðin fór fram í óperuhúsinu í London á þriðjudag og var Waterhouse á meðal þeirra er létu mynda sig á rauða dreglinum fyrir framan húsið. Ísak Freyr var að vonum ánægður með vinnu sína og tjáði sig um það á Facebook-síðu sinni. Ísak Freyr vakti fyrst athygli þegar hann kom fram sem hægri hönd Kalla Berndsen í sjónvarpsþáttunum Nýtt útlit sem sýndir voru á Skjá einum. Hann hefur getið sér gott orð sem förðunarfræðingur síðustu ár og í lok ársins 2010 hélt hann utan til að reyna fyrir sér í tískubransanum í New York.



### Biggi í héraðsdómi

Rokksveitin Maus hefur ekki verið starfandi í átta ár. Þrátt fyrir það er hún síður en svo gleymd, eins og sannaðist í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem réttað var í meiðyrðamáli Gunnlaugs Sigmundssonar gegn bloggaranum Teiti Atlasyni. Erla Skúladóttir, lögmaður Gunnlaugs, gerði sitt besta til að útskýra fyrir Teiti að hann skyldi, sem fær samfélagsrýnir, ekki trúa öllu sem fram kæmi í fjölmiðlum. Og til að færa honum heim sanninn um það greip hún til víðfrægs textabrots – og raunar lagatitils – eftir **Birgi Örn Steinarsson** í Maus: Allt sem þú lest er lygi. Nú þarf að bíða í fjórar vikur til að sjá hvort tilvitnunin hafi hrifið dómarann nægilega.



**- sm, - sh**

### Mest lesið vísir

1. Mikil umræða um "Bermúda þríhyrning" í Englandi
2. Gunnlaugur: Málið farið mjög illa í sum börn mín
3. Ekkert sem bendir til árásar á barn
4. Bjargað eftir fjóra tíma í miðri jökulá





